



26 KONUR HAFNA GEGNT RÁÐHERRAEMBÆTTI Á ÍSLANDI ▶28

# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**  
20. júní 2015  
143. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt prentunarsömmun Laugavegurinn 2014



## FYRIRMYNDIR MEGA LÍKA VERA ÓPEKKAR

**Geena Davis** hefur undanfarinn áratug barist fyrir eflingu kvenpersóna í kvikmyndum. Hún er stödd á Íslandi til að breiða út boðskapinn og ætlar að kynna sér #freethenipple í leiðinni. ▶ 26



**GREYPT Í MINNIÐ** Kristján Kormákur Guðjónsson glímdi við eftirköst heimilisofbeldis sem hann varð vitni að í æsku. ▶ 22



**MOZA AL-MALKI** lýsir vanmáttugri kvenréttindabaráttu ▶ 10



**FKA TWIGS** SPILAR Á SECRET SOLSTICE ▶ 48

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

REIKNADU  
DÆMIÐ  
á 365.is

365.is | Sími 1817 **365**

**100w sólarsella og  
hleðslustýring  
49.900 krónur**

GOP Takmarkað magn

Upplýsingar í síma 787 2211  
eða [www.gadget.is](http://www.gadget.is)

LAUGARDAGSOPNUN  
**Í SUMAR!**  
OPIÐ FRÁ 12-18

góði hirðirinn

## VEÐUR



Í dag verður hæg austlæg eða breytileg átt á landinu. Einhver rigning sunnanlands. Líklega þokuloft með norðurströndinni. Annars staðar þurr og þar sem sólin skín verður hitinn 15 til 18 stig.

**SJÁ SÍÐU 72**

## GLEÐIFRÉTTIN

### Slá í gegn úti

Ný plata íslensku hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, Beneath the Skin, fór beint í þriðja sæti bandaríska Billboard-listans. Fyrri plata sveitarinnar, My Head Is an Animal, fór hæst í sjötta sæti listans. Platan hefur slegið í gegn vestanhafs og hefur sveitin komið fram í fjölda sjónvarpsþátta.



## FIMM Í FRÉTTUM MÓTMÆLI OG MAKRÍLVEIÐAR



**Ingi Ólafsson**, skóla-meistari Verzlunarskóla Íslands, kvartaði yfir einkunnaverðbólgu í grunn-skólum. Hann segir einkunnir hafa farið stíghækkandi síðan samræmd próf í 10. bekk voru lögð af.



**Örn Pálsson**, framkvæmdastjóri Landsambands smábátaeigenda, sagði Sigurð Inga Jóhannsson sjávarútvegsráðherra ekki vilja smábáta á makrílveiðum.



**Daði Hreinsson**, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra, sagði Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra ekki svara beiðnum félagsmanna um meira fjármagn í túlkasjóð.



**Ármann Kr. Ólafsson**, bæjarstjóri Kópavogs, sagði stefnt að því að leysa skuldavanda hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í vikunni.

→ **Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir**, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, var afar ósátt við að mótmælt væri á Austurvelli þann 17. júní. Hún sagðist vona að mótmælendur gætu „rifið hausinn út úr rassgatinu á sér“.



**HNULLUNGUR** Þorsteinn Tryggvi Másson við eitt bjargið sem hrundi úr Ingólfsfjalli á fimmtudag. MYND/BJÖRGUNARFÉLAG ÁRBORGAR

## Grjót hrundi úr Ingólfsfjalli: Björgunarsveitin var kvödd til

**ALMANNAVARNIR** Talsvert grjót hrundi úr hlíðum Ingólfsfjalls við Alviðru skammt frá Tannastöðum á fimmtudag. Að beiðni lögreglu fóru félagar úr Björgunarfélagi Árborgar að Alviðru til þess að kanna aðstæður. Um tíu manns gengu úr skugga um að ekki hefðu orðið slys á fólki.

Á vef björgunarfélagsins er bent á að steinarnir sem hrundu úr fjallinu séu stórir og fólk bedið að fara varlega við göngu þar og vera vakandi fyrir hruni. -óka

## Samkeppnin um leigulækna: Brot að bjóða fríar ferðir

**SVÍPJÓÐ** Aukin eftirspurn eftir læknum og hjúkrunarfræðingum í Svíþjóð hefur haft í för með sér aukio svindl. Samkeppnin milli mönnunarfyrirtækja er gríðarleg og mörg þeirra bjóða læknum frítt húsnæði og fríar ferðir en slíkt er brot á skattareglum, að því er Dagens Nyheter greinir frá.

Útgjöld yfirvalda vegna leigu á starfsmönnum hafa aukist um 70 prósent frá árinu 2010 en fyrir 3 árum fullyrta yfirvöld að kostnaður vegna leigustarfsmanna myndi minnka um helming. - ibs



**REYKJAVÍKURMARAPON** UNICEF hefur starfað á vettvangi í Nepal í meira en 50 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Hlaupið til góðs í Reykjavík: Áheiti renna til barna í Nepal

**SAMFÉLAG** Áheiti til UNICEF á Íslandi í Reykjavíkumaraþoninu í ár munu renna til barna í neyð í Nepal. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

UNICEF hefur staðið fyrir neyðarsöfnun síðan jarðskjálftinn mikli reið yfir í Nepal lok apríl. Neyðin á skjálftasvæðinu er gríðarleg og mikið uppbyggingarstarf fram undan. Kent Page, starfsmaður UNICEF sem fór samstundis til Nepals eftir skjálftann, segir samtökin hafa unnið nótt sem dag við að veita nauðsynlega hjálp. „Ég vil þakka fólki á Íslandi fyrir stuðninginn við UNICEF,“ segir Kent. -ngy



**STÍFT DRUKKIÐ** Eyðsla meðalferðamannsins frá Kanada, Noregi og Danmörku á skemmtistöðum og börum samanlögð dugur ekki til að jafna eyðslu meðalrússans. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rússar eyða mestu í bjór og vín á barnum

Ferðamenn notuðu greiðslukort sín um helmingi meira í maí en á sama tíma í fyrra. Ferðaþjónustan innanlands blómstrar. Svisslendingar eyða mestu en Pólverjar minnstu. Rússar eyða mestu á barnum en Danir eyða mestu í skyndibita.

**VIÐSKIPTI** Rússneskir ferðamenn hérlandis straujuðu greiðslukort sín fyrir að meðaltali þrefalt meira fé á skemmtistöðum og börum en næsteyðslufrekasta þjóðin í þeim efnum, Kanadamenn. Frá þessu er greint í skýrslu Rannsóknaseturs verslunarinnar. Meðalrússinn kaupir drykki á skemmtistöðum og börum fyrir um níu þúsund krónur meðan á dvöl hans stendur. Meðalkinverjinn eyddi hins vegar minnstu á barnum, einungis 76 krónum.

Rússar tróna einnig á toppnum þegar litið er til meðaleyðslu í mat og drykk. Meðalrússinn eyðir um þrjátíu þúsund krónum í veitingaþjónustu hérlandis og er eyðsla á börum og skemmtistöðum meðtalin. Á hæla Rússa í veitingaeyðslu koma Norðmenn, Svisslendingar, Danir og Bandaríkjamenn. Þrátt fyrir umfangsmestu skyndibitameningu í heimi eru það

ekki Bandaríkjamenn sem kaupa skyndibita fyrir mestan pening hérlandis heldur Danir. Þeir eyða um fimm þúsund krónum að meðaltali í skyndibita.

Þegar til heildarútgjalda ferðamanna er litið greiddur erlendir ferðamenn 46,8 prósent meira með kortum sínum í maí í ár en árið á undan. Heildarútgjöld ferðamanna af greiðslukortum voru því 13,1 milljarður króna.

Mestu var eytt í ferðaþjónustu innanlands eða samtals 3,1 milljarði króna. Á eftir komu gistiþjónusta, 2,6 milljarðar króna, verslun, 1,6 milljarðar króna og veitingar, 1,5 milljarðar króna.

Miðað við sama mánuð í fyrra tvöfaldaðist eyðsla ferðamanna í ferðaþjónustu innanlands. Eyðsla dróst ekki saman í neinum útgjalda-lið.

Meðalferðamaðurinn eyðir um

144 þúsund krónum hérlandis en það er átta prósentum meira en í sama mánuði í fyrra.

Svisslendingar eru sú þjóð sem eyðir langmestu að meðaltali, eða 263 þúsund krónum. Rússar koma næstir og eyða 201 þúsund krónum og síðan Bandaríkjamenn sem eyða 190 þúsund krónum.

Sparsamastir eru hins vegar Pólverjar en meðalþjóðverjinn eyðir einungis 38 þúsund krónum meðan á dvöl hans stendur. Kínverjar eru svo næstsparsamastir og eyða 64 þúsund krónum en Japanar 68 þúsund krónum.

Tölur um meðaleyðslu ferðamanna eftir þjóðerni gætu þó verið skakkar að einhverju leyti segir í skýrslunni. Skekkjan orsakast meðal annars af lengd dvalar og hvort greitt hafi verið fyrir ferðina fyrir komu hingað til lands.

thorgnir@frettabladid.is

# Alicante

Síðustu sætin í júní og júlí!


Tilboðsverð frá **19.950 kr.**

Flugsæti aðra leiðina. Hótel og íbúðir í Benidorm, Albir eða Calpe. Nánar á [vita.is](http://vita.is)

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is  
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

VITA er lífið

## ÞJÓÐERNI PEIRRA SEM VÖRÐU HÆSTU UPPHÆÐUM TIL VEITINGAÞJÓNUSTU Á HVERN FERÐAMANN Í MAÍ 2015



blómaval

HÚSASMÍÐJAN  
HLUTI AF BYGMA

# SUMMAR TAX FREE

af sláttuvélum og  
garðhúsgögnum

**TVÖFALT TAX FREE**  
af sumarblómum



**Tax free jafngildir 19,35% afslætti. Tvöfalt Tax free jafngildir 38.7% afslætti**

Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Gildir 16.-21. júní meðan birgðir endast.

\*Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

15.06.2015 → 21.06.2015

**26** PINGMENN




fengu Píratar ef gengið væri til kosninga núna samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

**9,28**



er meðaleinkunn innritaðra nýnema í Verzlunarskóla Íslands.

**100** ÁR



eru liðin frá því konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis.

**118** Landspítalans starfsmenn



hafa sagt upp. Af þeim er 91 hjúkrunarfræðingur, auk 21 geislafræðings og 6 líffræðingur.

**3.500** MILLJARDAR



var heildarvelta íslenskra fyrirtækja í fyrra.

**24** utanlandsferðir



hefur Ragnheiður Elín Árnadóttir farið í síðan hún tók við starfi iðnaðarráðherra. Ferðirnar hafa samanlagt staðið yfir í 84 daga.



Í VINNSLU Fundu makríl eftir stutta leit. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fékk strax 200 tonn:

## Fann makríl eftir stutta leit

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við erum búnir að fá ágætt og erum í vinnslu. Þetta er eins og alltaf – þarf bara aðeins að leita að honum,“ segir Guðmundur Huginn Guðmundsson, skipstjóri á Hugin VE 55, sem fór til leitar að makríl að morgni fimmtudags.

Guðmundur segir að makrillinn sé dreifður djúpt suður af Vestmannaeyjum og reyntist upp í flóttroll. Hann segir að miðað við árstíma líti makrillinn ágætlega út.

„Við erum búnir að taka hérna þrjú stutt holl og erum búnir að fá um 200 tonn,“ segir Guðmundur. Fleiri skip eru á leið á miðin. -shá

Páfinn biðlar til eignafólks:

## Eigingirninni um að kenna

**VATÍKANIÐ** Frans Páfi hefur kennt eigingirni mannkyns um hrakandi ástand jarðarinnar.

Þetta kom fram í grein frá páfanum á vefsvæði Vatíkansins í gær. Í greininni hvetur hann efnadri hluta jarðarbúa til að bregðast við með því að breyta lífsstíl sínum til að koma í veg fyrir eyðileggingu vistkerfis jarðar. -srs

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var birt mynd af Karen E. Halldórsdóttur, fulltrúa Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Kópavogs, við hlið tilvitnunar Theodóru S. Þorsteinsdóttur, oddvita Bjartrar framtíðar í bænum. Beðist er velvirðingar á mistökunum.



**KVENRÉTTINDI** Stúlnakórar og kvennakórar söngu á milli ræðuhalda á Austurvelli í gær. Athöfnin var öll hin hátíðlegasta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þúsundir kvenna fögnuðu

Frelsið, jafnréttið og lýðræðið er ekki sjálfgefið. Það var inntakið í ræðu frá Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, á hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna. Gríðarlegur fjöldi var samankominn í miðbænum.

**HÁTÍÐAHÖLD** Öllu var til tjaldað á Austurvelli í gær þegar hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna var fagnað.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, hélt ræðu af svölum Alþingishússins. Hún fór stuttlega yfir sögu kvenna við stjórn landsins og hvað áunnist hefur í jafnréttisbaráttunni.

Þá sagði hún að enn væri langt í land til að fullkomnu jafnrétti væri náð. Samskipti kynjanna væru oft lituð af andlegu og líkamlegu ofbeldi og ofsóknir á netinu væru orðnar daglegt brauð. „Og við sem höfum stert okkur af því að vera friðsöm þjóð,“ klykkti Vigdís svo út með.

Mörg þúsund manns, þá aðal-

lega konur, voru samankomin til að hlýða á dagskrána á Austurvelli og sjá afhjúpun á stytta af Ingibjörgu H. Bjarnason sem reist hefur verið fyrir utan skála Alþingis.

Þó nokkur fjöldi var jafnframt kominn á Austurvöll til að mótmæla launamun kynjanna og ofbeldi gegn konum. Hópurinn var merktur gulu og appelsínugulu til aðgreiningar.

Þau sem merkt voru appelsínugulu vildu með litnum vekja athygli á því að þau hefðu orðið fyrir kynferðisofbeldi. Mótmælin koma í kjölfarið á Beauty Tips-byltingunni svokölluðu, þar sem margar konur stigu fram og lýstu ofbeldi sem þær hefðu orðið fyrir. Mótmælin voru þögl.

snaeros@frettabladid.is

Nokkuð var um að uppsagnir bærust Landspítalanum í gær:

## Yfir 155 hafa sagt upp hjá LSH

**KJARAMÁL** Nokkuð var um að hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn Landspítalans, sem voru í verkfalli fram að lagasetningu ríkisins um síðustu helgi, segðu starfi sínu lausu í gær. Í gær var því fagnað að 100 ár eru síðan konur fengu hér kosningarétt og vildu einhverjir vekja athygli á launamun kynjanna og nýta daginn til að segja upp.

Uppsögnum hafði um hálftrú í gær fjölgað um þriðjung á tveimur dögum – farið úr 118 í 155 á spítalanum, að sögn Sigríðar Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar. Af þeim sem sagt hafa upp eru 125 hjúkrunarfræðingar. Þá segir Sigríður líklegt að talan sé heldur hærri, því ekki hafi náðst utan um



**SIGRÍÐUR GUNNARSÓTTIR**

allar uppsagnir dagsins vegna frís sem gefið var í tilefni af kvenréttindadeginum í gær. Endanleg tala verði ljós eftir helgi. „En við erum mjög áhyggjufull yfir þessu,“ segir Sigríður. „Við vonum bara að menn nýti tímann vel til 1. júlí og nái sátt. Það er engin lausn í því að hafa þetta svona.“

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir félagið ekki hafa yfirsýn yfir uppsagnir, þær ákveði hver og einn fyrir sig. Stjórn félagsins

### → Ríkinu stefnt í gær

Mál BHM á hendur ríkinu vegna laga á verkfall félagsins fær flýti-meðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Málið var dómtekið í gær. Að mati BHM felur setning laganna í sér ólögmeitt inngrip í starfsemi félagsins. Þá séu lögin reist á ómálefnalegum sjónarmiðum.

Ákvað hins vegar í gær að höfða mál á hendur ríkinu vegna laganna sem sett voru á verkfall félagsins. Nokkra daga taki að undirbúa stefnuna. Til að lausn finnst til frambúðar segir Ólafur ríkið verða að gera hjúkrunarfræðingum tilboð sem þeir telji ásættanlegt. „Við höfum þegar slegið af okkar kröfum.“ - óka

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

**SÉRTILBOÐ**

Frá kr. **73.900** m/morgunmat



**Albir** 28. júní í 7 nætur

**HotelSun Palace Albir**

Netverð á mann frá kr. 73.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.  
Netverð á mann frá kr. 93.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
www.heimsferdir.is

**Heimsferðir**

FORSÝNING

# Golf GTE. Jafnvígur á rafmagn og bensín.

**VOLKSWAGEN DAGURINN  
Í DAG FRÁ 12 TIL 16!**



**Volkswagen dagurinn er í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16.** Rjúkandi kaffi frá Te og Kaffi, blöðrur og djús fyrir krakkana og nýr veltibíll á staðnum. Í tilefni dagsins forsýnum við **Volkswagen Golf GTE**, fyrsta tengiltvinnbíl Volkswagen sem gengur bæði fyrir rafmagn og bensíni. Raforkan dugar allt að 50 kílómetra og sparneytin bensínvélin kemur sterk inn í lengri ferðum. Hann er umhverfisvænn með frábæra akstursegginleika og fer úr núlli í 100 km/klst. á aðeins 7,6 sekúndum. Álíka löngum tíma og tekur að falla fyrir honum. Hlökkum til að sjá þig!



**Das Auto.**

29. júní í 10 nætur

SÉRTILBOÐ  
& 21  
FYRIR

Bókaðu sól á

## Bodrum &amp; Marmaris

Heimsferðir bjóða Íslendingum í sólarferðir til Bodrum og Marmaris í Tyrklandi, sem eru meðal eftirsóttustu áfangastaða Tyrklands. Tyrkland er stórbrotið land þar sem austrið mætir vestrinu og heimsálfurnar Evrópa og Asía mætast, enda er hjartsláttur austursins alltaf nálægur. Hér er verðlag hagstætt, fallegar smábátahafnir með iðandi mannlífi, brosandí fólk, fjörukt næturlíf, og heillandi markaðir.

## BODRUM – Eken Resort

Frábært verð  
Frá kr. 119.900  
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.

Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



## BODRUM – Bitez Garden

Frábært verð  
Frá kr. 121.900  
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 121.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.

Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



## MARMARIS – AliBey Boutique

Frábært verð  
Frá kr. 69.900  
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.

Netverð á mann frá kr. 86.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



## MARMARIS – Club Aida Marmaris

Frábært verð  
Frá kr. 76.900  
án fæðis

Netverð á mann frá kr. 76.900 m.v. 4 í íbúð.

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 í íbúð.




Birt með lýnara um þrenullur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síku. Ath. að verð getur breyst án lýnara.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
Akureyri • Sími 461 1099  
www.heimsferdir.is

**Heimsferðir**



HÁSKÓLATORG Atvinnuönguleikar háskólanema eru sagðir vera á uppleið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Metur möguleika metárganga mikla

Katrín Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, segir atvinnuhorfur nýútskrifaðra háskólanema fara batnandi. Metfjöldi útskrifast úr Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík í dag auk þess sem stór hópur mun útskrifast úr Listaháskóla Íslands.

**MENNTAMÁL** Tæplega 2.800 manns munu útskrifast úr Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands í dag. Í Laugardalshöllinni mun Háskóli Íslands brautskrá 2.098 nemendur og í Hörpu mun Háskólinn í Reykjavík útskrifa 553 nemendur. Í báðum tilfellum er um metfjölda að ræða.

Katrín Óladóttir, framkvæmdastjóri ráðninga- og ráðgjafarfirmar tækisins Hagvangs, segir að atvinnuhorfur ungs fólks séu að batna. „Okkur finnst þetta hafa verið að breytast á þessu ári í jákvæða átt. Það er að aukast eftirspurn eftir fólki almennt,“ segir Katrín.

Úr viðskiptadeildum HÍ og HR munu útskrifast 362 manns í dag. Atvinnuleysi meðal viðskiptafræðimenntaðra hefur verið á hraðri niðurleið. Í maí 2011 voru 315 manns með viðskiptafræðimenntun atvinnulausir en 184 í maí síðastliðnum.

Atvinnulausum með lögfræðimenntun hefur aftur á móti fjölgað að undanförunu. Í maí árið 2011 voru 58 með lögfræðimenntun atvinnulausir en 95 í maí síðastliðnum.

Katrín segist engu að síður finna fyrir því að atvinnuhorfur þessara stétta séu að batna. „Það var meira framboð í þessum tveimur deildum heldur en vinnumarkaðurinn var í þörf fyrir,“ segir Katrín.

Á síðustu árum hafi vinnumarkaðurinn helst kallað eftir fólki með menntun á sviði upplýsinga- og tölvutækni en það sé að breytast. „Það er byrjað að spyrja aftur um viðskiptafræðinga sem voru svo margir að það var í raun ekki þörf á að bæta fleiri viðskiptafræðingum við í fyrirtækin,“ segir hún.

Katrín telur að möguleikar fólks með afar fjölbreytta menntun séu að batna. „Við erum að sjá þessa fjölbreytni í eftirspurninni. Við höfum t.d. ekki heyrt í nokkur ár



„Það er byrjað að spyrja aftur um viðskiptafræðinga sem voru svo margir að það var í raun ekki þörf á að bæta fleiri viðskiptafræðingum við.“

Katrín Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs

að einhver fyrirtæki væru að huga að vörubrúun í miklum mæli. Nú finnst okkur fyrirtækin vera farin að leita aftur að fólki sem er skapandi, hefur unnið við slíka hluti og sér sjálft sig koma inn með nýjar hugmyndir fyrir fyrirtækin og þá sér maður að það er einhver bati í gangi,“ segir Katrín að lokum.

ingvar@frettabladid.is

Enn þokast í átt að samkomulagi í kjaradeilu SA og iðnaðarmanna:

## Færa taxta að greiddum launum

**KJARAMÁL** Samninganefndir iðnaðarmanna og Samtaka atvinnulífsins (SA) vinna að því hörðum höndum að afstýra verkfalli stéttarféлага iðnaðarmanna sem að óbreyttu hefist á miðnætti að kvöldi mánudagsins næsta.

„Menn eru enn að ræðast við og það er jákvætt,“ segir Guðmundur Ragnarsson, formaður VM – félags vélstjóra og málmáttækimanna. Stór hluti af viðræðum síðustu daga segir hann að hafi farið í að samræma ýmis sérákvæði á milli stéttarféлага, en sex félög, VM, Rafiðnaðarsambandið og Matvís, auk Samiðnar, Grafíu og Félags hársnyrtisveina eiga í viðræðum við SA.



GEORG PÁLL SKÚLASON

Líkur eru á að samningur iðnaðarmanna verði í takt við þann útgjaldaramma sem settur var í samningum SA við félög verslunarfólks, en niðurstaða kosningar um þá samninga á að liggja fyrir eftir hádegi á mánudag. Guðmundur segir þó ýmislegt hafa áunnist, svo sem við að færa launataxta að greiddum launum.

Eins segir Georg Páll Skúlason, formaður Grafíu, stefnt að því að ljúka samningum fyrir mánudagskvöld. Viðræður hafi gengið ágætlega. „Við erum



Í KARPHÚSINU Kristján Þórður Snæbjarnarson frá RSÍ, Guðmundur Ragnarsson frá VM og Niels S. Olgeirsson frá Matvís.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

frekar bjartsýnir. En svo eru samningaumleitnir kannski á viðkvæmstu stigum þegar menn eru komnir nálægt því að ná lendingu. Menn þurfa jú að þúsla saman öllu sem búið er að vera að ræða.“ - óka

WWW.NISSAN.IS



Innovation  
that excites

# NÝR NISSAN X-TRAIL

## STÓRI BRÓÐIR NISSAN QASHQAI

EIGUM BÍLA TIL  
AFHENDINGAR STRAX



### TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

### NISSAN HEFUR TEKID FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot - því viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnst af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16**

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, SJSK., DÍSIL**  
Framhjóladrifinn

**Verð: 5.490.000 kr.**

Eyðsla 5,1 l / 100 km\*

**ACENTA** 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls simabúnaður Bluetooth  
**Nissan Connect kerfi:** Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

### NISSAN X-TRAIL

**ACENTA, BSK., DÍSIL**  
Fjór hjóladrifinn

**Verð: 5.890.000 kr.**

Eyðsla 5,3 l / 100 km\*

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# Kjósum um kjarasamning VR

Kynntu þér nýjan kjarasamning VR og greiddu þitt atkvæði rafrænt á Mínum síðum á vr.is.

Kosningu lýkur mánudaginn 22. júní kl. 12 á hádegi.

Þitt atkvæði skiptir máli.



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing  
Réttlæti

VR



**VISTUÐ UTAN HEIMILIS** Börnin hafa verið vistuð utan heimilis frá því í apríl og verða það í allavega fjóra mánuði í viðbót á meðan rannsókn málsins stendur.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Grunuð um að beita börn sín ofbeldi

Fimm barna móðir er grunuð um ofbeldi gagnvart börnum sínum. Barnaverndarnefnd hefur haft afskipti af fjölskyldunni í tíu ár. Barnavernd segist ekki hafa brugðist börnunum en þau eru fyrst nú vistuð utan heimilis.

**DÓMSMÁL** Á fimmtudag sneri Hæstiréttur Íslands við úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem því var hafnað að þrjú börn yrðu vistuð utan heimilis móður þeirra í sex mánuði.

Móðirin er grunuð um að hafa beitt börnin ofbeldi en þau eru á aldrinum eins til sjö ára en alls á hún fimm börn, þau eldri eru 11 og 12 ára. Þar kemur einnig fram að það sé mat starfsmanna nefndarinnar að ekki leiki vafi á því að móðir hafi beitt öll fimm börnin grófu andlegu og líkamlegu ofbeldi. Þau hafi búið við óviðunandi aðstæður í hennar umsjá alla tíð og telja þau að jafnvel sé um lífshættulegt ofbeldi að ræða samkvæmt úrskurðinum. Afleiðingar ofbeldisins á börnin eru meðal annars taldar vera að eitt barnið hafi sýnt mjög ofbeldisfulla hegðun í skóla, það hafi ráðist á aðstoðarskólalæra og veitt honum áverka þar sem þurfti að sauma fimm spor í höfuð hans auk þess að hafa ráðist á kennara.

Það vekur athygli að úrskurðinum kemur fram að afskipti hafi verið af fjölskyldunni frá árinu 2005 en ekki hafi verið farið fram á að börnin verði vistuð utan heimilis fyrr en nú.

Halldóra Dröfn Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, segir að yfirleitt sé allt reynt áður en til þess úrræðis sé gripið að vista börn utan heimilis.

Í úrskurði málsins kemur fram að ýmislegt hafi verið reynt til þess að hjálpa fjölskyldunni og að gerðar hafi verið átta meðferðaráætlanir sem ekki hafi borið árangur. „Lögin gera ráð fyrir því og barnasáttmálinn

“Lögin gera ráð fyrir því og barnasáttmálinn líka að það sé töluvert mikið lagt á sig til þess að halda fjölskyldum saman.

Halldóra Dröfn Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

líka að það sé töluvert mikið lagt á sig til þess að halda fjölskyldum saman. Síðan er alltaf spurning hvenær er komið að þessum mörkum, hvenær þykir fólkí nóg komið,“ segir Halldóra.

Ef foreldri neitar að leyfa vistun barns utan heimilis þá er úrskurði Barnaverndar áfrýjað til héraðsdóms líkt og í þessu tilfelli. Barnaverndarnefnd áfrýjaði svo dómi héraðsdóms til Hæstaréttar sem sneri dómnum við. „Það var svona prinsippmál að fá þá leiðbeiningar Hæstaréttar um það hvenær er nóg komið í lífi barna,“ segir hún um ákvörðun nefndarinnar um að áfrýja dómnum.

Aðspurð hvort hún telji Barnavernd hafa brugðist börnunum í þessu máli með því að láta ekki vista þau utan heimilis fyrr segir Halldóra það hafa verið metið svo að þetta úrræði hefði verið tímaþætt á þessu stigi málsins þar sem allt annað hafi verið fullreynt. „Það hefur verið umræða um hvar mörkin eru, hvað máttu leyfa þér gagnvart barninu, hvernig beitirðu aga og allt það. En ofbeldi getur aldrei verið viðurkennt sem agatæki gagnvart barni.“

viktoria@frettabladid.is

Gríptu afsláttarkortið næst þegar þú kaupir daglinsur í **Augastað**



Sílikonlinsur hleypa 6x meira af súrefni að auganu en venjulegar linsur. Þær eru því þægilegri og betri fyrir heilsu augans.

MJÓDDIN  
Sími 587 2123

FJÖRDUR  
Sími 555 4789

SELFOSS  
Sími 482 3949

**augastaður**  
Glæraugnaverstunin þín

### Eitt barnið lýsir miklu ofbeldi móður

Samkvæmt úrskurði héraðsdóms í málinu lýsti eitt barnið, sem er ellefu ára gamalt, miklu ofbeldi sem móðir þeirra á að hafa beitt systkinin. Fyrsta tilkynning til Barnaverndar barst árið 2005 en síðan hafa um 70 tilkynningar borist og ítrekað verið höfð afskipti af heimilinu.

Konan neitar að hafa beitt börnin ofbeldi en segir að barnsfaðir hennar hafi beitt hana ofbeldi og börnin orðið vitni að því. Hann hafi ofsótt hana um árabíl og meðal annars ráðist að henni með hníf í apríl síðastliðnum en hún hafi þá lagt fram beiðni um nálgunarbann. Telur hún að rekja megi flestar tilkynningar til Barnaverndarnefndar til hans.



# nettó

Kræsingar & kostakjör



LAMBALÆRI  
FROSID  
**1.098**  
KR/KG



KJÚKLINGABRINGUR  
Í APPELSÍNUMARINERINU  
**-21%** **1.883**  
ÁÐUR 2.384 KR/KG



GRÍSAKÓTILETTUR  
HERRAGARÐS  
**-40%** **1.199**  
ÁÐUR 1.998 KR/KG



LAMBALÆRISNEIÐAR  
1.FLOKKUR, ARGENTÍNU  
**-32%** **1.971**  
ÁÐUR 2.898 KR/KG



KINDAFILE  
GRILLKRYDDAÐ  
**2.792**  
ÁÐUR 3.989 KR/KG

coop



COOP KARTÖFLUSTRÁ  
900 GR.  
**-39%** **298**  
ÁÐUR 489 KR/PK



XTRA FLÖGUR  
3 TEGUNDIR  
**299**  
ÁÐUR 369 KR/STK



AVOCADO  
FERSKT  
**-50%** **299**  
ÁÐUR 598 KR/KG

## DRÍFÐU ÞIG AF STAÐ með Nettó & Kristal !

Safnaðu miðum af fimm 2L flöskum af Kristal, sendu á Ölgerðina og þú gætir unnið Fitbit heilsuúr.

Dregið verður út **10. júlí.**

Þú færð þáttökumslag í verslun.



## Allt fyrir heilsudrykkinn!



BLÁBER/JARÐARB.  
GR. TASTE, FROSIN, 225 GR  
**247**  
ÁÐUR 309 KR/STK

SW CLASSIC PROTEIN  
VANILLU, 500GR  
**-30%** **2.799**  
ÁÐUR 3.999 KR/STK

ALPRO MÖNDLUMJÓLK  
SYKURLAUS, 1L  
**198**  
ÁÐUR 298 KR/STK

**Tilboðin gilda 18. júní – 21. júní 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



www.hyundai.is

5 ára ábyrgð  
Ótakmarkaður akstur

Opið í dag kl. 12-16



# Hyundai Santa Fe

Hyundai Santa Fe er einn glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. 2,2 lítra, 197 hestafla disilvélin í Santa Fe sjálfskiptum notar einungis 6,7 l/100 km í blönduðum akstri. Staðalbúnaður í Santa Fe er glæsilegur, fullkomið fjórhjóladrif með læsingu á miðdrifi, spólvörn, HAC brekkuhjálpi, LED kastarar í framstuðara og handfrjáls símabúnaður auk AUX og USB tengimöguleika við hljómtæki.

Við bjóðum þér að reynsluaka nújum Hyundai Santa Fe og upplifa af eigin raun af hverju Hyundai bílar koma alltaf framúrskarandi vel út í gæðakönnunum.

Hyundai Santa Fe, dísil sjálfskiptur – verð frá 6.990.000 kr.

GE Bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilaka.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
490 9090



**HYUNDAI**

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200


## ÚRSLIT ÞINGKOSNINGARNA Í DANMÖRKU 18. JÚNÍ

■ Kosningar 2011    ♀ Þingmenn

### BLÁA BLOKKIN



2015 52,3% ♀ 90 | 2011 49,7% ♀ 86




→ Hægri flokkarnir verða með nauman meirihluta á nýja þinginu, en sá meirihluti er klofinn því Dansk þjóðarflokkurinn á litla samleið með hinum.

### RAUÐA BLOKKIN



2015 47,7% ♀ 85 | 2011 50,2% ♀ 89



→ Vinstri flokkarnir töpuðu þingmeirihluta sínum en hafa þó í heild fleiri þingmenn en hægri flokkarnir þrír, án Dansk þjóðarflokksins.

## DÖNSKU FLOKKARNIR OG LEIÐTOGAR PEIRRA

### DANSKI ÞJÓÐARFLOKKURINN

**Kristian Thulesen Dahl**

Danskir þjóðernissinnar stofnuðu þennan flokk fyrir 20 árum og hafa aldrei haft meira fylgi en nú.

### SÓSIÁLDEMÓKRATAR

**Helle Thorning-Schmidt**

Sagði af sér í gær, bæði sem forsætisráðherra og flokksleiðtogi, eftir eitt kjörtímabil í forystu ríkisstjórnar.

### VENSTRE

**Lars Løkke Rasmussen**

Forystuflokkur stjórnarandstöðunnar á síðasta kjörtímabili tapaði verulegu fylgi en fær líklega stjórnarmyndunarumboð.

### EININGARLISTINN

**Johanne Schmidt-Nielsen**

(pólítískur talsmaður) Vinstri-grænn flokkur sem studdi við minnihlutastjórn Thorning-Schmidt.

### FRJÁLSLYNDA BANDALAGIÐ

**Anders Samuelsen**

Nýfrjálslyngjuflokkur, stofnaður árið 2007 og jók við sig fylgi í kosningunum nú.

### ALTERNATÍVET

**Uffe Elbæk**

Splunkunýr flokkur með áherslu á umhverfismál, efnahagsmál og betri stjórnmálamenningu.

### ÍHALDSFLOKKURINN

**Søren Pape Poulsen**

Var einn stærsti flokkur Danmerkur fyrir nokkrum áratugum, meðan Poul Schlüter var í forystu hans.

### RÓTTÆKI VINSTRIFLOKKURINN

**Morten Østergaard**

Flokkurinn var í minnihlutastjórn með Sósiáldemókrötum og galt afhröð í kosningunum.

## → Fulltrúar Færeyja og Grænlands

FÆREYJAR

**Jafnaðarflokkurinn** ♀ 1

Sjúður Skaale ♀ 1

**Þjóðveldi** ♀ 1

Hogni Hoydal ♀ 1

GRÆNLAND

**IA** ♀ 1

Aaja Chemnitz Larsen ♀ 1

**Siumut** ♀ 1

Aleqa Hammond ♀ 1

Peir eru allir fulltrúar vinstri flokka, sem styðja rauða blokkina, þannig að meirihluti hægri flokkanna minnkar niður í einn þingmann.

# Løkke tregur til að fagna sigrinum

Stórsigur Dansk þjóðarflokksins gerir Lars Løkke Rasmussen, leiðtoga hægri-flokksins Venstre, erfitt fyrir við myndun starfhæfrar ríkisstjórnar. Mette Frederiksen tekur líklega við formennsku Sósiáldemókrata af Helle Thorning-Schmidt.

**DANMÖRK** Úrslit þingkosninganna í Danmörku á fimmtudag setja marga flokka í undarlega stöðu. Stærsti sigurvegarinn fær varla að vera með í ríkisstjórn. Annar helsti sigurvegarinn neyddist til að segja af sér en stjórnarmyndunarumboðið kemur í hlut flokks, sem beið í raun afhröð.

Lars Løkke Rasmussen, leiðtogi hægri-flokksins Venstre, var tregur til að hrósa sigri þegar rætt var við leiðtoga flokkanna í sjónvarpi kosningaróttina. Hann sagðist alls ekki viss um að geta myndað starfhæfa ríkisstjórn, þrátt fyrir að bláa blokkin svonefnda hafi fengið meirihluta og lykarnir að stjórnarráðinu því í sjónmáli.

„Stjórnarmál snúast ekki um embætti,“ sagði Løkke. „við eigum ekki að fá lykllana bara lykllana vegna. Það á að nota þá til einhvers.“

Kristian Thulesen Dahl, leiðtogi Dansk þjóðarflokksins, brosti hins vegar breitt enda varð flokkur hans næststærsti flokkurinn á þingi. Þessi umdeildi flokkur hægriþjóðernissinna nærri tvöfaldaði fylgi sitt og er nú stærri en Venstre, flokkurinn sem situr uppi með stjórnarmyndunarumboðið.

Thulesen Dahl segist ætla að nota styrk flokksins til að hafa áhrif á þingi, jafnvel þótt aðrir flokkar hafi ekki áhuga á að fá hann í stjórn með sér.

Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra sagði hiklaust af sér sem leiðtogi Sósiáldemókrata um leið og úrslitin lágu fyrir, enda þótt flokkur hennar bætti í raun við sig fylgi. Það dugði ekki til, því samtals misstu vinstriflokkarnir þingmeirihlutann.

Þar munaði reyndar litlu, því blá blokk hægri-flokksins fékk 52,3 prósent atkvæða á móti 47,7 prósentum rauðu blokkarinnar. Þegar svo þingmenn Færeyja og Grænlands bætast við, þá minnkar þingmeirihluti bláu blokkarinnar niður í einn þingmann, því færeysku og grænlandsku þingmennirnir eru allir vinstra megin.

„Við sigruðum í kosningabaráttunni, en við unnum ekki í kosningunum,“ sagði Thorning-Schmidt þegar úrslitin lágu fyrir.



**EINS KONAR SIGURVEGARI** Enda þótt Kristian Thulesen Dahl, leiðtogi þjóðernissinna, sé nokkuð ótvíræður sigurvegari kosninganna virðast litlar líkur á að flokkur hans taki þátt í stjórnarsamstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**HELLE THORNING-SCHMIDT OG LARS LØKKE RASMUSSEN** Thorning-Schmidt tapaði þrátt fyrir að Sósiáldemókrataflokkur hennar bætti við sig fylgi, en Løkke Rasmussen sigraði þrátt fyrir að Venstre missti þrettán þingmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fastlega er reiknað með því að Mette Frederiksen, dómsmálaráðherra í stjórn Thorning-Schmidt, taki við af henni sem leiðtogi. Thorning-Schmidt hefur lýst yfir stuðningi við hana og sagði Danmörku þurfa á því að halda að kona verði aftur forsætisráðherra.

Það er hins vegar Løkke sem nú þarf að finna samstarfsaðila í ríkisstjórn, og þá kemur vart annað til greina en að fá stuðning við minnihlutastjórn, annaðhvort frá hinum illræmda Þjóðarflokki eða frá einhverjum flokkanna á vinstri vængnum. Jafnvel Sósiáldemókrataflokknum.

gudsteinn@frettabladid.is

Fáðu þér alvöru ferskt loft!

Apótekarinn er með lausnir fyrir þig ef þú þarft hjálp við að hætta að reykja.

15%

afsláttur af Nicorette QuickMist til 12. júlí.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn<sup>+</sup>  
- lægra verð

Spotify + Síminn

NÚ STREYMIR ÞÚ TÓNLISTINNI FYRIR 0 KR. MEÐ SPOTIFY PREMIUM Á FARSÍMANETI SÍMANS

HLAUPATÚRINN HEFUR ALDREI HLJÓMAÐ EINS VEL!

Siminn.is/spotify

# ALLIR ÚT AÐ GRILLA!

Doritos og kippa af Pepsi fylgir með öllum seldum grillum.\*

25-30% afsláttur af gasgrillum í dag

\*á meðan birgðir endast.



CHAR-BROIL GASGRILL 2 brennarar

**49.900 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.  
Léttgreiðslur 8.316 kr. í 6 mánuði



CHAR-BROIL GASGRILL 3 brennarar

**82.493 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.  
Léttgreiðslur 13.749 kr. í 6 mánuði



CHAR-BROIL GASGRILL 4 brennarar

**104.993 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 139.990 KR.  
Léttgreiðslur 17.499 kr. í 6 mánuði



CHAR-BROIL TITAN GASGRILL 3 brennarar

**124.425 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 169.900 KR.  
Léttgreiðslur 20.737 kr. í 6 mánuði



CAMPINGAZ CAST IRON GASGRILL 3 brennarar

**62.239 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 88.990 KR.  
Léttgreiðslur 10.382 kr. í 6 mánuði



BARBECOOK GRILL SIESTA 210 2 brennarar

**45.439 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 64.990 KR.  
Léttgreiðslur 7.582 kr. í 6 mánuði



BARBECOOK SIESTA 310 CREAM GASGRILL 3 brennarar

**69.993 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 99.990 KR.  
Léttgreiðslur 11.665 kr. í 6 mánuði



BARBECOOK SMOKER XL

**37.493 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.  
Léttgreiðslur 6.249 kr. í 6 mánuði

## LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

### REYKJAVÍK

Fiskislóð 1  
Sími 580 8500

### AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3  
Sími 460 3630

### OPNUNARTÍMI

Mán.-fös. 10-18  
Lau. 10-16

**BMW EfficientDynamics**  
Less emissions. More driving pleasure.



# OPNUNARSÝNING

**BMW OPNAR NÝJAN SÝNINGARSAL AÐ S**

Á sýningunni verða frumsýndir nýr BMW 1 Series 118d og nýr BMW 4 Series 420d Gran Coupe xDrive. Stórglæsilegu fjórhjóladrifnu X gerðirnar BMW X4 20d xDrive, BMW X5 30d xDrive og BMW X6 M50d xDrive verða sýndar auk flaggskipsins BMW 7 Series 730d xDrive.

Verið velkomin í BMW heimsókn í dag.  
Léttar veitingar í boði.

BMW

[www.bmw.is](http://www.bmw.is)



Hrein  
akstursánægja



# 1. DAG BMW Í DAG.

## SÆVARHÖFÐA 2.

OPÍÐ Í DAG FRÁ 12-16

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



ENNEEM / SIA / INVESSIO






LEYNIGARÐUR ER LITABÓK FYRIR FULLORÐNA SEM HEFUR SIGRAÐ HEIMINN!

# HÚN ER KOMIN!



Yfir  
1.500.000  
eintök seld!



Komin út í  
3/8 löndum!

  
BJARTUR

# HELGIN

**Sunna Valgerðardóttir, sérfræðingur í samskiptamálum hjá OR Gaular og grillar**

Ég ætla að skella mér í Flatey með Kvinnakórnum Hrynjanda og gaula þar og grilla. Mér skilst að Flatey sé fögur, sem ég efa ekki, og verður sennilega ekki verri við að syngja Brennið þið vitar inn í sólarlagið. Vonandi verður það sómasamlegur hljómur svo krúrnar refsir okkur ekki.



**Máni Pétursson fjölmiðlamaður Greiðir úr vandræðum Frosta**

Ég ætla að fara að sjá krúttið hann Gauta og Úlf Úlf á Secret Solstice. Annars hjálpa ég Frosta að greiða úr vandræðunum sem hann fékk í hausinn á síðasta húsfélagsfundum.



**Rakei Garðarsdóttir, framkvæmdastýra Vesturports Fagnar sólstöðum**

Ég var dugleg að fagna kvennadeginum í gær og fór á tónleika í Hörpu. En í dag og á morgun ætla ég að njóta sumarsins á Íslandi – þótt það sé ekki heitt þá er það ferskt. Svo fagna ég sólstöðum hjá Dögg Hjaltalín.



**Snorri Ásmundsson myndlistarmaður Annar eftirspurn**

Ég ætla að mála og mála eins og mér einum er lagið því ég þarf að vera duglegur til að anna eftirspurn. Svo ætla ég að hitta vini og fjölskyldu mér og þeim til skemmtunar en ekki segja Söru Björns frá því.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU ...



**ALPJÓÐLEGAN JÓGADAG** í Hörpu á sunnudaginn.



**WU TANG CLAN** rappsveitina sem fram kemur á Secret Solstice.

## RÉTTURINN TIL LETINNAR PAUL LAFARGUE



**RÉTTINN TIL LETINNAR** eftir Paul Lafargue í íslenskrum þýðingu Guðmundar J. Guðmundssonar.



**NÝJASTA TÓNLISTAR-MYNDABAND** Úlfs Úlfs, Brennum allt, í leikstjórn Magnúsar Leifssonar.

# Stelpur rokka! í Hörpu

Ókeypis lagasmíðavinnusmiðja í Hörpu í tilefni 100 ára kosningaafmælis kvenna fyrir stelpur á aldrinum 13-16 ára. Transkrakkar eru hjartanlega velkomnir að sögn aðstandenda vinnusmiðjunnar.

**Ólöf Skaftadóttir**  
olof@frettabladid.is



Við erum að halda svona námskeið í fyrsta sinn í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna,“ segir Sunna Ingólfsdóttir, ein kvenna úr skipulagsteymi Stelpur rokka!, en þær bjóða 13 til 16 ára stelpum í ókeypis lagasmíðavinnusmiðju í Hörpu á sunnudag í samstarfi við KÍTÓN, félag kvenna í tónlist.

Þær Sunna, Auður Viðarsdóttir og Hildur Vala Einarsdóttir sjá um kennslu.

Vinnusmiðjan er ólík öðrum smíðjum Stelpur rokka! að því leyttinu til að um er að ræða einn dag, þar sem átta stelpur koma fyrir hádegi og átta eftir hádegi.

Félagasamtökin Stelpur rokka! fagna sínu fjórða starfsári í ár og hafa áður haft rokkbúðir yfir sumartímann og veturinn.

„Stelpunum er skipt upp í hópa og við búum til lag með takti, hljóðfærum, búum til texta og syngjum. Svo tökum við lagið upp. Þælingin er að þær læri að taka upp lag og geti svo endurtekið leikinn heima hjá sér. Þetta er öðruvísi en rokkbúðirnar, þar sem lokatakmarkið er tónleikar. Þetta er upptökukennsla og lagið endar á netinu nánast um leið og námskeiðinu lýkur.“

Námskeiðið er haldið í sal á áttundu hæð Hörpu á sunnudag.

„Það er ótrúlegt útsýni þaðan og þetta er frábær staður til þess að læra að taka upp. Við erum gríðarlega spenntar fyrir þessu,“ útskýrir Sunna.

„Það eru enn þá laus pláss og við tökum við bókunum á kiton@kiton.is. Það eru allar stelpur velkomnar á þessu aldursbili, það er gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða og transkrakkar eru hjartanlega velkomnir. Við prófum alls konar græjur, hljóðgervla, forrit og öpp og lærum um fjölbreyttar tónlistarkonur í leiðinni.“



STELPUM FINNST GAMAN AÐ ROKKA Úr rokkbúðum síðasta sumar.

ABSEND MYND/SUNNA INGÓLFSDÓTTIR

# Dillonskaka með dásamlegri karamellusósu

Döðlukaka sem er frábær í helgarkaffið. Einnig er mjög gott er að bera fram ís eða rjóma með kökunni.

5 msk. sykurlati  
120 g smjör, við stofuhita  
2 Brúnegg  
100 g Kornax-hveiti  
210 g döðlur  
1 tsk. matarsóði  
½ tsk. kanill  
½ tsk. salt  
½ vanilluextrakt, eða dropar  
1 ½ tsk. lyftiduft

Byrjið á því að stilla ofninn á 180°C. Setjið döðlurnar í pott og látið vatn fljóta yfir. Hitið döðlurnar og vatnið í potti, takið pottinn af hitanum þegar vatnið er byrjað að sjóða og

látið standa í 3-4 mínútur. Blandið matarsóða saman við döðlumaukið og hrærið vel saman. Leggið blönduna til hliðar.

Hrærið saman sykurlati og smjör þar til létt og ljóst. Bætið eggjum saman við, einu í einu. Sigið þurrfinn saman og bætið út í deigið ásamt vanillu. Blandið döðlumaukinu smám saman út í deigið og blandið varlega saman með sleif. Smyrjið hringlaga bökkunarform, gott er að setja bökkunarpappír í botn formsins, það auðveldar að ná kökunni úr forminu. Hellið deiginu í formið og bakið í 30-40 mínútur eða þar til miðjan er alveg bökuð.

## Heit karamellusósa

120 g smjör  
1 ½ dl rjómi  
120 g púðursykurlati

Hitið öll hráefnin í potti þar til karamellan fer að sjóða, hrærið reglulega í pottinum eða þar til þið hafið náð ágættri þykkt á karamelluna og hellið yfir kökuna áður en hún er borin fram. Gott er að bera aukakaramellusósu fram í sósuskál með kökunni.

Uppskrift fengin af Evalaufeykjaran.com



GÓMSÆT Dillonskaka Að hætti Evu Laufeyjar Kjara.

## Jafnlaunavottun VR

Arion banki hlaut nýverið Jafnlaunavottun VR. Við erum stolt af því að vera stærsta og fjölmennasta fyrirtækið og jafnframt fyrsti bankinn sem fengið hefur slíka vottun.

Undanfarið ár hefur farið fram öflugt starf við að ná þessu markmiði. Jafnlaunavottun VR felur í sér ítarlega úttekt á launum starfsfólks og þeim þáttum sem hafa áhrif á kjör. Við höfum innleitt gæðakerfi sem á að tryggja að starfsfólki, sem vinnur sambærileg störf, sé ekki mismunað í launum.

Um leið og við fögnum því að Jafnlaunavottunin er í höfn heitum við því að leggja hart að okkur að viðhalda þessum árangri og gera enn betur, starfsfólki, viðskiptavinum og samfélaginu öllu til hagsbóta.



**ADELANTO** hornsófi með tungu



Slitsterkt antracite áklæði.  
Stærð: 355 x 234/167 H:80 cm.

*Sumar*  
**ÚTSALA**  
199.995  
FULLT VERÐ: 399.990  
KRÓNUR

**IBIZA** borðstofuborð  
Ø 110 cm



*Sumar*  
**ÚTSALA**  
37.493  
FULLT VERÐ: 49.990  
KRÓNUR

**DEVON** svefnsofi



Slitsterkt áklæði, rósótt  
og dökk grátt.  
Stærð: 150 x 88 H: 83 cm.

**ANDREW**  
borðstofustólar  
hvítir, svartir og brúnir



*Sumar*  
**ÚTSALA**  
13.993  
FULLT VERÐ: 19.990  
KRÓNUR

**DALLAS**  
barstóll



*Sumar*  
**ÚTSALA**  
14.394  
FULLT VERÐ: 23.990  
KRÓNUR

Hvít og  
brúnt  
bonded-  
leður



**CORPUS**  
borðstofustóll

*Sumar*  
**ÚTSALA**  
11.996  
FULLT VERÐ: 29.990  
KRÓNUR



**L A Z B O Y**

*Sumar*  
**ÚTSALA**  
69.990  
FULLT VERÐ: 109.990  
KRÓNUR



**ASPEN** La-z-boy stóll. Slitsterkt dökkgrátt, brúnt  
og natur áklæði. Stærð: B:80 D:80 H:102 cm.

**KENYA**  
hægindastóll

*Sumar*  
**ÚTSALA**  
39.990  
FULLT VERÐ: 49.990  
KRÓNUR



Slitsterkt áklæði, margir litir.

**MARCUS** borðstofustóll

*Sumar*  
**ÚTSALA**  
5.590  
FULLT VERÐ: 7.990  
KRÓNUR

Margir litir.



**CARINA** borðstofuborð

Hvitt.  
Stærð  
170/270  
Br. 100 cm

*Sumar*  
**ÚTSALA**  
99.990  
FULLT VERÐ: 129.990  
KRÓNUR



LÝKUR Á SUNNUGAÐ

Sumar

ÚTSALA

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR

VIDIVI skálasett  
70% AFSLÁTTUR



Hjartaskálar tvær í setti.

ÖLL GUL SMÁVARA  
MIKIÐ ÚRVAL



HÚSGAGNAHÖLLIN



☝ Þótt samband hennar og fóstara míns væri rosalega eldfimt þá var það líka oft fallett. Þau voru ekki alltaf að öskra á hvort annað.

SÁ HLUTI SEM EKKERT BARN Á AÐ SJÁ Amma Kristjóns sótti hann að lokum og hann flutti til Bolungarvíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Ég hætti að vera góður

**Kristjón Kormákur Guðjónsson** var fimm ára gamall þegar hann fann fyrst til hræðslu og bjargarleysis vegna heimilisofbeldis. Hann var um ellefu ára gamall þegar sjúkrabíll sótti móður hans á heimili þeirra blóðuga eftir árás fóstara hans. Samt höfðu þau það stundum öll svo gott. Svo gerði hann uppreisn. Hætti að vera góður. Sextán ára gamall flutti hann að heiman og sautján ára var hann kominn á götuna.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**  
kristjanabjorg@frettabladid.is



Þegar móðir Kristjóns og fóstari rifust og slógust faldi hann sig. „Við bjuggum á Suðurgötu í rauðu húsi. Við bjuggum þar uppi á efstu hæð í risinu, ég, mamma og fóstari minn.

Ég var fimm ára. Þau rifust. Þau rifust oft, tókust stundum á en ekki endilega. Það voru ekki alltaf líkameleg átök, oftar rifrildi sem stigmagnaðist og hræddi mig. Ég fann að ég gat ekki stjórnað aðstæðum. Ég vissi ekki hvað myndi gerast næst og beið eftir því að allt dytti í dúnalogn.“

Hann man ekki glögg eftir aðstæðum. Man skýrar eftir tilfin-

ingunni um bjargarleysi og því að stundum var allt gott.

„Ég reyndi að koma mér í skjól inni í herbergi. Ég er reyndar svo lítill þarna að ég man ekki allt. Móðir mín var í miklu rugli á þessum tíma og átti við geðsjúkdóm að stríða líka. Þótt samband hennar og fóstara míns væri rosalega eldfimt þá var það líka oft fallett. Þau voru ekki alltaf að öskra á hvort annað. Það komu alveg tímar þar sem við vorum að gera eitthvað skemmtilegt saman og hann oft góður við mig. Þetta voru bara tveir veikir einstaklingar í sambúð. Þá báðir veikir alkóhólistar og mamma með geðsjúkdóm.“

## Tekinn frá móður sinni

Kristjón átti ekki eftir að eiga heima í rauða húsinu mikið lengur. Hann var tekinn frá móður sinni vegna þess að hún var ekki fær um að sjá um hann vegna veikinda sinna.

Ég sá hluti sem ekkert barn á að verða vitni að. Og einn daginn leiddi amma Jóhanna mig burt frá stóra rauða húsinu í Suðurgötu og kom mér í skjól hjá afa og ömmu í Bolungarvík. Það tók mömmu mörg ár að fyrirgefa ömmu.

Kristjón flutti til föðurföreltra sinna sem bjuggu vestur í Bolungarvík.

„Þá breyttist aðeins þetta munstur. Ég bjó hjá ömmu og afa en fór til mömmu á jólum, páskum og eyddi með henni broti úr sumri. Afi og amma höfðu átt fjórtán börn, ég varð fordekrað örverpi þeirra. Fékk kakó í rúmið og það var lesið fyrir mig þangað til ég leið út af. Amma mín var einstaklega góð kona sem aldrei sagði styggðarorð um aðra. Henni er best lýst með hennar eigin orðum en hún sagðist aldrei hafa meitt lifandi veru, nema eitt sinn flugu og það hafi verið óvart. Að lenda í höndunum á henni var mín gæfa.

Móðir hans og fóstari fluttu úr

rauða húsinu og bjuggu sér heimili í húsi einstæðra foreldra í Skerjafirði. Kristjón hélt áfram að heimsækja þau. Það gekk ekki alltaf vel. Þegar hann var um ellefu ára varð hann fyrir djúpstæðu áfalli í einni heimsókn sinni.

## Greypt í minnið

„Deim lenti saman og fóru að rífast. Mamma læsti hann úti og hann bankar og vill komast inn. Ég er verulega hræddur og veit að þetta endar illa. Hún hleypir honum ekki inn en þá sparkar hann upp hurðinni og slær hana svo henni blæðir. Skurður hafði opnast í andliti hennar og blóðið fossaði úr honum. Það kom sjúkrabíll og náði í hana og lögreglan kom á vettvang. Þessi atburður er sem greyptur í minnið. Hvert einasta atvik og tilfinning sem honum fylgdi.“

Kristjón hefur lítið sem ekkert rætt þessa atburði úr æsku sinni. „Ég skrifaði pistil um þennan atburð fyrir nokkru síðan en þetta er í fyrsta sinn sem ég í raun ræði þessa hluti. Ég hef ekki farið og rætt þetta hjá neinum sálfræðingi. Ég er mjög privat maður.“

Faðir hans festi ráð sitt og vildi búa Kristjóni gott heimili. Hann fluttist til hans og fannst það erfitt.

„Ég gerði uppreisn. Ég hafði haft það svo gott hjá ömmu og afa en nú þurfti ég að rífa mig upp og fara eftir reglum, svona eins og að raða skónum mínum og ganga frá eftir mig. Ég fékk auðvitað ekki lengur kakó í rúmið,“ segir hann og brosir við.

Kristjón stóð sig afskaplega vel þótt það væri farið að örla á óróleika með ákefðinni sem fylgdi honum. Hann var efnilegur íþróttamaður og fyrirmyndarunglingur þegar skyndilega hallaði undan fæti.

„Ég flippaði út þegar ég var unglingur. Ég byrjaði að drekka um fimmtán ára og var kominn í dóp sextán ára og flutti eiginlega að

heiman. Ég var svo kominn á götuna sautján ára. Ég hugsaði ekki um neitt nema næsta skammt. Ég bjó hér og þar, í yfirgefnum húsum og dögprejum.

Ég var rosalega efnilegur íþróttamaður, ég stofnaði körfuboltalið Hveragerðis ásamt vinum mínum og var næstum því kominn í unglingslandsliðið í fótbolta. En um leið og ég byrjaði að dýpa og drekka gerði ég það jafn vel og allt annað. Af jafn miklum ákafa.

## Allt snerist um næsta skammt

Þetta gerðist rosalega hratt. Ég fór frá því að vera fyrirmyndarunglingur í að vera unglingsurinn sem enginn vill hafa á heimilinu.

Faðir minn og fóstara mín vissu ekki hvað átti að gera við mig og ég álasa þeim ekki fyrir það. Þetta var svo mikil breyting sem varð á mér. Ég var eins og andsetinn. Ég fór frá því að vera unglingsurinn sem vildi ekki koma heim. Allt snerist um næsta skammt og þá skipti ekki máli hvort ég rændi þau eða einhvern annan.“

Þetta tímabil í lífi Kristjóns varði frá sextán ára aldri til tvítugs. Þá var honum borgið en hann veltir því samt fyrir sér hvort þetta hefði endilega þurft að verða hlutskipti hans. Hann hefur ekki mikið velt því fyrir sér, er bara feginn að hann er á lífi.

„Ég var búinn að reyna nokkrum sinnum að hætta, búinn að fara í nokkrar meðferðir. Ég var oft nálægt því að deyja, velti bílum og búinn að koma mér í aðstæður þar sem ég gat kvatt og sagt bless. Ég held að ég hafi hreinlega verið búinn að klára þetta um tvítugt. Það var bara komið gott.“

Kristjón hélt áfram að lifa lífinu af ákafa og var orðinn fjögurra barna faðir tuttugu og fjögurra ára gamall. En konunni sinni kynntist hann um tvítugt. Hann ▶



1299 kr. kg

Verð áður 1499 kr. kg  
Lambalæri, ókryddað

13% afsláttur

## Marinering

Þú getur valið kryddað, ókryddað eða með kolagrillkryddi, New York, pipar eða hvítlauks & rósmarín marineringu



15% afsláttur

# Útsala á lambakjöti



1399 kr. kg

Verð áður 1658 kr. kg  
Lambalæri, marineruð, 5 tegundir



## Marinering

Þú getur valið ókryddað eða með hvítlauks & rósmarín marineringu

31% afsláttur

2499 kr. kg

Verð áður 3629 kr. kg  
Lamba prime



## Marinering

Þú getur valið með New York, kolagrills eða hvítlauks og rósmarín marineringu

15% afsláttur

3899 kr. kg

Verð áður 4666 kr. kg  
Lambafille með fiturönd, kryddað eða ókryddað



179 kr. kg

iceberg jöklasalat



249 kr. kg

Rauð vatnsmelóna

18% afsláttur

4 í pk.

449 kr. pk.

Verð áður 547 kr. pk.  
Epli Pink Lady, 4 stk., 800 g

## HÆGT AÐ TAKAST Á VIÐ REYNSLUNA

Íslensk rannsókn frá 2011 meðal 14-15 ára unglinga, alls 3.500 talsins, leiddi í ljós að 7% þeirra sögðust hafa orðið vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu. Í sömu rannsókn sem unnin var af Geir Gunnlaugssyni, Álfgeiri Kristjánssyni, Jónínu Einarsdóttur og Ingu Dóru Sigfúsdóttur kom fram að börn sem

lifa við heimilisofbeldi þróa oft með sér tilfinningalega, félagslega og andlega erfiðleika. Sum verða þunglynd og önnur lenda í hegðunarvandamálum. Rannsóknir sýna að sum börn sem upplifa heimilisofbeldi geta tekist á við erfiðleikana sem slíkrri reynslu fylgja án þess að bíða af því varanlegan skaða. Þótt rannsóknin nái einungis til tveggja árganga gefur hún mikilvægar upplýsingar um tíðni heimilisofbeldis og áhrif.

## STYÐJA BETUR VIÐ BÖRN OG EFLA AÐGERÐIR GEGN OFBELDI



**Eygló Harðardóttir** félags- og húsnæðismálaráðherra

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, skipaði stýrihóp í júnímánuði sem á að tryggja víðtækt samstarf þriggja ráðuneyta um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Markmiðið er að auka fræðslu og forvarnarstarf, bæta samvinnu og verklag og styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála.

Efnt verður til samráðs á landsvísu milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda,

mennta- og heilbrigðiskerfis, lögreglu og ákærvalds til að efla aðgerðir gegn ofbeldi.

Samstarfið mun beinast að aðgerðum til að sporna við ofbeldi gegn börnum, ofbeldi í nánum samböndum, kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi og ofbeldi gagnvart fötluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum. Samstarfið tekur einnig til ofbeldis sem felst í hatursfullri orðræðu sem hvetur til ofbeldis eða

annarrar refsiverðrar háttsemi sem er lífllækkandi eða ógnandi í garð einstaklinga eða hópa.

Markvisst verður unnið að því að bæta verklag þar sem þess gerist þörf, sér í lagi gagnvart börnum en rík áhersla er lögð á stuðning við þolendur ofbeldis og vernd þeirra. Stýrihópurinn hefur fengið það verkefni að undirbúa aðgerðaáætlun til fjögurra ára gegn ofbeldi.

# Á SLÓÐUM ÍSLENDINGA BRASILÍA

19. SEPTEMBER - 4. OKTÓBER



Fyrir um 150 árum settust Íslendingar að í Curitiba í Brasilíu og nú í dag skipta afkomendur þúsundum. Við kynnumst þeim og samfélagi þeirra í dag, en í Curitiba er öflugt Íslendingafélag. Við heimsækjum m.a. hinar glæstu borgir Rio de Janeiro, Curitiba og Florianopolis. Við sjáum stórkostlega náttúru, regnskóga, aflmestu fossa heimsins og fallegar strendur. Kynnumst brosandri heimamönnum sem vilja allt fyrir þig gera.

Verð kr. 644.724.-

Innifalið í verði: Allt flug og allir skattar, gisting með morgunverði, ísl. fararstjóri, akstur, skoðunarferðir o.m.fl.

**Trans - Atlantic**  
588-8900  
Transatlantic.is



**ÖSKRIN Í RAUÐA HÚSINU** Kristjón faldi sig þegar móðir hans og föstri tókust á.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

► tók ákvörðun um að verða heiðvirdur borgari og fór að huga að því til lengri tíma að láta gamlan draum rætast að verða blaðamaður.

### Gerðist heiðvirdur borgari

„Ég tók mér smá tíma og skrifaði um reynslu mína af þessum dóp-árum. Uppgjör við þennan tíma. Síðan gerðist ég bara heiðvirdur borgari, fór að vinna og borga skatta. Ég fór að vinna í Íslenskri erfðagreiningu og var þar í um fjögur ár en mig dreymdi nú alltaf um að verða á endanum blaðamaður. Mér var boðin vinna á DV um tvítugt en ég var ekki tilbúin til þess en Björn Ingi Hrafnsson veitti mér svo seinna stóra tækifærið. Ég var orðinn fjögurra barna faðir tuttugu og fjögurra ára gamall og smám saman fóru sárin að gróa.“

Nú finnur hann fyrir þörf fyrir að ræða opin-skátt um heimilisofbeldið. Fóstari hans hætti að drekka og hjálpaði honum og tugum unglinga við að ná tökum á áfengis- og fíkniefnavanda sínum. Móðir hans hefur verið edru í rúm tuttugu ár. „Mamma hefur staðið sig einstaklega vel sem manneskja og móðir eftir að hún sigraðist á sínum vanda og skilaði bræðrum mínum einstaklega vel af sér.

Ég skil alveg að mömmu hafi fundist erfitt að ég væri að opinbera þetta í pistli. En þetta snýst ekki um

það að ég sé reiður út í neinn og ég er ekki að ásaka neinn. Þau voru lasin á þessum tíma. Móðir mín hefur gengið í gegnum svo margt og ég er búinn að fyrirgefa henni fyrir löngu. Það þarf að ræða opin-skátt um ofbeldi því það eru svo margir sem eru að glíma við þessar aðstæður. Í hverri viku verða fimm til sex börn vitni að því þegar foreldrar beita hvort annað ofbeldi. Sum þeirra verða svo hrædd að þau þurfa áfallahjálp. Þessi börn eru í sömu sporum og ég var. Mér hefur gengið ágætlega að glíma við þetta. Kannski er ég búinn að loka þetta inni en það sem mér finnst erfiðast er að vita af þeim úti í bæ, bjargarlausum.“

### Barnið týnir sjálfu sér

Kristjón starfar sem ritstjóri Pressunnar og á hverjum degi rennir hann yfir fréttatilkynningar dagsins. Tilkynningar um heimilisofbeldi minna hann á sársaukann og skaðann sem ofbeldi veldur. „Ég hugsa oft um þetta á morgnana þegar ég lít yfir fréttatilkynningarnar. Í dæmigerðri tilkynningu kemur ef til vill fram að konan sem um ræðir sé ekki alvarlega slösuð eða með áverka. Þá hugsa ég til þessa fólks og hugsa um allan þann skaða sem það hefur orðið fyrir þrátt fyrir allt. Þetta viðhorf þarf að breytast, að manneskjur

„Ég var svo kominn á götuna sautján ára. Ég hugsaði ekki um neitt nema næsta skammt. Ég bjó hér og þar, í yfirgefnum húsum og dópgrenum.“


„Eftirköstin eru miklu dýpri en fólk gerir sér grein fyrir. Það eiga engin börn að þurfa að ganga í gegnum þetta. Það þarf að stöðva þetta.“

séu ekki meiddar af því að það sér ekki á þeim. Barn sem býr við þessar aðstæður veit ekki hvað gerist næsta dag, það er alltaf á nálum, hættir að vera það sjálft því það er að reyna að ná stjörnu á aðstæðum með því að bregða sér í hlutverk. Barnið týnir sjálfu sér.

Eftirköstin eru miklu dýpri en fólk gerir sér grein fyrir. Það eiga engin börn að þurfa að ganga í gegnum þetta. Það þarf að stöðva þetta. Ég veit að lögreglan stendur sig vel og átak lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi er gott framtak en ég tel að það megi gera meira fyrir börn í þessum aðstæðum.“



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 33. STARFSÁR  
HALLGRÍMSKIRKJA'S FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 33RD SEASON



# ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU 2015

## THE INTERNATIONAL ORGAN SUMMER IN HALLGRÍMSKIRKJA 2015

13. JÚNÍ – 9. ÁGÚST / JUNE 13 – AUGUST 9


**Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12**  
**Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon**

**Schola cantorum**  
**Hallgrímskirkja Chamber Choir**



**Helgartónleikar**  
**með alþjóðlegum konsertorganistum**

**Weekend concerts**  
**Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm**  
**with international concert organists**




13. 6. kl. 12/12 noon Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja Reykjavík  
14. 6. kl. 5/5 pm Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja Reykjavík  
20. 6. kl. 12/12 noon Iveta Apkalna, world famous concert organist, Latvia  
21. 6. kl. 5/5 pm Iveta Apkalna, Latvia  
27. 6. kl. 12/12 noon James B. Hicks, Norway/ Virginia Hicks USA soprano  
28. 6. kl. 5/5 pm James B. Hicks, Norway  
4.7. kl. 12/12 noon Elżbieta Karolak, Poland  
5.7. kl. 5/5 pm Elżbieta Karolak, Poland  
11.7. kl. 12/12 noon Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja Reykjavík  
12.7. kl. 5/5 pm Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja Reykjavík  
18.7. kl. 12/12 noon Dexter Kennedy USA, 1. prize winner - Chartre International Organ Competition 2014  
19.7. kl. 5/5 pm Dexter Kennedy USA  
25.7. kl. 12/12 noon Janos Kristofi, Hungary  
26.7. kl. 5/5 pm Janos Kristofi, Hungary  
1.8. kl. 12/12 noon Lára Bryndis Eggertsdóttir, Iceland  
2.8. kl. 5/5 pm Lára Bryndis Eggertsdóttir, Iceland  
8.8. kl. 12/12 noon Andreas Liebig, Basel Münster, Switzerland  
9.8. kl. 5/5 pm Andreas Liebig, Basel Münster, Switzerland

**Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12**  
**Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon**

Í samvinnu við Félag íslenskra organleikara  
In cooperation with Icelandic Organist Association

18.6 Lenka Mátéová, Kópavogur Church  
Steinunn Skjenstad soprano  
25.6. Kári Þormar, Dómkirkjan, Reykjavík  
2.7. Jónas Þórir, Bústaðakirkja Reykjavík  
- film music, Star Wars and more  
9.7. Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja Reykjavík  
Fjölur Ólafsson baritone  
16.7. Guðný Einarsdóttir, Fella- og Hólakirkja, Reykjavík  
23.7. Steingrímur Þórhallsson, Neskirkja Reykjavík  
Pamela de Sensi flute  
30.7. Eyþór Franzson Wechner, Iceland  
6.8. Ágúst Ingi Ágústsson, Iceland



Aðgangseyrir / Admission:  
Hádegistónleikar / Lunchtime concerts: 2.000 ISK  
Sunnudagstónleikar / Sunday concerts: 2.500 ISK  
Listvinir fá frítt inn á orgeltónleika sumarsins.  
Free entrance to all organ concerts for members  
of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society.



Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík  
Miðasala við innganginn / ticket sale at the entrance.  
Sími / tel.: +354 510 1000  
list@hallgrímskirkja.is - www.listvinafelag.is



Í HÖRPU Geena Davis hefur undanfarin ár lagt sitt af mörkum í jafnréttisbaráttunni í Hollywood og hélt erindi um það á ráðstefnu WE 2015.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Svo þurfum við sem foreldrar að horfast í augu við okkar ómeðvituðu fordóma. Til dæmis er Dóra landkönnuður mjög vinsælt barnaefni sem bæði strákar og stelpur horfa á. En foreldrar kaupa ekki Dóru-dótið handa strákunum.“

# Velur að leika sterkar konur

**Geena Davis** hefur lengi barist fyrir jafnara kynjahlutfalli í kvikmyndum og sjónvarpsefni. Eingöngu 17% persóna í barnaefni eru kvenkyns. Geena segir þetta hafa áhrif á sjálfsmynd stúlkna sem læri fljótt að þær eigi að láta lítið fyrir sér fara.

Erla Björg Gunnarsdóttir  
erlabjorg@frettabladid.is



S tórleikkonan Geena Davis er stódd hér á landi til að taka þátt í ráðstefnunni WE 2015. Þar flutti hún erindi í gær um sitt hjartans mál: Kvenhlutverk í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Árið 2004 stofnaði hún Geena Davis Institute on Gender in Media og hefur stofnunin verið leiðandi í rannsóknum á kynjahlutfalli og staðalmyndum í kvikmyndum og þá sérstaklega barnaefni.

Niðurstöðurnar eru sláandi. Í fjölskyldumyndum er til að mynda ein kvenpersóna á móti hverjum þremur karlpersónum. Geena segir þetta hafa áhrif á stúlkna enda læri þær smátt og smátt að konur eigi að láta lítið fyrir sér fara. En hvað varð til þess að hún fór að beina sjónum sínum að þessum málum?

„Þegar ég var að hefja minn leikferil voru leikkonur eins og Meryl Streep, Jessica Lange og Sally Field að leika sterkar konur í kvikmyndum og ég fékk það á tilfinninguna að kvenhlutverk væru að verða sterkari og fyrirferðarmeiri. En svo breytti kvikmyndin Thelma & Louise lífi mínu. Við vissum að þetta var frábært handrit með sterkum kvenhlutverkum en við bjuggumst ekki við þessum viðbrögðum. Það bara sprakk allt. Konur urðu alveg upprifnar, vildu ræða um myndina, sögðu að myndin hefði breytt lífi sínu og urðu svo innblásnar. Ég varð fyrir vitundarvakningu þegar ég sá hversu mikil áhrif kvenhlutverk geta haft á konur, hvað það er mikilvægt að til séu kvenpersónur sem hreyfa við fólki.“

## Stelpurnar eru augnakonfekt

Geena varð í framhaldinu meðvitadri um konur í fjölmiðlum. Hún fékk algjört áfall þegar hún byrjaði að horfa á barnaefni með dóttur sinni og uppgötvaði hversu fáar kvenpersónur eru í fjölskyldumyndum. Það skorti ekki eingöngu sterkar kvenpersónur heldur komst hún að því með hausatalningu að kvenpersónur voru einfaldlega mun færri. Hún ræddi þetta við samstarfsfélagi í Hollywood og komst að því að einn hafði í raun veitt þessu athygli. Þá setti hún á fót stofnunina og lét gera rannsóknir til að framleiðendur, leikstjórar og framkvæmdastjórnar sæju þessa skekkju svart á hvítu.

„Staðreyndin er sú að hlutfall kvenna er alls staðar of lágt. Hlutfall kvenna í lögfræðistéttinni, fjölmiðlum, á þingi og í stjórndastöðum í hernum er alltaf í kringum 17 prósent. Og hvert ætli hlutfall kvenna sé í hópatriðum í kvikmyndum? 17 prósent. Og tilgangurinn með kvenpersónunum er í flestum tilfellum að vera augnakonfekt. Hvaða skilaboð sendum við strákum og stelpum með þessu? Við segjum að þau séu ekki jafn verðmæt. Að stúlkum sé ekki ætlaður helmingurinn af plássinu, heldur bara 17 prósent. Þar af leiðandi minnkar sjálfsöruggi stúlkna en sjálfsöruggi drengja vex – jafnvel of mikið.“

## Fylla skjáinn af sterkum konum

Geena segist vita vel að þetta endurspeglir ójafnvægið í raunveruleikanum og að því miður getum við ekki smellt fingrum og breytt kynjahlutfallinu meðal leiðtoga heimsins.

„En við getum hins vegar breytt veröldinni á skjánum á einni nóttu. Þar getum við skapað jafnvægi og búið til nýja framtíð fyrir börnin. Ef kvikmyndaframleiðendur eru til í að fjölga aðahlutverkum

fyrir konur – þá guð blessi þá – og endilega ráðið mig í hlutverkið. En auðveldasta leiðin er einfaldlega að breyta karlhlutverkum í kvenhlutverk. Stríka yfir John og skrifa Joan. Leigubílstjórinn verður kona, einnig bankastarfsmenn og stjórnálmenn. Mikilvægast er að breyta stjórnendum í konur. Það eru nefnilega mjög fáir kvenframkvæmdastjórnar í heiminum en við getum haft þá alveg rosalega marga í kvikmyndum. Við breytum ekki heiminum á einum degi – en við getum svo sannarlega haft áhrif á fyrirmyndirnar. Því að ef stelpurnar sjá það, þá geta þær orðið það.“

## Þurfa ekkert að vera englar

Geena ákvað, eftir að hún fann viðbrögðin við Thelmu og Louise, að velja sín hlutverk með það í huga hvaða áhrif persónan hefði á konur og hvaða skilaboð hún sendi til áhorfenda.

„Og þetta þurfa ekki endilega alltaf að vera æðislega góðar stelpur eða heilbrigðar fyrirmyndir. Þetta þurfa að vera áhugaverðar persónur, litríkar og sterkar, og það sem er mikilvægast: Þær þurfa að hafa stjórn á eigin lífi. Því miður þá finnst mér dýpt kvenpersóna fara minnkandi og staðalmyndirnar vera orðnar ansi áberandi. Kvenpersónur eru í auknum mæli kyngarðar og þá sérstaklega yngri persónur, jafnvel börn, sem mér finnst mjög alvarlegt. Einnig hefur ofbeldið gegn kvenpersónum aukist. En sem betur fer eru til flottar persónur líka, eins og í The Hunger Games og Frozen, enda voru þær myndir gífurlega vinsælar bæði hjá strákum og stelpum.“

## Mýtur um „kvennamyndir“

Geena hefur farið í margar heim-sóknir til Disney og annarra framleiðenda barnaefnis og hefur henni

## Staðreyndirnar tala sínu máli

Stofnun Geenu Davis hefur gert fjölmargar rannsóknir. Hér eru helstu niðurstöður:



Það eru þrefalt fleiri karlpersónur en kvenpersónur í fjölskyldumyndum. Það er sama hlutfall og árið 1946.

**4** sinnum líklegra er að konur séu sýndar á kynferðislegan hátt í sjónvarpi. Konur eru einnig tvisvar sinnum líklegri til að vera með óvenju mjótt mitti. Það er algengara að konur séu með ódæmigerða líkamsbyggingu.

## BAK VIÐ TJÖLDIN Í BANDARÍKJUNUM: KONUR ERU




Á MÓTI **HVERRI KONU** SEM VINNUR Í KVIKMYNDABRANSANUM VINNA **FIMM KARLAR**

Á árunum 2006-2009 var ekki ein einasta kona í fjölskyldumyndum

- læknir
- stjórnandi í viðskiptalífi
- lögmaður
- stjórnálmamaður

Hlutfall starfandi persóna í fjölskyldumyndum



## → Tvö skref til árangurs

Geena Davis leggur til tvær einfaldar leiðir fyrir framleiðendur til að auka hlut kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum.

**Skref 1** Farið í gegnum verkefni sem þið eruð að vinna að og breytið slatta af nöfnum persóna í kvenmannsnöfn. Með einu pennastríki er hægt að búa til litríkar og sterkar kvenpersónur. Hvað ef píparinn og byggingaverkfræðingurinn væru konur? Eða leigubílstjórinn og klækjótti stjórnálmamaðurinn?

**Skref 2** Þegar þú lýsir hópatriði skrifaðu þá í handritið: „Hópur safnast saman, helmingurinn er konur.“

## STERKAR OG ÁHUGAVERÐAR KONUR DÆMI UM HLUTVERK SEM GEENA DAVIS HEFUR LEIKIÐ



Thelma í Thelma &amp; Louise



Forsetinn í Commander in Chief

Samantha Caine  
í The Long Kiss  
Goodnight

verið tekið vel. En af hverju sjáum við þá ekki dramatískari breytingar á barnaefninu?

„Ég hef engar rannsóknarniðurstöður í höndunum þannig að ég get eingöngu getið mér til um það. Ég held það tengist þeirri óskrifuðu reglu í Hollywood að konur horfi á karlmenn í kvikmyndum en karlmenn nenni ekki að horfa á konur. Ég held að stjórnendur séu svolítið fastir í þessari mýtu – af því að þetta er svo sannarlega mýta! En þetta hefur orðið til þess að allar myndir um konur eru dæmdar svo harkalega og ef mynd um konur fær slæma dóma og lélega aðsókn þá er alltaf sagt að það hafi verið út af því að hún var um konur. Sem er náttúrulega bara bull. En ástæðan fyrir því að kvenframleiðendur og leikstjórar ná ekki að stíga eins mikið fram með sitt efni og æskilegt væri er vegna fjárflyunar. Það er hreinlega þrisvar til fjórum sinnum erfiðara fyrir konur að fá fjármagn til að gera stóru kvikmyndirnar.“

## Foreldrar hafa áhrif

En hvað getum við venjulega fólkið – neytendur – gert til að breyta þessari skekkju á skjánum?

„Í fyrsta lagi er gott að verða meðvitaður um þetta og taka eftir kynjahlutföllum í sjónvarpsefni. Ég er hér með mögulega búin að eyðileggja sjónvarpsáhorf fyrir þér, því að trúðu mér, maður verður mjög upptekinn af þessu. En hausatalningin er mikilvæg og að ræða niðurstöðurnar við fólk – vekja athygli á þeim. Einnig er mikilvægt að horfa á barnaefni með börnunum og ræða hvað er í gangi. Ég horfði á sjónvarpið með dóttur minni og spurði gagnrýninna spurninga eins og: Af hverju ætli það sé bara ein stelpa í hópnum? Hvaða persóna myndir þú vilja vera? Af hverju er hún í þessum fötum fyrst hún er að fara að bjarga einhverjum?

Svo eru strákarnir hinn helmingurinn af þessu. Strákar þurfa líka að sjá stelpur gera mikilvæga hluti og láta að sér kveða. Því er gott að hvetja stráka til að horfa á myndir með stelpuhetjum. Svo þurfum við sem foreldrar að horfast í augu við okkar ómeðvituðu fordóma. Til dæmis er Dóra landkönnuður mjög vinsælt barnaefni sem bæði strákar og stelpur horfa á. En foreldrar kaupa ekki Dóru-dótið handa strákunum. Marga stráka langar í bakpokann en af því að hann er fjólublár er hann ekki keyptur handa þeim. Ég er því með skilaboð til foreldra: Kaupið bakpokann!“

## Hvað er þetta Free the nipple?

En hvernig finnst þér staðan vera í dag og hver eru næstu skref?

„Ég er mjög bjartsýn því viðbrögðin hafa verið svo góð. Það hafa verið sýndar kvikmyndir sem við höfðum áhrif á og nokkrar eru væntanlegar. Við gerðum könnun meðal stjórnenda í Hollywood og 68 prósent segja að rannsóknir okkar hafi haft áhrif á tvö verkefni. 46 prósent þeirra segja að þær hafi haft áhrif á fjögur verkefni. Þetta er nefnilega svo auðvelt. Svo ótrúlega einfalt og auðvelt.“

Geena ætlar að dvelja á landinu næstu vikuna ásamt eiginmanni og börnum. „Við ætlum að skoða þetta fallega land og njóta þess að vera í fríi. Svo þarf ég að kynna mér betur þetta „Free the nipple“-dæmi sem ég hef heyrt af. Ég hef á tilfinningunni að íslenskar konur séu mér að skapi.“



Sveitarfélög

## Ný skýrsla um íslensk sveitarfélög

Greining Íslandsbanka gefur út í þriðja sinn skýrslu með greiningu á málefnum og fjármálum sveitarfélaga. Leitast er við að gefa innsýn í rekstur sveitarfélaga en mörg þeirra hafa þurft að ráðast í viðtækar aðhaldsaðgerðir og hagræðingu í rekstri á síðustu árum.

Það er okkar von að þetta rit verði aðgengilegt og einfalt yfirlit yfir rekstur sveitarfélaga á Íslandi.

Skýrslan er opin öllum og hægt er að nálgast hana á vefnum okkar [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)

Íslandsbanki hefur á að skipa sérfræðingum sem einbeita sér að greiningu á málefnum og fjármálum sveitarfélaga. Íslandsbanki er viðskiptabanki fjölmargra sveitarfélaga víða um land og hefur komið að mörgum verkefnum er snúa að sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu.



„Það sem mér finnst einkenna frásagnir þeirra er hve krefjandi þetta var. Þingmennskan og ráðherradómur var harður heimur. Sigrún Stefánsdóttir

# KONUR Á RÁÐHERRASTÓLI

Á Íslandi hafa 26 konur gegnt ráðherraembætti. Auður Auðuns var fyrsta konan sem varð ráðherra, árið 1970. Árið 1999 höfðu eingöngu fimm konur verið ráðherrar á Íslandi. Í bókinni Frú ráðherra eru tekin viðtöl við 20 kvenráðherra.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**  
erlabjorg@frettabladid.is


Auður Auðuns varð fyrst íslenskra kvenna ráðherra, árið 1970. Alls hafa 26 konur gegnt ráðherraembætti og 125 karlar. Til ársins 1999 höfðu eingöngu fimm konur verið ráðherrar og eiga þær það sameiginlegt að hafa verið eini kvenráðherrann í ríkisstjórn hverju sinni. Árið 1999 urðu þau tímamót að fjórar konur urðu ráðherrar sama ár en í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur á árunum 2009-2013 urðu þau tímamót að kynjahlutfallið var jafnt, og meira að segja voru konur manni fleiri í átta mánuði.

Sigrún Stefánsdóttir og Edda Jónsdóttir hafa skrifað bókina Frú ráðherra, þar sem persónuleg viðtöl eru tekin við tuttugu kvenráðherra. Sigrún segir viðtölin vera persónuleg og að ýmislegt nýtt komi fram.

„Það sem mér finnst einkenna frásagnir þeirra er hve krefjandi þetta var. Þingmennskan og ráðherradómur var harður heimur. Þegar Ragnhildur Helgadóttir byrjaði á þingi var ekki einu sinni kvennasalerni á Alþingi. Yngri konurnar tala um það hve miklu máli það skipti að vera ekki eina konan í ríkisstjórn. Þetta eru ólíkar konur en allar sterkar baráttukonur sem voru tilbúnar til þess að miðla okkur reynslu sinni.“



## → Hlutfall kvenna á þingi



**BRAUTRYÐJANDI** Auður Auðuns var dóms- og kirkjumálaráðherra 1970-1971.

**42** ríkisstjórnir hafa verið myndaðar frá 1917

**15** ríkisstjórnir hafa haft konur í ráðherrastóli

## KVENRÁÐHERRAR ÍSLANDS

- Auður Auðuns** dóms- og kirkjumálaráðherra 1970-1971 Sjálfstæðisflokkurinn
- Ragnhildur Helgadóttir** menntamálaráðherra 1983-1985 heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1985-1987 Sjálfstæðisflokkurinn
- Jóhanna Sigurðardóttir** félagsmálaráðherra og samstarfsráðherra 1987-1994 og 2007-2008 félags- og tryggingamálaráðherra 2008-2009 forsætisráðherra 2009-2013 Samfylkingin
- Rannveig Guðmundsdóttir** félagsmálaráðherra 1994-1995 Samfylkingin
- Ingibjörg Pálmadóttir** heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1995-2001 Framsóknarflokkurinn
- Sólveig Pétursdóttir** dóms- og kirkjumálaráðherra 1999-2003 Sjálfstæðisflokkurinn
- Siv Friðleifsdóttir** umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda 1999-2004 heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 2006-2007 Framsóknarflokkurinn
- Valgerður Sverrisdóttir** iðnaðar- og viðskiptaráðherra 1999-2006 Samstarfsráðherra Norðurlanda 2004-2005 utanríkisráðherra 2006-2007 Framsóknarflokkurinn
- Porgerður Katrín Gunnarsdóttir** menntamálaráðherra 2003-2009 Sjálfstæðisflokkurinn
- Sigríður Anna Þórðardóttir** umhverfisráðherra 2004-2006 Samstarfsráðherra Norðurlanda 2005-2006 Sjálfstæðisflokkurinn
- Jónína Bjartmarz** umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda 2006-2007 Framsóknarflokkurinn
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** utanríkisráðherra 2007-2009 Samfylkingin
- Pórunn Sveinbjarnardóttir** umhverfisráðherra 2007-2009 Samfylkingin
- Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir** félags- og tryggingamálaráðherra 2009 Samfylkingin
- Kolbrún Halldórsdóttir** umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda 2009 Vinstri hreyfingin – grænt framboð
- Siv Friðleifsdóttir** umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda 2009 Vinstri hreyfingin – grænt framboð
- Ragna Árnadóttir** dómsmálaráðherra 2009 dómsmála- og mannréttindaráðherra 2009-2010 Utan flokka
- Álfheiður Ingadóttir** heilbrigðisráðherra 2009-2010 Vinstri hreyfingin – grænt framboð
- Svandís Svavarsdóttir** umhverfisráðherra 2009-2012 umhverfis- og auðindaráðherra 2012-2013 Vinstri hreyfingin – grænt framboð
- Katrín Jakobsdóttir** menntamálaráðherra 2009 mennta- og menningarmálaráðherra 2009-2013 Samstarfsráðherra Norðurlanda 2009-2013 Vinstri hreyfingin – grænt framboð
- Oddný Harðardóttir** fjármálaráðherra 2011-2012 Fjármála- og efnahagsráðherra 2012 Samfylkingin
- Hanna Birna Kristjánsdóttir** innanríkisráðherra 2013-2014 Sjálfstæðisflokkurinn
- Ragnheiður Elín Árnadóttir** iðnaðar- og viðskiptaráðherra 2013-2014 Framsóknarflokkurinn
- Eygló Harðardóttir** félags- og húsnæðismálaráðherra 2013-2014 Framsóknarflokkurinn
- Ólöf Nordal** innanríkisráðherra 2014- Sjálfstæðisflokkurinn
- Sigrún Magnúsdóttir** umhverfis- og auðindaráðherra 2014- Framsóknarflokkurinn

**1885** **Bríet Bjarnhéðinsdóttir** skrifar greinina „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna“ sem markar upphaf kvennabaráttu á Íslandi.



**1922** **Ingibjörg H. Bjarnason** kosin á Alþingi fyrst kvenna.

**1957** **Hulda Jakobsdóttir** kjörin bæjarstjóri í Kópavogi. Fyrst kvenna til að gegna bæjarstjóraembætti á Íslandi.

**1959** **Auður Auðuns** og Geir Hallgrímsson settir borgarstjórar Reykjavíkur. Auður er fyrsta konan sem gegnir embættinu.



**1980** **Vidgís Finnbogadóttir** kjörin forseti Íslands.

**1988** **Guðrún Helgadóttir** verður forseti sameinaðs þings, fyrst kvenna.

**1991** **Sigríður Á. Snævarr** tekur við embætti sendiherra Íslands, fyrst kvenna.

**1991** **Salóme Þorleifsdóttir** kjörin forseti Alþingis, fyrst kvenna.

**1994** **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** kosin borgarstjóri Reykjavíkur

**2009** **Jóhanna Sigurðardóttir** verður forsætisráðherra, fyrst íslenskra kvenna. Jóhanna er jafnframt sú kona sem hefur setið lengst á þingi, eða í tæp 35 ár.





Ertu hörkuklár flugmaður?

# WOW AIR LEITAR AÐ 50 FLUGMÖNNUM

Við leitum að flugsníllingum til að stýra flugvélum okkar um háloftin blá og fljúga með ánægða gesti WOW air á vit ævintýrana.

Viltu ganga til liðs við sífelld stækkandi flugfélag á framabraut og fljúga með því yfir hafið og heim?

Ráðning flugmanna er liður í auknum umsvifum félagsins en um er að ræða framtíðarstörf á nýlegum A320 og A321 vélum WOW air.

## FLUGSTJÓRAR SKULU HAFNA

- Gilt atvinnuflugmannsskírteini, 1. flokks (ATPL/A)
- Gilt heilbrigðisvottorð, 1. flokks
- Enskukunnátta, 4. stig – að lágmarki
- Lágmarks flugtímar

*5.000 flugtímar, þar af 500 tímar sem flugstjóri á þotu*

*3.000 flugtímar, þar af 1.000 tímar sem flugstjóri á þotu*

*2.500 flugtímar, þar af 500 tímar á Airbus A320 fjölskyldunni*


## FLUGMENN SKULU HAFNA

- Gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun fyrir tveggja hreyfla flugvél
- Lokið bóklegu námi til réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks og námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC)
- Góða enskukunnáttu, 4. stig – að lágmarki
- Að lágmarki 500 flugtíma

## VIÐ SÆKJUMST SÉRSTAKLEGA EFTIR FLUGMÖNNUM SEM

- Tala íslensku
- Hafa heimilisfesti á Íslandi
- Hafa týpuréttindi á A320 fjölskylduna
- Eru liprir í mannlegum samskiptum
- Hafa ævintýraþrá á efsta stigi og þjónustulund í hávegum

Flugvélar og gestir WOW air



## MEÐ UMSÓKN SKAL FYLGJA

- Afrit af flugmannsskírteini, gefið út af Samgöngustofu eða öðru aðildarríki flugöryggissamtaka Evrópu (EASA)
- Heilbrigðisvottorð
- Prófskírteini, ásamt einkunnum fyrir allt bóklegt flugnám
- Afrit af tveimur síðustu blaðsíðum í flugdagbók

- Ferilskrá með eftirtöldum upplýsingum:

*Heildarflugtími · Flugtími sem flugstjóri · Flugtími á fjölhreyfla flugvél  
Flugtími á fjölstjórnarflugvél (MPA) · Flugtími á þotu eða skrúfuþotu  
Fyrri störf og vinnuveitendur*

Kíktu inn á [starf.wow.is](http://starf.wow.is) og tékkaðu á okkur.

Þeir sem hafa áður sent inn umsókn um flugmannastarf hjá WOW air eru beðnir um að endurnýja umsóknir sínar. Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2015.

**WOWAIR.IS**



**Snapple**  
Sumardrykkurinn í Bónus  
Lemonade & Pink Lemonade

**279**  
kr. 473ml

**298**  
kr. 250ml

**798**  
kr. 500g

SPÆNSK Jarðarber 500g

**1198**  
kr. 500g

Upprunaland Spánn  
Fersk bláber 500g

**398**  
kr. stk. ca.1500g

Ferskur ananas ca.1500g

**259**  
kr. 4 stk.

NÝ BAKAÐAR  
BÓNUS Mjúkar kringlur

**759**  
kr. 400g

Fersk kirsuber 400g

**179**  
kr. 385g

MYLLU Heimilisbrauð 385g

**298**  
kr. 1 ltr.

The berry company  
Superberries Red  
Superberries Purple  
Goji berry

**50 KR. AFSLÁTTUR Á PAKKANUM**

**548**  
kr. 400g

DILETTO Kaffi baunir eða fínmalað 400g  
Verð áður 598 kr.pk

**259**  
kr. 400g

BÓNUS ferskt pizzadeig 400g

**1198**  
kr 1 kg.


BÓNUS Súkkulaðitertan 1 kg.

Verð í þessari auglýsingu  
Gilda a.m.k. til 21. júní



**BONUS EKKERT BRUÐL**

**BONUS BONUS BONUS BONUS**



**3798**  
kr. kg.



**2998**  
kr. kg.

Íslandslamb Lambafillet ferskt ókryddað

Stólt  
kjötmeistarans

Íslandslamb Lambaprime ferskt ókryddað



**1295**  
kr. kg.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA  
Lambalæri frosið án  
mjáðmarbeins



**2298**  
kr. kg.

ÍSLANDSLAMB  
Grill-lambalærisneiðar 1.fl.



**539**  
kr. 2 x 140g

ÍSLANDSNAUT Ferskir  
Ungnautahamborgarar 2x140g



**398**  
kr. 100g

Opera d'Italia hráskinka 100g



**2498**  
kr. kg.

ÍSLANDSLAMB Grill  
lambakótilettur



**239**  
kr. kg.

SPÁNSK Rauð vatnsmelóna



**198**  
kr. kg.

HOLLENSKIR Tómatar í lausu



**698**  
kr. 200g

**598**  
kr. 200g

Ítalskasti osturinn **Grana Padano** með 900 ára sögu úr ostagerð munkana í Lombardy. **Parmigiano** er konungur mjólkurostana, ósvikin parmessan ostur frá Norður Ítalíu.



**398**  
kr. 50g

Ferskt basilikum krydd 50g



**359**  
kr. 125g

BÓNUS  
Ferskt lambhagasalat



**259**  
kr. 250g

ÍSLENSKIR  
Kirsuberjatómatar 250g

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Verð í þessari auglýsingu  
Gilda a.m.k. til 21. júní

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

## 8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Karen Kjartansdóttir  
upplýsinga-  
fulltrúi  
Samtaka  
fyrirtækja  
í sjávar-  
útvegi




**30/30**  
Gott fyrir fólk með lélega athyglisgáfu sem vill samt koma mörgu í verk. Með því getur maður raðað saman verkefnalista og gefið hverju verkefni ákveðinn tíma.

**SPOTIFY**  
Algjörlega nauðsynlegt, sérstaklega í ræktinni. Eg mun samt seint sætta mig við þennan ljóta nýja græna lit.

**SARPURINN**  
Takk, RÚV, þetta app er aðgengilegt og gott. Það er líka frábært að nota það á morgnana til koma sér á fætur. Ætli það sé ekki besta íslenska appið sem ég þekki.

**STRÉTÓ**  
Gerir strætóferðirnar auðveldar og skemmtilegar.



**AUDIBLE**  
Fyrir manneskjur sem sjaldnast hafa tíma til að lesa skáldsögur, svona eins og konur í vinnu, meistaranámi og með þrjú börn, þá er algjör himnasæla að geta lagst upp í rúm og hlustað á bækurnar sem mann er búinn að dreyma um að lesa en hefur ekki komið í verk.

**MARINETRAFFIC**  
Ég er ekki sjómanskona og þarf svo sem ekkert að vita hvar skip eru hverju sinni en þetta app er bara svo magnað að það er ekki annað hægt en að heillast og finna skipapervertinn í hjarta sér.

**PAGES**  
Nauðsynlegt fyrir þá sem halda úti síðu á Facebook. Rétt eins og síðu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

**SNAPSEED**  
Eftirlætis myndvinnsluforritið. Frítt, fallett og býður upp á fjölmarga skemmtilega möguleika.

# Línurnar voru lagðar á E3

Tugþúsundir leikjaframleiðenda, spilara, útgefenda og blaðamanna komu saman á helgustu hátíð tölvuleikjaiðnaðarins.

Kjartan Hreinn Njálsson  
kjartanh@365.is



E3-leikjaráðstefnan 2015 er komin og farin og leikjaheimurinn situr eftir í geislavirku ofanfalli tilkynninga, opinberana og stórtíðinda frá helstu spámönnum tölvuleikjanna. Mikilvægi E3 er ótvírætt. Engu máli skiptir hversu gott tak þú hefur á leikjaheiminum, feilsþor á E3 getur kostað þig starfið. Ráðstefnan þetta árið var athyglisverð fyrir margar sakir. Hérna fyrir neðan er það sem vakti helst athygli undirritaðs.

### Nintendo áfram Nintendo


Engum dylst að orrustan um leikjatölvugeirann er tveggja turna tal. Xbox (Microsoft) og PlayStation (Sony) hafa háð hatramma baráttu um hylti spilara. Þannig fer minna fyrir Nintendo á samkomum eins og E3. Kynningin hjá Nintendo var jafnframt lágstemmd. Lítið um stórar yfirlýsingar eða nýjungar. Það kom svo sem ekki á óvart enda fer Nintendo sínar eigin leiðir. Helst ber að nefna Super Mario Maker sem fer í almenna sölu 11. september. Með leiknum fá spilarar tækifæri til að búa til sín eigin Super Mario-leikjaborð. Nintendo kynnti viðmót leiksins sem lítur afar vel út ásamt því að sýna hvernig spilarar munu geta dreift sköpunarverkum sínum. Einnig má nefna Starfox Zero sem kemur út um í desember, The Legend of Zelda: Tri-force Heroes fyrir 3DS og Mario Tennis sem er væntanlegur á Wii U seinna á þessu ári.

### EA bræðir nördahjörtu

Samruni vísindaskáldskapar og vopnaðra átaka myndar algengustu og líklega mikilvægustu sameind tölvuleikjaheimsins. Óhætt er að segja að Electronic Arts (EA) hafi nokkuð gott vald á þessari formúlu. Fyrirtækið heillaði tvær kynslóðir spilara í Los Angeles í vikunni. Yngri kynslóðina fänguðu þeir með því að kynna fjórða leikinn í Mass Effect-leikjaröðinni vinsælu og nú er útlit fyrir að spilarar fái að heimsækja fjarlægjar vetrarbrautir í leit að ævintýrum. Upplýsingar um leikinn eru þó af skörum skammti enda verður hann gefinn út í desember 2016. Star Wars: Battlefront leit síðan dagsins ljós. EA kynnti fjölsþilunarhluta leiksins þar sem spilarar takast á í lofti og á láði á helstu vígvöllum Stjórnustríðs-söguheimsins.

### Sony hyllir japanska leikjamenningu

E3 hefur ekki alltaf snúist um tölvuleiki. Síðustu ár hafa stóru framleiðendurnir lagt æ meiri áherslu á tækjabúnað, margmiðlunarlausnir og fleira í þeim dúr. Hvorki Microsoft né Sony fóru þá leið þetta árið (fyrir utan sýndarveruleika, meira um það síðar).



**MORPHEUS**  
Sýndarveruleiki lék stórt hlutverk á E3 í ár.



**STJÖRNUSTRÍÐ** Star Wars: Battlefront sló í gegn á kynningu EA.

Sony, framleiðandi PlayStation, sneri aftur í heimahagana og kynnti útgáfu þriggja sögulegra leikja. The Last Guardian lýkur þrileiknum sem hófst með Ico og Shadow of the Colossus. Enginn útgáfudagur liggur fyrir en The Last Guardian kemur út á næsta ári. Þá verður Final Fantasy 7 endurgerður og Shenmue, einn áhrifamesti leikur fyrr og síðar, fær framhald. Þar með er ekki sagt að Sony hafi gleymt sér í fortíðarþrá á E3. Fyrirtækið kynnti einnig uppfærslu fyrir Destiny, nýjan Hitman-leik og auðvitað Horizon: Zero Dawn þar sem spilarinn arkar um heim að hrúni kominn með boga í hendi í leit að vélrænum risaeðlum (eru tölvuleikir ekki frábærir).

### Microsoft blæs til stórsóknar

Xbox One-leikjatölvun frá Microsoft hefur átt nokkuð erfitt uppdráttar gegn PlayStation 4. Það var því mikið í húfi fyrir Microsoft í Los Angeles. Því var öllu tjaldað



E3 Gríðarlegur fjöldi leikja var kynntur til leiks á E3 í ár við mikinn fögnuð spilara.

til. Microsoft hóf kynninguna á þeim tíðindum að Xbox One mun brátt geta spilað tölvuleiki af fyrri kynslóð. Eitthvað sem flestir töldu að væri útilokað. Halo 5: Guardians vakti mikla athygli en allt að 24 spilarar munu mætast í fjölþilunarhluta leiksins. Þá er nýr Gears of War, sá fjórði í röðinni, væntanlegur á næsta ári og Lara Croft mætir til leiks á ný. Microsoft svipti einnig huluni af nýjum stýriþilunum fyrir Xbox One og Windows 10 sem er sérhannaður fyrir eldheita spilara en hægt er að forrita alla hnappa á pinnanum.



**XBOX** Microsoft kynnti nýjan stýriþilun til sögunnar fyrir Xbox One og Windows 10.

### KENGÚRUR ÖRVHENTAR Í 95% TILFELLA

Það að velja ómeðvitað að nota aðra höndina frekar en hina hefur hingað til verið talið eitthvað sem aðeins maðurinn gerir. Ný rannsókn sem vistfræðingurinn Janeane Ingram stóð fyrir afsannar þessa kenningu. Háskólanir í Tasmaníu og Nýja Suður-Wales birtu niðurstöðurnar í vikunni en þar sýnir Ingram fram á að kengúrur kjósa í 95% tilfella að nota vinstri framloppuna. Niðurstöðurnar munu nýtast vísindamönnum sem rannsaka það hvernig heilahvelin tvö stjórna hliðlægi eða hvernig við beitum annarri hlið líkamans fremur en hinni.

### Sýndarveruleiki það sem koma skal

Leikjaheimurinn snýst í eðli sínu um keppni og einhver verður að vinna. Þegar tekið er tillit til umtals og viðbragða er Microsoft augljós sigurvegari en í raun eru það framleiðendur nýrrar kynslóðar tölvuleikja sem vöktu mesta athygli þetta árið. Stóru leikjaframleiðendurnir horfa allir til sýndarveruleika. Sony og Microsoft eyddu miklum tíma í að kynna tilraunir sínar í sýndarheimum. Project Morpheus annars vegar hjá Sony og Hololens

hjá Microsoft. Tvö afar ólík tæki en tilkomumikil bæði. Microsoft sýndi hvernig hægt verður að spila Minecraft í Hololens og Sony lagði áherslu á félagslegar hliðar Project Morpheus. Ofan á þetta bætist að Oculus Rift er á allra vörum enda endanleg útgáfa væntanleg snemma á næsta ári. Leikir á borð við EVE: Valkyrie frá CCP, Time Machine, The Walking Dead o.fl. og velgengi þeirra á E3 sýnir að núna er augnablikið þegar stóru framleiðendurnir fara að láta til sín taka í sýndarveruleika.

### INTERNET FYRIR KÚBVERJA

Yfirvöld á Kúbu hafa boðað umfangsmiklar breytingar á netaðgengi á eyjunni og munu koma fyrir 35 þráðlausum sendum á ríkisreknum tölvuverum víðsvegar um landið. Internet til einknota er að mestu ólöglegt á eyjunni og er þar að auki dýrt. Hingað til hefur klukkustund á þráðlausu neti kostað 650 krónur en lækkar nú í 260 krónur (mánaðartekjur á Kúbu eru að meðaltali 2.628 kr.). Hvergi á vesturhveli jarðar er aðgengi að interneti jafn dapurt og á Kúbu. 25% íbúa landsins hafa aðgang að veraldarvefnum en vafur Kúbverja einskorðast við opinberar vefsíður. Talið er að yfirvöld á Kúbu stefni að því að leggja ljósleiðara um stærstu byggðir landsins á næstu árum og að stefnt sé að því að helmingur kúbanskra heimila verði kominn með internettengingu árið 2020.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**Bazaar**  
Skemmtilegir  
markaðir verða  
haldnir á Bern-  
höftstorfundi í  
sumar.  
SÍÐA 2



**Heilsupítsa**  
Góð uppskrift  
að hollri pítsu  
með spelt-  
botni og fullt  
af grænmeti.  
SÍÐA 6

**ora**  
Ástríða í matargerð

**Lúxus  
Bernaisesósa**

Ora grillsósar fást í næstu verslun!

## EIN NÆRINGARRÍK- ASTA OFURFÆÐAN

**BALSAM KYNNIR** Marine Phytoplankton frá Natural Health Labs, ein hreinasta næring jarðar. Afar næringarríkur sjávarþörungur. Talinn margfalda orku líkamans, skerpa heilastarfsemi, bæta minni og jafna pH-gildi líkamans.

**B**rynja Valdís leikkona hefur starfað í skemmtanabransanum í mörg ár ásamt því að halda hin ýmsu námskeið. „Ég er svo heppin að vera í skemmtilegu og fjölbreyttu starfi þar sem ég skemmti fólki og fræði. Oft koma langar og strangar tarnir sem reyna á,“ segir Brynja Valdís og brosir.

### VEISLUSTJÓRINN


Brynja Valdís skemmtir við hin ýmsu tilefni og heldur úti heimasíðunni brynjavaldis.com. „Ég er mikið að stýra veislum og skemmta landanum, eins og á árshátíðum, í brúðkaupum, í afmæluum, á starfsdögum o.s.frv. Ég hef líka meðal annars verið að lesa inn á auglýsingar og haldið leiklistar- og hvatningar-námskeið.

### „ORKA, FÓKUS OG ÚTHALD“

Í starfi mínu þarf ég mikla orku, fókus og úthald og mér var bent á Marine grænþörungatöflurnar og ákvað að prófa. „Ég hafði jafnframt heyrt að töflurnar væru góðar fyrir neglur og hár og ekki skemmir það fyrir,“ segir Brynja Valdís hress í bragði.

### ORKUMEIRI OG MIKLU EINBEITARI

Brynja Valdís hefur tekið Marine grænþörungatöflurnar í tvo mánuði. „Ég ætlaði ekki að trúa því hversu fljótt ég fann breytingar til batnaðar. Það voru ekki liðnir nema tíu dagar þegar ég fann fyrir gífurlegum mun. Ég á mun auðveldara með að vakna og komast í gang á morgnana og úthaldið er mun meira. Það kom líka skemmtilega á óvart hvað augnhárin urðu þéttari og neglur og húð heilbrigðari.



### GIMSTEINN HAFSINS

Marine Phytoplankton er sjávarsviþörungur, oft kallaður „plöntuferðalangur hafsins“, sem ferðast um hafið og framleiðir 50% - 70% af súrefni jarðar og býr þannig til aðstæður fyrir nánast allt líf á jörðinni. Þörungurinn hefur lífað í milljarða ára og þar sem sviþörungurinn finnst þrífst alltaf líf. Marine Phytoplankton markar upphafið í fæðukeðju hafsins og styður við 99% af öllu lífríki sjávar.



### 100% NÁTTÚRULEGT

Inniheldur sérstaklega áhrifaríkar ómega 3 og 6 fitusýrur (DHA og EPA), 14 tegundir af aminósýrum (9 lífsnauðsynlegar), Vítamínin A, B1, B2, B3, B5, B6, B12, C, D, E, K og 72 mismunandi steinefni.

### RÁÐLÖGD NOTKUN

Taktu eitt grænmetishylki á dag með vatnsglasi.



**MÆLIR MEÐ** Brynja Valdís mælir eindregið með Marine Phytoplankton þörungatöflunum „sérstaklega fyrir aukna orku, úthald og heilbrigðara útlit“.

### SÖLUSTAÐIR

Fáanlegt í öllum helstu apótekum landsins, Lifandi markaði, Fjarðarkaupum, Heilsuveri, Heilsuhorninu Blómavali, Orku-setrinu, Heilsulausn.is og Heimkaupum.

### VISSIR ÞÚ...

að Marine Phytoplankton var nefnd mögulega mikilvægasta lífvera jarðar af NASA árið 2014 og ein næringarríkasta ofurfæða á jörðinni af David Wolfe í bók hans „Superfoods“.

### NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Öflug hita- og kæli-meðferð

Fæst í Fjarðarkaup og flestum apótekum og heilsubúðum

### Vertu laus við LIÐVERKINA



Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!



### NUTRILENK™ GOLD

### Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér á að hyggja betur að lífsstílunum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“



Hinrik Ólafsson; leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

Nýtt frá 



**Túnika**  
kr. 9.800.-  
fleiri litir

**Blúndujakki**  
kr. 11.900.-  
litir:  
blátt, svart



Str. 40-56



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



**HUGMYNDASMIÐIR** Þær Þórey Björk Halldórsdóttir og Laufey Jónsdóttir eru hugmyndasmiðir Bernhöfts Bazaars sem verður á Bernhöftstorfunni í sumar.

MYND/GVA

# MARKAÐUR MEÐ MISJAFNA MEININGU

**ÚTIMARKAÐUR** Á laugardögum í sumar verður líf og fjör á útitaflinu á Bernhöftstorfunni. Þar verður nýr og spennandi útimarkaður sem hefur þá sérstöðu að hafa mismunandi þema í hvert skipti. Í dag verður þar tónlistarmarkaður.

Okkur fannst vanta útimarkað hér í borgina í sumar, það hefur verið einn og einn markaður í gangi en okkur langaði að gera heilsteypa hugmynd sem vonandi lifir alltaf á sumrin, Bernhöfts Bazaar verður því vonandi aftur að ári og bara áfram eftir það," segir Þórey Björk Halldórsdóttir, verkefnastjóri og annar hugmynda-smiða Bazaarsins.

Bernhöfts Bazaar er unninn í samstarfi við Reykjavíkurborg og er hluti af verkefninu Torg í biðstöðu en Þórey og Laufey Jónsdóttir eiga heiðurinn af hugmyndinni. Þær hönnuðu bása og merki markaðarins og gerðu heimasíðu hans en fengu svo mikið af góðu fólki til liðs við sig við að smíða, mála og gera hugmyndina að veruleika. „Það sem er sérstakt við útimarkaðinn er að þetta er ekki bara dót úr geymslum fólks heldur eru ákveðin þemu í gangi. Í dag er tónlistarmarkaður en næstu laugardaga verða plöntumarkaður, bretta- og reiðhjólarmarkaður, leikfangamarkaður, markaður sem kallast „Beint frá ömmu og afa“ og að lokum markaður með hvers konar list. Okkur fannst við vera að taka smá áhættu í upphafi með að vera ákveðin þemu og vorum hræddar um að það yrðu ekki nógu margir þátttakendur en það hefur komið í ljós að það er mjög mikill áhugi á þessu. Mikið af fólki hefur sótt um og við veljum úr hvort það passi við þemað og fleira. Þetta eru bæði fyrirtæki og einstaklingar sem verða á mörkuðunum þannig að þetta verður fjölbreytt og skemmtilegt," segir Þórey.

## ALLS KYNS UPPÁKOMUR

Á hverjum markaði verða ýmsar uppákomur sem tengjast þemanu hverju sinni og segir Þórey þær verða fjölbreyttar og skemmtilegar þannig að fólk viti aldrei á hverju það á von þegar það kemur í miðbæinn á laugardögum. „Uppákomurnar verða staðsettar í miðju markaðarins sem er stóra útitaflað.

Í dag verður plötusnúður að spila fyrstu tvo klukkutímuna og svo verða ýmis atriði bæði frá þátttakendum markaðarins og utanaðkomandi hljómsveitum og tónlistarfólki sem sótti um að fá að spila hjá okkur. Svona verður þetta í allt sumar, til dæmis verður barnaleikrit sýnt á leikfangamarkaðnum, á hjóla- og brettamarkaðnum sýnir brettafólk einhverjar kúnstir og á plöntumarkaðnum verður sérstakur skiptibás þar sem hægt er að koma með plöntur og skipta á þeim eða afleggj-urum.“

Þórey segir því tilvalið fyrir alla fjölskylduna að tylla sér niður á Bernhöfts Bazaar og fá sér svalandi drykk – vonandi í sólinni. „Markaðurinn verður alltaf skipulagður með fyrirvara um veður, það verður að vera þannig á Íslandi en við krossum fingur fyrir hvern laugardag," segir hún vongóð og brosir.

Bernhöfts Bazaar verður haldinn á laugardögum frá deginum í dag til 25. júlí á Bernhöftstorfu, horni Bankastrætis og Lækjargötu. Bazaarinn verður opinn frá klukkan eitt til sex.

## MISJÖFN ÞEMU

„Í dag er tónlistarmarkaður en næstu laugardaga verða plöntumarkaður, bretta- og reiðhjólarmarkaður, leikfangamarkaður, markaður sem kallast „Beint frá ömmu og afa“ og að lokum markaður með hvers konar list.“



## LIDAKTÍN QUATRO

bólgueyðandi  
verkjastillandi  
uppbyggjefni fyrir liðina

SKAMMTASTÆRÐ | 1 MÁNUÐUR


 heilsa  
www.gulimidinn.is

Fæst í öllum helstu apótekum,  
heilsubúðum og matvöruverslunum.

# Granít Steinar

Gegnheil  
gæði

Mikið úrval legsteina og fylgihluta á góðu verði



Fullbúinn og frágenginn **kr: 309.900**



Fullbúinn og frágenginn **kr: 239.900**



Fullbúinn og frágenginn **kr: 299.900**



Fullbúinn og frágenginn **kr: 319.900**



Fullbúinn og frágenginn **kr: 159.900**



Fullbúinn og frágenginn **kr: 182.900**



Granítsteinar.is - Helluhrauni 2 - Hafnafjörður - S: 544-5100

# JÓHANNA TÍUNDA KONAN

**SÖGUGANGA** Margrét Sveinbjörnsdóttir og Eyrún Ingadóttir leiða sögugöngu um slóðir fyrstu kvennanna sem kjörnar voru á þing. Gangan hefst klukkan 14 í dag við Alþingishúsið og lýkur í Hólavallakirkjugarði. Gangan verður endurtekin þann 6. júlí.

Okkur fannst við hæfi að skoða sögu fyrstu kvennanna sem kjörnar voru á þing,“ segir Margrét Sveinbjörnsdóttir menningarmiðlari sem ásamt Eyrúnu Ingadóttur sagnfræðingi leiðir sögugöngu um miðbæ Reykjavíkur í dag. Gengið verður um slóðir þeirra fyrstu fimm kvenna sem kjörnar voru á Alþingi Íslendinga, Ingibjargar H. Bjarnason, Guðrúnar Lárusdóttur, Katrínar Thoroddsen, Kristínar L. Sigurðardóttur og Rannveigar Þorsteinsdóttur.

## FULLTRÚAR KVENNA

„Þessar konur voru á margan hátt mjög ólíkir einstaklingar. Þær komu úr ólíkum áttum og sátu á þingi fyrir ólíka stjórnmálaflokka. Tvær þeirra voru giftar og mæður, þrjár þeirra ógiftar og barnlausar. Það sem þær eiga sameiginlegt er að allar unnu þær önnur störf meðfram þingmennskunni og allar litu þær á sig sem fulltrúa kvenna. Þær börðust allar fyrir réttindum kvenna, barna og þeirra sem minna máttu sín, og þær tengjast í hugmyndum sem kenndar eru við velferðarfémínisma,“ útskýrir Margrét.

Á göngunni verður staldrað við á nokkrum stöðum sem tengjast lífi kvennanna og fjallað um hvort tveggja persónulegt líf þeirra og störf þeirra á Alþingi. Göngunni

lýkur í Hólavallakirkjugarði þar sem fjórar af þessum fimm konum hvíla.

„Ingibjörg H. Bjarnason var sú fyrsta sem kjörin var á þing. Hún var forstöðukona Kvennaskólans í Reykjavík sem fyrst var í því húsi sem nú er kennt við Nasa. Við stoppum líka við hús í Kirkjustræti – sem áður stóð við Vonarstræti 12 – þar sem Katrín Thoroddsen var alin upp. Í Kirkjustræti leigði líka Rannveig Þorsteinsdóttir í risherbergi. Þá förum við að Hallveigarstöðum við Túngötu og tölum um Kristínu L. Sigurðardóttur sem var lengi þar í framkvæmdastjórn. Í Hólavallagarði tölum við um Guðrúnu Lárusdóttur. Það er til mjög myndræn lýsing á því þegar Guðrún var beðin um að taka sæti á lista Sjálfstæðisflokksins 1930. Hún stóð þá í stórbvotti niðri í kjallara þegar Jón Þorláksson, nýkjörinn formaður flokksins, kom að máli við hana og hún mætti honum í tröppunum, með striga-svuntum framan á sér og hárið blautt af gufunni. Guðrún var ekki ókunnug pólitík og hafði þá þegar setið í bæjarstjórn. Þarna varð það að samkomulagi á milli þeirra að hún tæki annað sætið á lista sjálfstæðismanna án þess að vera bundin af flokksaga en Guðrún sagðist þurfa að fylgja eigin sannfæringu í hverju máli.“

## ÓVÆGIN UMRÆÐA

Á göngunni fara Margrét og Eyrún yfir baráttumál þessara fyrstu kvenna á Alþingi og velta fyrir sér hvernig starfsumhverfi þeirra hafi verið.

„Manni finnst eins og þessar fyrstu konur hafi ekki náð mörgum málum í gegn en þó má ekki draga allt of miklar ályktanir af því, almennt hafa þingmannamál ekki fengið mikinn framgang. Þá sýpur maður oft hveljur yfir því sem sagt var um þessar konur, útlit þeirra og vaxtarlag, hjúskaparstöðu og fleira,“ segir Margrét.

„Ingibjörg H. Bjarnason skrifaði í grein: „Fyrstu konurnar, brautryðjendurnir verða auðvitað fyrir ýmsu hnjaski aðeins vegna þess að þær eru konur. En slíkt má ekki setja fyrir sig. Þegar konum fjólgar á Alþingi hverfur það að ráðist sé á þær sérstaklega því þær eru konur.“ Þetta skrifað hún árið 1922 og það má alveg spyrja sig, er þetta mögulega að gerast ennþá? Umræðan var þó afar óvæginn á þessum tíma, líka gagnvart kórlum og pólitíkusar gáfu út heilu niðritin um andstæðinga sína.“

## JÓHANNA SÚ TÍUNDA

„Það slær mann helst þegar farið er yfir þessa sögu hvað hlutirnir hafa gengið hægt. Jóhanna Sig-



**FYRSTU ALÞINGISKONURNAR** Þær Eyrún Ingadóttir og Margrét Sveinbjörnsdóttir fjalla um fimm fyrstu konurnar sem kjörnar voru á þing í sögugöngu um miðbæ Reykjavíkur í dag. Gangan hefst klukkan 14 við Alþingishúsið.

MYND/GVA

urðardóttir, sem kjörin var á þing árið 1978, var tíunda konan sem kosin var á Alþingi. Það finnst mér merkilegt.“

Verkefnið er styrkt af Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

■ heida@365.is

**ora**  
Ástríða í matargerð

**GRILLAÐU AF ÁSTRÍÐU**

**NJÓTTU**  
GRILLUM SAMAN Í SUMAR

www.ora.is



## KONUR Á SJÓ

Áhugaverð sýning í Sjóminjasafni Reykjavíkur.

SJÓKONUR – sjósókn íslenskra kvenna í fortíð og nútíð er heiti sýningar sem stendur nú yfir í Sjóminjasafninu í Reykjavík. Sýningin er samstarfsverkefni Borgarsögusafns og Dr. Margaret E. Willson mannfraeðings við háskólann í Washington í Bandaríkjunum. Undanfarnir ár hefur hún safnað heimildum um sjósókn íslenskra kvenna, frá upphafi byggðar til vorra daga.

Sýningin byggir á áður óbirtum rannsóknum Dr. Willson en þær kollvarpa þeim hugmyndum sem uppi eru um sjósókn kvenna sem var og er mun almennari en áður var talið.

Að sögn Dr. Willson var stéttaskipting milli vinnumanna og kvenna í landi nokkuð skýr og var hlutur kvenna knappari en vinnumanna. Aftur á móti nutu konur sem sóttu sjó sömu kjara og réttar og karlmenn í sömu stöðu.

Frásagnir af konum sem sóttu sjó markast ekki síst af hugdirfsku þeirra á sjó, útsjónarsemi og styrk. Heimildir greina frá aflasæknum konum og kvenkyns



**Á SJÓ** Inga Fanney Egilsdóttir með vinnufélögum um borð í fragtskipinu Hvalvík árið 1988-89. Inga Fanney er í dag stýrimaður á fragtskipinu Godafossi.

formönnum. Finna má frásagnir af konum sem fæddu börn úti á opnu hafi eða í flæðarmáli rétt eftir landingu. Þessi dæmi og fjölmörg fleiri benda til þess að sjósókn hafi verið eðlilegur hluti af lífi margra kvenna. Dr. Willson bendir á að þrátt fyrir fjölmörg dæmi í fortíð og nútíð um konur til sjós virðist almenningur í landi líta svo á að konur sé ekki að finna í þeim geira. Þó stunda fleiri konur sjóinn á Íslandi miðað við önnur iðnvædd ríki.

# ÚTSALA! ÚTSALA!

## 20 – 60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

20-40%  
af öllu frá  
HOUSEDOCTOR



20-40%  
af öllu frá  
ETHNICRAFT



20-40%  
af öllum vörum frá  
UMBRA



20-60%  
af öllum vörum frá  
HABITAT



habitat 



# BREYTT MATARÆÐI SKIPTI SKÖPUM

**UPPSKRIFT** Hrönn Óskarsdóttir stofnaði Facebook-hóp um hveiti-, sykur-, ger- og mjólkurlausan mat eftir að hún sjálf læknaðist af óútskýrðum veikindum með því að breyta um mataræði. Hér gefur hún uppskrift að gómsætri pítsu.

Fyrir nokkrum árum veiktist Hrönn skyndilega og án sýnilegrar ástæðu. „Ég stóð varla upp úr rúminu í hátt í ár. Ég gekk á milli lækna sem vissu ekki hvað var að en komu með tilgátur á borð við MS, vefjagigt og æxli,“ segir Hrönn sem er viðskiptafræðingur og starfar hjá Aton við almannatengsl og ráðgjöf. Hrönn varð afar glöð þegar hún hitti lækni sem benti henni á að taka út allar matvörur sem innihéldu hveiti, sykur, ger og mjólk. „Hann taldi að ég væri með ofvöxt af candida og óæskilegum bakteríum. Hann gaf mér lyf við því og mælti með því að ég breytti um mataræði.“ Hrönn fylgdi leiðbeiningum læknisins og innan skamms kenndi hún sér einskis meins.

Að breyta um mataræði reynist mörgum erfitt en Hrönn tók því fagnandi enda mun betri niðurstaða í hennar veikindum en hún óttaðist. „Reyndar þyrmdi aðeins yfir mig fyrstu dagana og ég nánast sveltí mig þar sem ég vissi ekkert hvað ég ætti að borða,“ segir hún glettin en smám saman lærði hún tókin. Hún heyrði að fleiri í kringum hana væru að velja þessum hlutum fyrir sér og stofnaði því hóp á Facebook undir heitinu Matur án hveit/sykur/ger/mjólk. „Hann



**MÆÐGIN** Hér er Hrönn með syni sínum Patrik Hafsteini sem þykir pítsa mömmu sinnar afar góð líkt og bræðrum hans.

átti bara að vera fyrir mig og nokkra í kringum mig en áhuginn er svo mikill að meðlimir hópsins eru tæplega fimm þúsund í dag,“ segir hún. Á síðunni deilir fólk uppskriftum og ráðum og getur sett fram spurningar.

Eitt af því sem breyttist hjá Hrönn var föstudagspítsan. „Við vorum alltaf með pítsu á föstudögum sem datt út þegar

ég breytti mataræðinu. Ekki var mikil hamingja með það hjá eiginmanninum og sonunum þremur. Þess vegna fór ég að prófa mig áfram með speltpítsu með miklu grænmeti. Það kom mér á óvart að strákunum fannst þetta bestu pítsur sem þeir höfðu smakkað,“ segir Hrönn glaðlega og gefur hér uppskrift að pítsunni góðu.

## BESTA HEILSUPÍTSAN Í BÆNUM

### Pítsabotn

4 dl spelt (hægt að nota fint, gróft eða bæði fint og gróft)

2,5 msk. vinsteinslyftiduft

3 msk. olía (ólífuolía eða önnur kaldpressuð olía)

150-200 ml heitt vatn

2 tsk. heitt pizzakrydd frá Pottagöldrum (þetta krydd er sterkt en nauðsynlegt í pítsugerðina)

Blandið þurrrefnunum saman í skál, ég nota hnoðarann á hrærivélinni minni. Bætið olíunni við og endið á að setja vatnið rólega út í á meðan vélin er í gangi. Þegar deigið myndar kúlu í vélinni er það tilbúið. Stráið smá spelti á bökkunarpappír og fletjið deigið út. Forbakið við 180°C í 3-4 mín. Látið rakt stykki ofan á botnana svo þeir haldist mjúkir. Þessi uppskrift passar í eina ofnskúffu.



### Álegg

2 rauðlaukar

3 tómatar

1 þúrrulaukur

Sveppir

Allt saxað niður og sett í skál með olíu og 1 tsk. af heitu pizzakryddi (eftir því hvað fólk vill hafa sterkt) og smá salt.

### Sósa

Ég nota oft sósuna hennar Ebbu sem er lifræn tómátupúrta og lifræn tómatsósa blönduð til helminga. En stundum nota ég Hunts-pítsasósu, hún er sykurlaus en með einhverjum aukaeftum eins og flestar af þessum tilbúnu sósam.

Eftir að botnarnir hafa verið forbakaðir er pítsusósan sett á, síðan er niðurskorna grænmetið sett á og sett inn í 180 gráða heitan ofn í ca. 15 mínútur.

Áður en pítsan er borin fram set ég vel af klettasalati og oft einhverjar hnetur sem ég á. Núna setti ég ristaðar kasjúhnetur.



MADE IN GERMANY  
Since 1950

Hefur hlotið  
frábæra dóma!

**SONAX LAKKVÖRN+GLJÁI –  
Sterk og endingargóð gljávörn!**

**SONAX®**



**NÝTINN** Örn Hackert gefur gömlum hlutum nýtt líf.

MYND/GVA

## RIS OG FALL TURNA

Helsta áhugamál Arnar Hackert er að gefa gömlum viði nýtt hlutverk undir merkinu Hackert Design.

Meðal hráefna sem hann notar eru mandarínukassar, burstabitar og rekaviður. Nýlega lauk hann við verk úr gömlum glugga sem sýnir ris og fall tvíbura-turnanna í New York. „Gluggann sjálfan fékk ég úr gömlu húsi sem stendur við Garðastræti

en í honum eru átta minni gler. Hann var frekar illa farinn og það átti að henda honum en ég ákvað að nýta hann í eitt-

hvað skemmtilegt.“ Inn í gluggann hefur Örn smíðað tímalínu um Tvíbura-turnana í New York en bygging þeirra hófst árið 1970. Saga bygginganna er svo rakin í grófum dráttum til falls þeirra árið 2001 og þar til Freedom Tower var vígður í nóvember í fyrra.

Hönnun Arnar má sjá inn á Facebook-síðunni Hackert Design.



## Forstöðumaður matvælasviðs

www.intellecta.is  
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Öflugt framleiðslu- og innflutningsfyrirtæki óskar eftir að ráða forstöðumann matvælasviðs.

### Starfssvið

- Leiðir starfsemi sviðsins og ber ábyrgð á fjárhagslegri afkomu og starfsemi
- Aflar og viðheldur viðskiptasamböndum
- Skipuleggur sölu og þjónustu sviðsins
- Mótar stefnu og setur sviðinu markmið
- Útbýr rekstrar- og innkaupaáætlanir
- Hefur umsjón með og þróar vöruval
- Skipuleggur markaðs- og kynningarstarf í samráði við markaðsstjóra
- Stjórnun og mannauðsmál sviðsins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, vörustjórnun eða sambærileg menntun
- Árangursrík starfsreynsla af sölu- og samningagerð
- Haldgöð starfsreynsla á smásölumarkaði eða heildverslun
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) og Torfi Markússon ([torfi@intellecta.is](mailto:torfi@intellecta.is)) í síma 511 1225.

Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) í síðasta lagi 29. júní 2015. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

intellecta  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

www.n1.is

facebook.com/enneinn

## Rekstrarstjóri

N1 leitar að öflugum rekstrarstjóra til að taka þátt í enn frekari uppbyggingu þjónustustöðva N1 um land allt. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og markaðssetningu þjónustustöðva N1 ásamt innkaupum og vörustjórnun á öðrum vörum en eldsneyti.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikil færni í mannlegum samskiptum, reynsla af stjórnun skilyrði
- Lausnamiðaður, árangursdrifinn og með góða þekkingu á rekstri
- Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af vörustjórnun og markaðssetningu

### Verkefni rekstrarstjóra eru meðal annars:

- Gerð rekstrar- og tekjuáætlana fyrir þjónustustöðvar
- Gerð árangurstengdra markmiða og eftirlit með að þeim sé náð

- Dagleg samskipti við stöðvarstjóra og umboðsmenn N1 um land allt
- Gerð samninga við birgja vegna innkaupa á vörum öðrum en eldsneyti
- Ber ábyrgð á verðlagningu vöru og þjónustu og hefur eftirlit með að markmiðum um framlegð og veltuhraða sé náð
- Ber ábyrgð á að framstilling, uppröðun og útlit stöðvanna sé í samræmi við kröfur N1
- Tekur þátt í stefnumótun og uppbyggingu N1 netsins um land allt

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðný Rósa Þorvarðardóttir, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs – [gudny@n1.is](mailto:gudny@n1.is)

Umsóknir óskast sendar á netfangið [atvinna@n1.is](mailto:atvinna@n1.is). Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí næstkomandi.

Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði er heitið. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um. Umsókn fylgi starfsferilskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



N1 rekur 27 þjónustustöðvar og 68 eldsneytisafgreiðslur auk þess sem 80 umboðsmenn selja vörur frá N1 um land allt. Á þjónustustöðvum er áhersla á góða þjónustu, úrval nauðsynjavöru og fjölbreyttar veitingar.

Hluti af íslensku samfélagi



# Kraftvélar óska eftir að ráða öfluga starfsmenn



## Viðgerðarmaður

Óskum eftir vönum viðgerðarmanni.

þarf að vera vanur almennum viðgerðum, s.s. á vinnuvélum, lyfturum, landbúnaðartækjum, vörubifreiðum ofl.

## Mechanic / technician

**Mechanic wanted with experience in repairing machines.**

Employee needs to be used to repairing industrial equipments such as excavators, forklift trucks, tractors, commercial vehicles or other related equipment.

**Áhugasamir sendi umsókn fyrir 5. júlí á netfangið [dora@kraftvelar.is](mailto:dora@kraftvelar.is), merkt starfi sem sótt er um. Öllum umsóknum verður svarað.**

**Please send your application to [dora@kraftvelar.is](mailto:dora@kraftvelar.is) before July 5th. - All applications will be answered.**

## Standsetningar nýrra tækja

Óskum eftir starfsmanni í standsetningar.

Umsækjandi þarf að hafa ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum, vera jákvæður, áhugasamur og hafa metnað fyrir starfinu.

## Pre delivery inspection

**PDI technician wanted for pre delivery inspection.**

Employee needs to receive new equipment delivered to Kraftvélar and perform routine inspections as designated by the manufacturer and polish before delivery to customer.



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500  
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526  
[www.kraftvelar.is](http://www.kraftvelar.is) • [kraftvelar@kraftvelar.is](mailto:kraftvelar@kraftvelar.is)



Siminn

Ert þú hæfileikaríki nýi  
vörustjórinn okkar?

Vöru- og viðskiptaþróun leitar að vörustjóra  
fyrir sjávarútvegslausnir

Starfið felur í sér þróun og rekstur á vörum og lausnum Símans.

Helstu verkefni:

- Nýsköpun og stefnumótun
- Greining á vörum sem eru komnar á enda lífdaga og skipulagning útfösunar
- Aðgerðabinding frávika og eftirfylgni með þeim
- Miðlun upplýsinga og fræðsla
- Fylgjast með þróun og tækifærum í fjarskipta- og upplýsingatækni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskipta-, tækni- eða verkfræði æskilegt
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að vinna með tölur og gögn
- Frumkvæði og drifkraftur
- Hæfni til að halda kynningar

Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk.

Upplýsingar veitir Ragna Margrét Norðdahl [ragnam@siminn.is](mailto:ragnam@siminn.is)





## Aðalbókari Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða aðalbókara á Fjármála- og stjórnsýslusvið. Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Dalvíkurbyggðar, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn að þróast áfram í starfi og aðlaga sig að breyttu starfsumhverfi á hverjum tíma. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið:

- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi
- Umsjón með bókhaldskerfinu Dynamics NAV
- Skilagreinar, milliuppgjör og áætlanagerð
- Uppgjör og frágangur bókhalds
- Innra eftirlit
- Greining og úrvinnsla gagna
- Eftirfylgni og endurgjöf
- Önnur verkefni

### Menntunar - og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða viðurkenndur bókari skilyrði
- Góð þekking og reynsla af bókhaldi er skilyrði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er kostur
- Góð þekking á upplýsingatækni æskileg, þekking á Dynamics NAV kostur
- Hæfni til að greina gögn og upplýsingar
- Skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Metnaður til árangurs og jákvæðni

Dalvíkurbyggð er 1900 manna sveitarfélag við Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar með besta móti.

Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) og Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent

# VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÞÉR!



## SÖLU OG MARKAÐSSVIÐ BYKO ÓSKAR EFTIR SÖLUMANNI / VERKEFNASTJÓRA

### STARFSSVIÐ

Starfið felur í sér tilboðsgerð, sölu og ráðgjöf á stálgrindarhúsum, samskiptum við erlenda birgja, innviðum fyrir landbúnað ásamt öðrum sérlausnum til verktaka, bænda og annarra aðila.

### HÆFNISKRÖFUR

Við leitum að öflugum einstaklingi með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum sem býr yfir menntun sem nýtist í starfi og er búfræðimenntun þar mikill kostur, ásamt reynslu af sölu og þekkingu á byggingavörumarkaði.

Góð tölvukunnátta er æskileg, þekking og notkun á teikniforritum eins og Autocad er kostur.

Viðkomandi verður að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi ásamt því að búa yfir stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 5. júlí nk. og sótt er um störfin á [www.byko.is](http://www.byko.is). Nánari upplýsingar gefur Árni Reynir Alfredsson, mannauðsstjóri, [arnireynir@byko.is](mailto:arnireynir@byko.is).



byko.is

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN



## Deildarstjóri Burðarnets

Ert þú öflugur stjórnandi sem getur tekist á við krefjandi verkefni? Þá gæti deildarstjóri Burðarnets Vodafone verið framtíðarstarfið þitt.

Deildarstjóri Burðarnets ber ábyrgð á hönnun og rekstri gagnaflutningskerfa Vodafone og stoðkerfi þeirra, kemur að stefnumörkun, áætlanagerð og öðrum framkvæmdum tengdum gagnaflutningi.

**Allar nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á [vodafone.is/storf](http://vodafone.is/storf)**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2015.**

**Vodafone**  
Við tengjum þig



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## Staða 1. óbóleikara

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu leiðara í óbódeild frá og með 1. janúar 2016.

Hæfnispróf fer fram 15. september 2015 í Hörpu.

Umsóknarfrestur er til 13. júlí 2015.

Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eypórsdóttur, mannauðsstjóra ([una@sinfonia.is](mailto:una@sinfonia.is)).

**Einleiksverk:**

1. Mozart, óbókonsert, 1. og 2. kafli, engar kadensur, (Bärenreiter útgáfa)
2. Strauss, óbókonsert, 1. og 2. kafli, (Boosey and Hawkes útgáfa).

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, [sinfonia.is](http://sinfonia.is), og hjá mannauðsstjóra ([una@sinfonia.is](mailto:una@sinfonia.is)) í síma 898 5017.

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) » 545 2500



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika og sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

### Starfsmaður í myntsafni

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða starfsmann fyrir Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns. Starfið er á sviði rekstrar og starfsmannamála, innri upplýsingaþjónustu. Um er að ræða 50-100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**

- Fylgjast með fánlegu safnefni.
- Val, skráning, ljósmyndun og frágangur á safnefni.
- Upplýsingaþjónusta við almenning.
- Aðstoð við innlenda og erlenda fræðimenn á sviði myntfræði.
- Upplýsingagjöf í heimlista fyrir mynt og seðla.
- Leiðsögn í sýningarsal.
- Undirbúningur og uppsetning sýninga safnsins og aðstoð við sérsýningar utan safns.

**Hæfniskröfur:**

- Mjög góð innsýn í útgáfu myntar og seðla, bæði íslenska sem erlendra, nýrra og gamalla.
- Þekking á einkagjaldmiðlum og notkun þeirra.
- Þekking á helstu gæðaflokkunarkerfum myntar og seðla.
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til að halda kynningar og veita leiðsögn á íslensku og ensku.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg og kunnátta í ljósmyndun og myndvinnslu er kostur.

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is). Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun bankans. Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí 2015.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dóra Guðný Sigurðardóttir, forstöðumaður innri upplýsingaþjónustu, í síma 569-9600.

## Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Torfnæs – 400 Ísafjörður | Sími 450 4500 | Fax 450 4522 | [www.hvest.is](http://www.hvest.is)

### Hjúkrunarfræðingur – afleysing

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til afleysingar á heilsugæslustöðina á Ísafirði.

Um er að ræða 80-100% stöðu eða eftir nánara samkomulagi. Laun samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og stofnanasamningi.

Nánari upplýsingar veitir Anette Hansen deildarstjóri í síma 450 4500 og á [anette@hvest.is](mailto:anette@hvest.is).

- Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2015.
- Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, Torfnæs, 400 Ísafirði eða í netfang [anette@hvest.is](mailto:anette@hvest.is) fyrir 1. júlí næstkomandi.
- Umsóknareyðublað er að finna á vefnum [www.hvest.is](http://www.hvest.is) undir viðkomandi starfsauglýsingu og í afgreiðslu stofnunarinnar á Ísafirði.
- Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

## Við leitum að **sérfræðingi** til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni á starfsmannasviði

Landsvirkjun leggur áherslu á að skapa starfsfólki sínu fyrsta flokks vinnu-umhverfi og tryggja vellíðan þeirra í starfi. Hlutverk starfsmannasviðs er að sinna mannauðsstjórnun innan Landsvirkjunar og verkefnum þess er ætlað að styðja með beinum hætti við stefnumörkun fyrirtækisins. Við leggjum áherslu á að vera í fremstu röð í mannauðsmálum og styðjumst í því skyni við nýjustu upplýsingatækni. Markmið okkar er að auka starfsánægju og framleiðni starfsfólks Landsvirkjunar.

- Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi
- Fimm ára reynsla af sambærilegum störfum
- Mjög góð samskiptahæfni
- Atorkusemi og sjálfstæði
- Sérstaklega verður litið til þekkingar á sviði frammistöðustjórnunar, LEAN, upplýsingatækni, fræðslumála og fyrirtækjamenningar

## Við leitum að **yfirmanni sjóðastýringar** á fjármálasviði til að starfa í spennandi og alþjóðlegu umhverfi

Yfirmaður sjóðastýringar er hluti af fjárstýringu Landsvirkjunar og ber ábyrgð á daglegri lausafjárstýringu, gjaldeyrisviðskiptum, skammtíma-fjármögnun og ávöxtun lausafjár. Hann vinnur náið með öðrum sérfræðingum fjárstýringar.

Fjárstýring er mikilvægur hluti af starfsemi fjármálasviðs sem ber meðal annars ábyrgð á stýringu lausafjár, fjármögnun, fjárhagslegri áhættu og fer með samskipti við innlendar og erlendar fjármálastofnanir og matsfyrirtæki. Hlutverk fjármálasviðs er að skapa grundvöll fyrir hagkvæmni í rekstri og stuðla að hámarksárangri hjá öllum einingum Landsvirkjunar.

- Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi, t.a.m. viðskipta-, hag- eða verkfræði
- Reynsla af fjárstýringu og/eða fjármálamörkuðum æskileg
- Skipulags- og greiningarfærni
- Mjög góð þekking á tölfræði og reynsla af forritun er kostur
- Góð færni í íslensku og ensku nauðsynleg
- Mjög góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Sótt er um störfín á vef Capacent, nánari upplýsingar veita Sturla Jóhann Hreinsson, starfsmannastjóri Landsvirkjunar (sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is) og Hilmar Garðar Hjaltason, ráðgjafi hjá Capacent (hilmar.hjaltason@capacent.is). Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2015.



Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

**Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.**

SUBWAY® er alþjóðleg keðja með yfir 40 þúsund veitingastaði í rúmlega 100 löndum. Stjarnan ehf., einkaleyfishafi Subway á Íslandi, rekur 24 Subway veitingastaði á Íslandi sem staðsettir eru víða um land. Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994. Markmið Subway um allan heim er að bjóða upp á fjölbreyttan og bragðgóðan skynðibita með hollustu að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að matseðillinn bjóði upp á bragðgóða valkosti sem henta heilbrigðum lífsstíl. Strangt gæðaeftirlit tryggir að matvæli uppfylla ströngustu skilyrði um ferskleika og gæði.



## VERSLUNARSTJÓRI

Subway leitar að öflugum einstaklingi sem hefur áhuga á að ná árangri í starfi og efla okkar frábæra hóp. Um er að ræða framtíðarstarf á höfuðborgarsvæðinu. Gerðar eru kröfur um fagleg vinnubrögð, hagsýni, samskiptahæfni, frumkvæði, framúrskarandi þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Verslunarstjóri stýrir daglegum rekstri verslunar og er leiðtogi á sínum veitingastað. Starf hans er mjög fjölbreytt enda tekur verslunarstjóri þátt í öllum daglegum störfum staðarins og ber ábyrgð á starfsmannastjórnun á sínum stað. Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir þöntunum, uppgjörum, starfsmannamálum, þjónustu og afgreiðslu ásamt öllu öðru sem tilheyrir starfinu.

Óskað er eftir kraftmiklum starfsmanni með reynslu og þekkingu sem nýttist í starfi. Viðkomandi einstaklingur þarf að vera sveigjanlegur og viðsýnn í starfi og hafa getu til að leiða hóp starfsmanna ásamt því að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.

**Umsóknarfrestur er til 27. júní.** Umsóknir óskast sendar til mannauðsstjóra á netfangið: [ingibjorg@subway.is](mailto:ingibjorg@subway.is) Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.

## RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

Óskum eftir að ráða reyndan rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa

Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á [gunnar@rafstjorn.is](mailto:gunnar@rafstjorn.is)



[www.rafstjorn.is](http://www.rafstjorn.is)



FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.

Tæknimaður - Rafeindavirki

Fríðrik A. Jónsson ehf leitar að framtíðar starfsmanni.

### Starfslýsing:

Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi á siglinga- og fiskileitartækjum ásamt bilanagreiningu og bilanaleit á verkstæði og um borð í skipum og bátum.

### Hæfniskröfur:

Rafeindavirki eða sambærileg menntun. Jákvæðni og hæfileiki í mannlegum samskiptum. Áhugi til að læra og tileinka sér nýja tækni. Sjálfstæð vinnubrögð og góð þjónustulund.

Umsókn og ferilskrá með upplýsingum um menntun og reynslu sendist á [faj@faj.is](mailto:faj@faj.is)

Fríðrik A. Jónsson býr yfir 70 ára viðskiptasögu og er leiðandi í rafeindatækni og þjónustu fyrir skip og báta. Helstu vörumerki okkar eru SIMRAD siglinga og fiskileitartæki. OLEX þrívíddarplotter, Vingtor síma- og kallkerfi. AquaSignal og Norselight ljósabúnaður. Sailor og ICOM fjarskiptabúnaður. Lowrance siglingatæki og dýptarmælur. SeaStar hafupplýsingakerfi ásamt fjölmörgum öðrum.

Fríðrik A. Jónsson ehf - Miðhrauni 13  
Garðabæ - [www.faj.is](http://www.faj.is) - s. 552-2111

## Ráðningarþjónusta

# Skrifstofustarf



Sjúkraliðafélag Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan og vandvirkan einstakling til starfa á skrifstofu félagsins. Um fullt starf er að ræða.

### Starfssvið

- Þjónusta og ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála
- Samvinna við kjörna fulltrúa félagsins
- Textaskrif fyrir útgáfu og vef
- Önnur verkefni sem falla undir starfsemi félagsins
- Almenn afgreiðsla

### Menntunar og hæfniskröfur

- Menntun sem nýttist í starfi kostur
- Þekking og reynsla á kjara- og vinnumarkaðsmálum æskileg
- Áhugi, þekking og reynsla af mannauðsmálum æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar og sveigjanleiki í starfi
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta, m.a. Excel
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli
- Önnur tungumálakunnátta s.s. Norðurlandamál kostur

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)

## Fasteignir og lóðir



# REKSTRARSTJÓRI FASTEIGNA

Við leitum eftir kraftmiklum stjórnanda til starfa á rekstrarsviði Landspítala frá 1. ágúst 2015 eða eftir samkomulagi. Rekstrarstjóri fasteigna er yfirmaður umsjónareininga fasteigna og lóða Landspítala, stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri sem og viðhaldi fasteigna í samræmi við stefnu og gildi Landspítala. Landspítali er í um 150 þúsund fermetrum húsnæðis sem þjónar starfseminni, allt frá almennu skrifstofuhúsnæði upp í sérhæft húsnæði fyrir skurðstofur og sérþúnar rannsóknarstofur.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Tryggja að húsnæði Landspítala uppfylli kröfur laga og reglugerða, þar á meðal kröfur um aðbúnað sjúklinga og starfsmanna
- Verkefnastjórnun, áætlanagerð og stýring verkefna á hönnunar- og framkvæmdastigi
- Samskipti við byggingaryfirvöld, ytri eftirlitsaðila, ráðgjafa og notendur spítalans
- Gerð kostnaðaráætlana og kostnaðargát verkefna
- Þátttaka í undirbúningi nýbygginga Landspítala

### Hæfniskröfur

- Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
- Hæfni og geta til að starfa í teymi
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta
- Háskólapróf í byggingarverkefni/-tæknifræði

### Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí 2015.

Starfshlutfall er 100% og laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.

Nánari upplýsingar veita Aðalsteinn Pálsson, deildarstjóri ([adalstei@landspitali.is](mailto:adalstei@landspitali.is), 543 1504) og Viktor Ellertsson, mannauðsráðgjafi ([viktore@landspitali.is](mailto:viktore@landspitali.is), 543 1517).

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Leikskólinn Akrar

- sérkennsla

### Leikskólinn Hæðarból

- leikskólakennarar eða uppeldismenntaðir starfsmenn

### Álftanesskóli

- umsjónarkennari á yngsta stigi

### Flataskóli

- leikskólakennari eða starfsmaður við leikskóladeild

### Hofsstaðaskóli

- skólaliði

### Bæjarskrifstofur Garðabæjar

- talmeinafræðingur

### Hjúkrunarheimilið Ísafold

- hjúkrunardeildarstjóri
- sjúkraliðar
- starfsmenn í aðhlyningu

### Skammtíamavistunin að Móafliöt

- þroskaþjálfari
- starfsmaður á skammtíamavistun

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



GARÐABÆR  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

## Forstjóri Íbúðalánasjóðs

Stjórn Íbúðalánasjóðs leitar að kröftugum einstaklingi til að leiða sjóðinn í gegnum tímabil breytinga og skapa starfsfólki og viðskiptavinum jákvætt umhverfi á þeirri vegferð.

Forstjóri þarf að hafa góðan skilning á fjölbreyttum verkefnum sjóðsins og þekkingu á því lagaumhverfi sem hann starfar innan. Hann starfar náið með eftirlitsaðilum, velferðarráðuneyti og stjórn sjóðsins að markmiðum hans. Stjórn Íbúðalánasjóðs ræður forstjóra til fimm ára í senn. Samkvæmt úrskurði kjararáðs eru mánaðarlaun forstjóra samkvæmt launaflokki 502-139 auk 43 eininga á mánuði fyrir yfirvinnu.

### Helstu verkefni

- Daglegur rekstur sjóðsins í umboði stjórnar
- Ábyrgð á fjármálum, fjármögnun og ávöxtun eigna
- Stefnumótun og markmiðasetning
- Áætlanagerð, gerð ársreikninga og ársskýrslna
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Samskipti og samstarf við ráðuneyti og opinberar stofnanir

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af fjármálastarfsemi
- Þekking á húsnæðismarkaðnum æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Skilningur á þjónustuhlutverki sjóðsins og gildi þess í öllu starfi hans

### Upplýsingar veita:

Leifur Geir Hafsteinsson  
leifurgeir@hagvangur.is

Sverrir Briem  
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí nk.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



# Við leitum að reyndum kerfisstjóra

Sæktu um fyrir 29. júní

Við leitum að öflugum og reynslumiklum starfsmanni í hóp þeirra sem sjá um krefjandi rekstur upplýsingatæknikerfa Nova. Viðkomandi þarf að hafa ástríðu fyrir kerfisrekstri og góðu notendaviðmóti í samskiptum. Við erum fjölmörg sem njótum þess að fást við tæknina alla daga og einfalda líf þeirra sem þurfa á okkur að halda.

Hjá Nova rekum við fjölbreytt tækniumhverfi — að mestu í virtual umhverfi (VMware og Hyper-V). Nokkur hundruð vélar eru í rekstri þar sem miklar kröfur eru gerðar um öryggi, uppitíma og afköst. Helstu viðskiptakerfi í rekstri eru nova.is, Dynamics Navision og MS CRM sem og rauntímasamskipti við mismunandi þjónustur. Umfangsmikið þjónustuumhverfi (SOA) keyrir á Microsoft og Linux stýrikerfum. Við nýtum Agile hugmyndafræðina og tökum mið af hugmyndaðum vinnu-aðferðum í hópavinnu.

**Hæfniskröfur:** Starfsmaður þarf að hafa að lágmarki fimm ára reynslu af kerfisrekstri. Mjög góð þekking á Windows stýrikerfum og IIS er nauðsynleg. Þekking á rekstri MS SQL þjóna er æskileg.

Áhugasamir sæki um á [nova.is](http://nova.is) fyrir 29. júní

Allar nánari upplýsingar veitir Eva Ýr Gunnlaugsdóttir, [evag@nova.is](mailto:evag@nova.is).

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA



## Umburðarlyndi, víðsýni og takmarkalaus þolinmæði

MIRACLE



Við höfum laust starf fyrir rúmlega meðalgreindan einstakling sem leitar að þægilegri innivinnu.

Starfið felst í hönnun, þróun hugmynda og forritun í teymi sem vinnur að nýsköpunarverkefnum.

Kröfur til umsækjenda eru hóflegar:

- Kunnátta og reynsla í forritun og hönnun hugbúnaðar.
- Áhugi og geta til að læra.
- Metnaður til að taka til í eldhúsinu eftir sig.

Viðeigandi tízkuorð: Vélrænt gagnanám (machine learning), atburðagreining (complex event processing), stjórnun hugbúnaðarverkefna, uppbygging, þróun og nýsköpun.

Miracle var stofnað árið 2003 og hefur alla tíð starfað í anda einkunnarorða sinna: umburðarlyndis, víðsýni og takmarkalausrar þolinmæði. Hjá fyrirtækinu starfar öflugt teymi sérfræðinga á sviði viðskiptagreiningar, gagnagrunna, hugbúnaðargerðar, rekstrar og öryggis.

Áhugasamir sendir umsóknir og ferilskrá (sína eigin) til [gj@miracle.is](mailto:gj@miracle.is) eða mæti með slíkt í höfuðstöðvar okkar í Síðumúla 3. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 666 1417. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Miracle ehf / Síðumúla 3 / 108 Reykjavík  
Sími: +354 544 5900 / Fax: +354 544 5901

[www.miracle.is](http://www.miracle.is)

## Afleysingamenn leigubílstjóra Námskeið

Með vísun til laga nr. 134/2002 um leigubifreiðar, gengst Samgöngustofa fyrir námskeiði fyrir afleysingamenn leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd **dagana 23., 24. og 25. júní 2015.**

Þátttaka tilkynnast fyrir mánudaginn 9. júní til Ökuskólans í Mjódd í síma 567-0300

**Næsta námskeið eftir það verður í byrjun september.**



Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku

## Verslunarstjóri

Icewear óskar eftir að ráða verslunarstjóra til starfa. Verslunin er staðsett í miðbæ Reykjavíkur.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verslunarstjórn æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvu- og enskukunnátta
- Gott auga fyrir útstillingum

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast á rafrænu formi á netfangið: [fridrik@icewear.is](mailto:fridrik@icewear.is) merkt **verslunarstjóri fyrir 1. júlí.**

Umsóknum er ekki svarað í síma.

Um Icewear: Icewear var stofnað 1972 og starfaði lengst af í ullariðnaði. Á undanföllum árum hefur fyrirtækið þróað útvarslunina sem er seld í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku undir vörumerkjunum Icewear og Norwear. Víkurþjón er nú í eigu fyrirtækisins og framleiðum við þar íslenskt hannaðar ullarvörur.



Borgarholtsskóli  
bókmennt • handmennt • síðmennt

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknaði, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: **agi, virðing, væntingar.**

## Laus störf við Borgarholtsskóla haustið 2015

**Etirtalin störf eru laus til umsóknar hjá Borgarholtsskóla:**

- Tvær stöður kennara í bifvélavirkjun. Önnur staðan er til afleysinga í eitt ár.

Gerð er krafa um að umsækjendur hafi lokið prófi í iðngrein sinni og hafi starfsleyfi sem framhaldsskólakennarar.

Ráðning og kjör: Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Borgarholtsskóla. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.

Jafnt konur og karlar eru hvött til að sækja um störf. Sakavottorð fylgi umsókn.

Á heimasíðu skólans, [www.bhs.is](http://www.bhs.is), er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans. Upplýsingar um störf veitir Kristján M. Gunnarsson, kennslustjóri, s. 894 4351. Umsóknir sendist í tölvupósti til Bryndísar Sigurjónsdóttur skólameistara, [bryndis@bhs.is](mailto:bryndis@bhs.is), fyrir 4. ágúst 2015.

Skólameistari

## Capacent Ráðningar

capacent

# SMIÐIR ÓSKAST



PG Verk óskar eftir að ráða kraftmikla smiði í hóp öflugra starfsmanna okkar.

- Góð laun í boði, allir smiðir í mælingu
- Virkt og öflugt starfsmannafélag
- Góð vinnuaðstaða
- Mörg verkefni framundan

Umsóknir er hægt að fylla út á [tgverk.is](http://tgverk.is) undir flípanum fyrirtækið/starfsúmsókn eða í síma 534 8400 þar sem jafnframt er hægt að fá nánari upplýsingar um störf.

Lágmúla 7 | 108 Reykjavík | Sími 534 8400 | [www.tgverk.is](http://www.tgverk.is)



# www.vinna.is

vinna.is  
sími: 511 1144

## Blönduósbær Grunnskólakennarar



### Sérkennara vantar til starfa við Blönduskóla.

Um er að ræða afleysingu, eitt skólaár,  
## Petta eru allt sögur fólksins af svæðinu

Heima er þar sem ég halla mér er leiksyning í rútuferð frá Kópaskeri til Raufarhafnar sem verður frumsýnd í dag á sólstöðuhátíð á Kópaskeri.

„Ég er stódd hérna miðja vegu uppi á Melrakkaslétu í gargandi krúu að undirbúa morgundaginn,“ segir Aðalbjörg Árnadóttir leikkona sem vinnur að leiksyningunni Heima er þar sem ég halla mér, sem verður frumsýnd á sólstöðuhátíð á Kópaskeri í dag.

„Þetta er leiksyning en í óhefðbundinni leikmynd. Við bjóðum áhorfendur velkomna inn í rútu á Kópaskeri og þar með hefst ævinýrið þegar rútan keyrir áleiðis fyrir Melrakkasléttuna til Raufarhafnar.

Á leið sinni munu áhorfendur verða vitni að alls konar uppákomum, ekki bara inni í rútnu, heldur líka út um gluggann og á ákveðnum stöðum á leiðinni. Að lokinni sýningu er svo leikhúsgestum skilad inn á Kópasker.“

Aðalbjörg segir að upphaf þessa verkefnis megi rekja til átaksins Aftur heim, þar sem listamenn eru hvattir til þess að koma aftur í heimahaga sína og vinna þar

ad sköpun sinni. En yfirumsjón með verkefninu hafa Aðalbjörg og Jenný Lára Arnórsdóttir. „Við Jenný kynntumst í gegnum Aftur heim og við eigum báðar okkar rætur hér á þessu svæði. Amma mín er frá Oddsstöðum og Jenný er úr Mývatnssveit. En auk okkar þá taka þátt í þessu þær Katla Rut Pétursdóttir, Fanney Kristjánsdóttir og norsku listakonurnar Frid Halmøy, Áshild Pettersen og Mariell Amelie. Norsku listakonunum kynntumst við í gegnum sambærilegt verkefni sem er unnið þar og þá einkum í Norður-Noregi.“

Í leiksyningunni Heima er þar sem ég halla mér, er leitast við að taka inn sögu og umhverfi svæðisins með ýmsum hætti. „Ástæðan fyrir því að leiksyningin fer fram í rútuferð er ekki síst sú að fólk hefur í gegnum tíðina ferðast þennan spotta í alls kyns erindagjörðum. Margir hafa komið á svæðið til að sækja sér atvinnu. Til að taka þátt í síldarævintýri, þýskar konur

í leit að betra lífi, verkamenn til að vinna hjá Fjallalambi, tónlistarmenn að spila á böllum, embættismenn í ýmsum erindagjörðum og fleiri og fleiri. Það eru sögur þessa fólks og sögur heimafólks af samskiptum við það sem við erum að skoða.“

Aðalbjörg segir að heimfólkið hafi verið algjörlega frábært og reynst verkefninu afar hjálplegt. „Við erum ákaflega þakklát fyrir allan þann stuðning sem við höfum fengið hér á svæðinu. Bæði fyrirtæki og einstaklingar hafa reynst okkur vel. Nú er að verða uppselt í rútnu og ég jata það að ég er orðin dálítið spennat til sjá hverjir eru að koma til okkar. Svo er þetta líka sérstaklega stór dagur fyrir mig þar sem ég á tíu ára leikafmæli. Krakkarnir sem ég útskrifaðist með ætla að hittast í bröns en ég er alsæl að vera frekar að leika hér um sléttuna þvera og endilanga. Þetta verður alveg rosalega gaman.“

magnus@frettabladid.is

Góðar stundir gerast hægt



## Priggja heima saga springur út

BÆKUR ★★★★★

### Ormstunga

Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson

VAKA-HELGAPELL

Þeir Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson halda áfram að víkka og dýpka þann heim sem þeir hófu að skapa í Hrafnsauga í þriðju bók sagnabálksins Priggja heima sögu, Ormstunga. Hér er þráðurinn tekinn upp þar sem hann slitnaði í lok Draumsverðs, auk þess sem baráttan eftirlifenda í þorpinu Vébakka fær aukið rými og hinn þúsund ára galdramaður Raþarsas rifjar upp sögu sína. Ungmenninn þrjú, sem við þekkjum úr fyrri bókunum tveimur, Ragnar, Sirja og Breki, eru þó sem fyrr í forgrunni og við fylgjumst með þeim takast á við framandi aðstæður hverju í sínu lagi, þar sem sprengingin mikla í lok Draumsverðs hefur þeytt þeim hverju í sína áttina. Ragnar lendir í turni hinnar miklu galdrakonu Kymrosar, Breki hjá sléttuættbálki sem notar úlfa sem reiðskjóta og Sirja er seld í þrældóm hjá ógeðfældum eiganda sykurplanteckru. Það eru ekki beint glæsilegar framtíðarhorfur hjá neinu þeirra í upphafi sögu, en lesandinn trúir

því og treystir að þau komist í gegnum erfiðleikana með ráðsnilli sinni og fjölkynngi, en það væri ósanngjarn gagnvart tilvonandi lesendum að ljóstra því upp hvort það tekst.

Fyrsta bókin í bálkinum, Hrafnsauga, var kynnt til leiks sem unglings saga og því haldið áfram við útgáfu Draumsverðs. Ormstunga er hins vegar alls engin unglings saga heldur fullvaxin fantasía fyrir allan aldur og það er alveg óhætt að lofa lesendum sem komnir eru af unglingsaldri því að þeir verða ekki sviknir af lestri bókarinnar. Meira að segja þessi lesandi hér, sem ekki hefur mikið dálæti á fantasíum og furðusögum, heilladist upp úr skónum og gat varla lagt bókina frá sér fyrir spennu. Hér er einfaldlega verið að segja áhugaverða, vel byggða og vel hugsaða sögu með vísunum í allar áttir, áhugaverðri framvindu og persónum sem vekja áhuga og samlíðan.

Hér er fjallað um hina hefðbundnu baráttu góðs og illis, kúgun, þrælalald, kynferðislega misnotkun, villigötur trúarbragða, misþyrmingu á náttúrunni og fleira og fleira sem talar beint inn í samtímann þótt sögutíminn sé óljós og heimur sögunnar



skáldaður. Þetta er sem sagt breið fjölradda skáldsaga sem hægt er að lesa út frá fjölmörgum sjónarhornum og það skiptir engu í hvaða bókmenntageinu hún er flokkuð. Góð saga er góð saga hvert sem yrkisefnið er og þeir Kjartan Yngvi og Snæbjörn hafa hér náð fullum tökum á viðfangsefninu og skapað heim sem heillar og hrífur, vekur til umhugsunar og bregður upp óvæntum spegli á stöðu okkar í heiminum í dag.

Mesta athygli og aðáun vekur þó hversu mjög þeim hefur fleygt fram í stíl og frásagnarmáta. Það er alveg ljóst að hér eru komnir fram höfundar sem eiga eftir að láta að sér kveða í íslenskum bókmenntum og auðga þær með frásagnargleði sinni og þróun þess heillandi heims sem þeir hafa skapað. Það er nefnilega misskilningur að Ormstunga sé lokabindi Priggja heima sögu. Miðað við endi þessarar sögu er augljóst að það mun draga til verulegra tíðinda í næstu bók. Við biðum í ofvæni.

Fríðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Þriðja og besta bókin í Priggja heima sögu er ekki bara spennandi og áhugaverð fantasía heldur breið og margradda skáldsaga sem talar beint inn í samtímann.



Sendu okkur 5 toppa af Merrild umbúðum og þú gætir unnið hina sígildu kaffikönnu frá Stelton.

10 heppnir vinningshafar verða dregnir út í hverri viku frá 30. júní til 1. september 2015, alls 100 talsins.



Þátttökumsögur í öllum verslunum. Á Facebook-síðu okkar, Facebook/Merrild á Íslandi, verða birt úrslit auk frekari upplýsinga um leikinn.

# RÉTTA GJÖFIN Í ÚTSKRIFTINA



**Fjallaland**

**Vildarverð: 11.999.-**


Verð: 13.485.-



**Af jörðu**

**Vildarverð: 9.999.-**


Verð: 13.900.-



**Reykjavík sem ekki varð**

**Vildarverð: 7.399.-**

Verð: 8.299.-



**Passíusálmarnir**

**Vildarverð: 8.899.-**

Verð: 9.899.-



**Dancing Horizon**  
**Sigurður Guðmundsson**

**Vildarverð: 7.499.-**

Verð: 8.817.-



**I - Einbúar**

**Vildarverð: 6.999.-**

Verð: 7.999.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

**PENNINN**

**Eymundsson**

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími Vildarverða er frá 20. júní, til og með 22. júní. „Af jörðu“ vildartilboð gildir til 30. júní. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**LÝRAN GÓÐA**  
Inga notar tónlistina mikið og á músíkmeðferðarstofuna Hljómu.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hátíðin í ár hefur einnig sína sérstöðu, en í ár koma bara konur að tónlistarflutningi, en það er tileinkað hundrað ára kosningaafmæli kvenna.“

## Ekkert sem þarf að óttast á álfahátíðinni

Inga Björk Ingadóttir músíkmeðferðarfræðingur mun leika fagra tóna á lýruna sína í dag á Álfahátíð í Hellisgerði. Verður vart þverfótað þar fyrir fallettri tónlist.

„Þetta er ekkert spúki og alls ekki nauðsynlegt að trú á álfa, bara að hafa gaman af fallettri tónlist,“ segir Inga Björk Ingadóttir músíkmeðferðarfræðingur sem leikur á lýru og syngur á Litlu-Álfahátíðinni sem fram fer í Álfagarðinum í Hafnarfirði í dag.

„Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan árið 2011 og er í Hellisgerði, sem er í hjarta bæjarins, svona sannkölullu náttúruverla í miðjum bænum,“ útskýrir Inga.

Hátíðin er haldin á sumarsólstöðum, en það er alls ekki fyrir tilviljun. „Það er svo mikil orka og kraftur sem fylgir þessum tíma ársins sem opnar fyrir vináttutengsl milli

álfa, huldufólks og manna,“ bendir Inga laflétt á. „Hátíðin í ár hefur einnig sína sérstöðu, en í ár koma bara konur að tónlistarflutningi, en það er tileinkað hundrað ára kosningaafmæli kvenna.“

Fram koma auk Ingu, Terra Tirapelli sem leikur á indíanaflautu, Elaine Ní Cuana leikur á írsku sekkjapípu og Bergljót Arnalds sem flytur tónlist, þar sem hún notar meðal annars eigin hjartslátt til undirspils. Ragnhildur Jónsdóttir sjáandi mun halda erindi um álfa og náttúruverunnar á svæðinu.

Inga segir hátíðina henta allri fjölskyldunni, enda standi herlegheitin yfir frá klukkan tvö til fjög-

ur, og geti fólk bara kíkt við hvenær sem er á því tímabili.

„Það er nefnilega svo merkilegt að fá að spila úti undir berum himni, það verður allt öðruvísi en að gera það inni. Ég er nýr Hafnarfirðingur svo ég er algjörlega heilluð af Hellisgerði og er því mjög spennt fyrir að fá að leika á hátíðinni,“ segir Inga og skýtur að, að það séu sannarlega forréttindi að fá að spila í Álfagarðinum, og á sama tíma forréttindi að fá að hlýða á þessa óvenjulegu tóna. Hefst hátíðin fyrir framan álfakirkjuna við gosbrunninn með tónlist og álfabæn sjálfrar Tamínu álfkonu.

gudrun@frettabladid.is

## LAUGARDAGUR

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

20. JÚNÍ 2015

#### Tónleikar

**21.00** Félagarnir KK, Þorleifur Guðjónsson og Kormákur Geirharðsson koma saman öðru hvoru og spila gömlu lögin sem þeir hafa verið að spila í þessi rúm 20 ár. Í kvöld munu þeir stíga á svið á Borgarfirði eystri. Hvar: Fjarðarborg.

#### Opnanir

**15.00** Sýningin RÓT opnar í dag. Á sýningunni sameinast listamenn úr ólíkum listgreinum í gerð verka sem eru þróuð á staðnum með ólíkum áherslum. Verkin eru unnin samdægurs og sýnd. Hver dagur hefst á hugflæði þar sem allar hugmyndir eru viðráðar þangað til róttin, sem allir geta unnið út frá, er fundin. Þannig þróast sýningin og breytist fyrstu tvær vikur verkefnisins og í aðrar tvær vikur verða verkin til sýnis. Allt ferlið er opið gestum og gangandi. Hvar: í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi.

**16.00** Hug-Myndir 2015. Skúlptúrar og veggmyndir eftir Önnu Sigríði Sigurjónsdóttur og Marie-Thérèse Zink sýnd í sal Grafikfélagsins. Við opnuna flytur Anna Sigríður gjörning. Hvar: Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, gengið inn norðanmegin. Allir velkomnir.

#### Sýningar

**12.00** Sýningin KAF er opin um helgina, en listakonan Kolbrá Braga stendur fyrir henni í Gallerí Bakarf. Hvar: Skólavörðustígur 40.

**20.00** Tvær myndir úr sýningunni Rauverulegt líf, verða sýndar í Herðubreið, bíósal, í kvöld. Eru það myndirnar My Dreams Are Still About Flying eftir Cecilíu Nygren og Æ ofaní æ eftir Ragnheiði Gestsdóttur & Markús Þór Andrésson. Að sýningu lokinni munu Cecilia og Ragnheiður svara spurningum. Báðar myndirnar eru með enskum texta. Hvar: Herðubreið, bíósalur.

#### Bæjarhátíðir

**14.00** Dagskrá í tengslum við sýninguna Að bjarga heiminum: Gjörningar, fyrirlestrar, tónlist, ljóðlist, umræður, dans og söngur. Fram koma meðal annarra: Anna Richardsdóttir, Jón Laxdal Halldórsson, Arna Valsdóttir, Helgi og ljóðfæraleikararnir og Sigríður Ásný Ketilsdóttir, hljómsveitin Tonnatak auk fjölda annara. Alla dagskrána má nálgast á vefsíðunni [www.adbjargaheiminum.blogspot.com](http://www.adbjargaheiminum.blogspot.com). Hvar: Við verksmíðjuna á Hjalteyri.

## SUNNUDAGUR

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

21. JÚNÍ 2015

#### Hátíðir

**10.15** Barnadagur í Viðey er í dag. Barnadagurinn haldinn hátíðlegur í eyjunni. Yngstu meðlimir fjölskyldunnar boðnir sérstaklega velkomnir, og gert það sem börnum þykir skemmtilegt, svo sem leikir allan liðlangan daginn. Fullorðnir í fylgd með börnum eru auðvitað hjartanlega velkomnir líka. Ferjutollur er 1.100 fyrir fullorðna, en 550 krónur fyrir 7-15 ára og ókeypis fyrir 6 ára og yngri. Eldri borgarar greiða 900 krónur. Fyrsta ferð fer frá Skarfabakka kl 10.15.

#### Uppákomur

**10.00** Fyrsti Alþjóðlegi jóga dagurinn á Íslandi. Sendiráð Indlands á Íslandi, Jógakennarafélag Íslands og Harpa ráðstefnu og tónlistarhús standa sameiginlega að því að halda hátíð í tilefni af fyrsta Alþjóðlega jóga deginum. Hátíðin fer fram á torginu fyrir framan Hörpu, en ef veðurskilyrði verða óhagstæð verður hátíðin færð inn á fyrstu hæð Hörpunnar. Allir hjartanlega velkomnir.

#### Leiðsög

**15.00** SAMSPIL - SIGURJÓN ÓLAFSSON & FINN JUHL Hugarflug milli höggmyndar og hönnunar. Birgitta Spur leiðsögir um sýninguna. Hvar: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga 70.

#### Tónlist

**13.00** Tónlistarmarkaður Bazaarsins verður haldinn í dag. Bernhöfts Bazaar er nýr og skemmtilegur fjölþema útimarkaður sem haldinn verður á laugardögum frá 20 júní - 25 júlí á Bernhöftstorfu, horni Bankastrætis og Lækjargötu.



EMMSJÉ GAUTI

**20.00** Emmsjé Gauti verður í fullu fjöri á Prikinu í kvöld.

**22.00** DJ CasaNova verður á Kaffibarnum í kvöld og þeytir þar skífum.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir á Café Rosenberg í kvöld, en þeir hafa verið í verkfalli síðan í lok apríl að eigin sögn, og vita ekkert af hverju. Miðasala við inngang. Hvar: Café Rosenberg, Klapparstíg 25

**23.00** Blúskvöld á Bar 11 í kvöld, aðgangur ókeypis.

**23.55** Í kvöld mun Anna Jónsdóttir fara af stað með tónleikaröðina Uppi og niðri og þar í miðju. Anna er sópransöngkona og syngur íslensk þjóðlög án undirleiks, og segir þjóðsögur og fleira í þeim dúr. Hvar: Akranesviti.

#### Listamannspjall

**15.00** Listamannspjall við Kathy Clark í dag. Clark ræðir við gesti um sýninguna Bangsavættir sem nú stendur yfir í Hafnarhúsi. Listamannspjallið fer fram á ensku. Aðgangseyrir er kr. 1.400 krónur, ókeypis fyrir menningarkortshafa, eldri borgara (70 ára og eldri) og 18 ára og yngri. Hvar: Hafnarhús.

#### Fyrirlestrar

**14.00** Tveir áhugaverðir fyrirlestrar um mannabeinafræði á vegum Fornleifafræðifélags Íslands, Mannfræðifélags Íslands og Þjóðminjasafnsins. Annars vegar mun Dr. Rebecca Gowland halda erindi og hinsvegar prófessor Tim Thompson. Hvar: Fyrirlestrarsalur Þjóðminjasafnsins. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) og einnig er hægt að skrá þá inni á [visir.is](http://visir.is)

## Gas fyrir grillið, útileguna og heimilið

Smellugas er einfalt, öruggt og þægilegt!



2 kg 5 kg 10 kg 11 kg



**olis**

Vinur við veginn



BIRGITTA SPUR



**20%**

**AEG RYKSUGA**  
1500W  
VERD ÁÐUR...19.995  
TILBOD .....15.995

# ALLIR HÁRBLÁSARAR

**20% - 50%**



**Villeroy & Boch KAFFISTELL**  
18 stk.  
**50%**  
VERD ÁÐUR...29.995  
TILBOD .....14.995



**Villeroy & Boch MATARSTELL**  
12 stk.  
**50%**  
VERD ÁÐUR...29.995  
TILBOD .....14.995

# HELGARSPRENGJA 20-50% AFSL. AÐEINS UM HELGINA

# byggto og búid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS



**TRISTAR BLANDARI 500W**  
**30%**  
MYLUR KLAKA!  
VERD ÁÐUR... 9.995  
TILBOD ..... 6.995



**SMOOTHIE GLAS MED RÖRI**  
**40%**  
VERD ÁÐUR...2.495  
TILBOD .....1.495

## ÖLL GRILLÁHÖLD

**20% - 50%**



**WEBER KJÖTHITAMELIR PRÁÐLAUS**  
**20%**  
VERD ÁÐUR. 11.995  
TILBOD ..... 9.595



**WEBER KJÚKLINGA STANDUR**  
**20%**  
VERD ÁÐUR... 6.995  
TILBOD ..... 5.595



**HAMBORGARAPRESSA**  
**50%**  
VERD ÁÐUR... 1.495  
TILBOD ..... 745



**KUCHENPROFI GRILLÁHÖLD 3STK**  
**35%**  
VERD ÁÐUR...4.995  
TILBOD .....3.245



**GRILLPANNA 25x16sm**  
**50%**  
VERD ÁÐUR...3.995  
TILBOD .....1.995



**PIZZASTEINN Í GRIND 30sm**  
**35%**  
VERD ÁÐUR...3.995  
TILBOD .....2.595



**TRISTAR HITABLÁSARI 2000W**  
**25%**  
VERD ÁÐUR... 3.995  
TILBOD ..... 2.995



**GRUNWERG HNÍFAPARASETT 24STK - VESTA**  
**25%**  
VERD ÁÐUR... 7.995  
TILBOD ..... 5.995



**BORD- OG GÓLFVIFTUR**  
**20% AFSLÁTTUR**

## ALLAR TRISTAR PÖNNUR



**50%**  
**Virka á allar gerðir hellna!**



**Nýtt**  
Designed by **Jamie**

Meistarakokkurinn Jamie Oliver hefur nú ásamt grill teyminu sínu hannað frábæra línu af gas grillum sem eru tilvalin fyrir öll tilefni. Þessi glæsilega 2015 lína er byggð til að endast og hönnuð til að gera eldmennskuna fljótlega, auðveldla og gómsæta.

# Jamie Oliver Gas Grill



**Jamie Oliver G1040XX**  
• 2 brennarar  
• Grillgrindur úr pottjárni  
• Orka 24500 BTU-7.2 Kw  
• Grillflötur 52x44,5 sm  
• Þrýstijafnari fylgir ekki  
**VERD 57.995**  
Verð áður 64.995

**Jamie Oliver G1140XX**  
• 3 brennarar  
• Grillgrindur úr pottjárni  
• Orka 36900 BTU - 10.8 Kw  
• Grillflötur 63,6x44,5 sm  
• Þrýstijafnari fylgir ekki  
**VERD 74.995**  
Verð áður 79.995

**Jamie Oliver G1340XX**  
• 4 brennarar  
• Grillgrindur úr pottjárni  
• Orka 57700 BTU - 16.9 Kw  
• Grillflötur 84,8x44,5 sm  
• Þrýstijafnari fylgir ekki  
**VERD 94.995**  
Verð áður 99.995

**Jamie Oliver G1540XX**  
• 4 brennarar  
• Grillgrindur úr pottjárni  
• Orka 57700 BTU - 16.9 Kw  
• Grillflötur 84,8x44,5 sm  
• Þrýstijafnari fylgir ekki  
**VERD 139.995**  
Verð áður 149.995

# LÍFIÐ

## Pær tvær eru tilbúnar í frumsýningu á sunnudagskvöldið

Grínþættirnir verða á dagskrá kl 19.05 á stöð 2 á sunnudagskvöldum í sumar. Vala Kristín og Júlíana Sara skrifa handritið og leika í þáttunum.

Á sunnudagskvöld kl. 19.05 á Stöð 2 hefja göngu sína grínþættirnir Pær tvær sem Vala Kristín og Júlíana Sara skrifa og leika í.

„Þetta verður mikið af einstökum sketsum en við ætlum að leyfa einstaka karakterum að vera með sögu í gegnum seríuna,“ segir Júlíana. Þættirnir verða sex talsins, 20 mínútur hver. Gert verður grín að öllu og munu þær fá með sér ýmsa gestaleikara. Jón

Grétar Gissurarson leikstýrir þáttunum.

Júlíana og Vala léku fyrst saman í leikriti í Verzló en síðan þá hafa þær haldið sambandi og vissu alltaf að þær langaði að vinna meira saman í framtíðinni. „Á seinasta ári fengum við svo margar hugmyndir að við ákváðum að taka upp tvo sketsa á símana okkar og fara með þá upp í 365. Síðan tókum við upp pilot-þátt og eftir það byrjuðum við framleiðslu á þáttunum,“ segir Júlíana.

Vala Kristín er að útskrifast úr leiklistardeild Listaháskólans um helgina og Júlíana er nýútskrifuð úr leiklistarskóla í London. „Það er allt klappað og klárt fyrir sunnudaginn, bíðið að klippa allt og nú erum við bara að bíða eftir stóru stundinni,“ segir Júlíana.

- GJ

**PÆR TVÆR** Þættirnir hefja göngu sína á sunnudaginn.

MYND/JÚLÍANA



## Ný íslensk kvikmynd frumsýnd

Hátíðarsýning var í Háskólabíói á kvikmyndinni Albatross, á fimmtudag. Myndin var frumsýnd í gærkvöldi en Albatross er leikstýrt af Snævari Sölvassyni og með aðalhlutverk fer Ævar Arnar Jóhannsson. Önnur helstu hlutverk eru í höndum Finnboga Dags Sigurðssonar, Gunnars Kristinssonar, Birnu Hjaltalín Pálmadóttur og Pálma Gestssonar. Það var góð stemning og vel mætt í Háskólabíói á fimmtudag.



**HRESSIR** Júlíus Kemp, Guðmundur Breiðfjörð og Ari Kristinsson voru hressir.



**Í GÓÐUM GÍR** Hér má sjá helstu leikara myndarinnar auk leikstjóra hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í STUÐI** Harpa Fönn Sigurjónsdóttir og Marsibil Sæmundardóttir voru í stuði á fimmtudagskvöld.



**GÓÐUR HÓPUR** Trausti, Emil, Sigrún og Alexandra voru góð saman.



**KÍKTU Í BÍÓ** Hjörðís Sigurðardóttir og Benedikt Bjarnason skelltu sér í bíói.



**Í STUÐI** Þeir Haraldur Hjálmarsson og Sigurbór Gunnarsson kíktu á Albatross í Háskólabíói.



**VEL MÆTT** Elli Egils, María Birta, Birna Hjaltalín, Pálmi Gestsson, Mímir Bjarki, Harpa Mjöll og Dillý voru í góðu stuði.



**ALSÆLIR** Ævar, aðalleikari Albatross, og Snævar leikstjóri voru alsælir.

# POPP OG COKE

*Sígild tvenna sem er alltaf jafn góð*



**FRÁBÆRT  
TVENNU-  
TILBOÐ**



**299** kr.

COCA COLA 1 L +  
STJÖRNUPOPP 90 G



ÓPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan biggðir endast.

PPAX TBWA - SIA - 132004

# STÆRSTU STJÖRNURNAR Á SECRET SOLSTICE

Kjartan Atli  
Kjartansson  
kjartanatti@365.is



Tónlistarhátíðin Secret Solstice hófst í gær með pompi og prakt. Allir miðar á hátíðina seldust upp og verða gestirnir í Laugardalnum tíu þúsund talsins yfir helgina. Fréttablaðið fer stuttlega yfir feril stærstu stjarnanna á Solstice sem koma fram í dag og á morgun. Nokkrir heimsþekktir listamenn koma fram á hátíðinni, meðal annars leynigesturinn Busta Rhymes. Í gærkvöldi söng bandaríska söngkonan Kelis á aðalsviðinu og dubstep-hetjan Skream kom einnig fram.



## Wu-Tang Clan Á sunnudeginum

Þessi bandaríska rappsveit frá New York er ein sú þekktasta í heiminum. Wu-Tang Clan hefur mótað rappsöguna að vissu leyti og hefur sveitin og meðlimir hennar selt yfir 40 milljónir eintaka af plötum sínum. Flestir meðlimanna hafa gefið út sólóplötur og eru margir þeirra í hlíðarverkefnum. Sveitin gaf út sína fyrstu plötu árið 1993, undir titlinum Enter the Wu-Tang (36 Chambers). Platan sló eftirminnilega í gegn í Bandaríkjunum. Þegar breiðskífa sveitarinnar Wu-Tang Forever kom út árið 1997 öðlaðist sveitin heimsfrægð. Núlifandi meðlimir sveitarinnar eru nú talsins og er óvíst hversu margir þeirra mæta. RZA, Method Man og Raekwon hafa ekki ferðast með sveitinni um Evrópu að undanfögnu. En þrátt fyrir það hefur sveitin fengið fína dóma fyrir frammistöðu sína á tónleikum og tónlistarhátíðum.

## Charles Bradley Á sunnudeginum



Charles Bradley sló í gegn á sjötugsaldri eftir að hafa átt erfða ævi. Í viðtali við Fréttablaðið sagði hann frá því hvernig hann þurfti að sjá um sig sjálfur frá 14 ára aldri. Bradley hefur alltaf verið aðdáandi James Brown og vakti athygli plötuútgefanda þegar hann söng lög eftir goðið á lítilli knæpu í New York. Fyrsta breiðskífa Bradleys kom út fyrir fjórum árum, þegar hann var 63 ára gamall. Hann er vinsæll á vefnum Youtube þar sem sum laga hans hafa verið leikin í milljónir skipta.

Charles Bradley leikur sálartónlist af gamla skólanum og er meðlimur í hreyfingu sem einbeitir sér að því að endurvekja klassíska sálar- og fönktónlist. Bradley þykir mikill skemmtikraftur og öflugur á sviði. Hann hefur ferðast um allan heim og komið fram á sumum af stærstu tónlistarhátíðum heims.

## FKA Twigs Á sunnudeginum



Hin 27 ára gamla söngkona FKA Twigs, sem kemur frá Englandi, er á mikilli uppleið í tónlistarheiminum. Tónlist hennar þykir vera í anda Tricky og Massive Attack en flutningur FKA Twigs er þó einstakur. Hún spilar popptónlist með elektrónískum áhrifum og beitir sinni

góðu rödd til að auka á dulræna upplifun hlustenda. Fyrsta breiðskífan hennar, LP1, komst ofarlega á vinsældarlistum víða um heim. Hún náði 30. sæti á bandaríska Billboard-listanum og fór í 16. sæti á breska vinsældarlistanum. FKA Twigs hefur verið tilnefnd til fjölda stórra verðlauna og hlaut viðurkenningu frá Youtube á árinu sem einn af 50 bestu listamönnum á vefnum.

## Foreign Beggars Á laugardeginum

Enska rappsveitin Foreign Beggars hefur verið starfandi síðan 1996 og átt nokkur lög sem hafa fengið mjög mikla spilun víða um heim. Sveitin spilar ákaflega harða en lifandi tónlist og er undir áhrifum dubstep-hreyfingarinnar. Vinsælasta lag sveitarinnar á vefnum er Contact. Það hefur verið spilað í ellefu milljónir skipta á Youtube. Sveitin hefur sent frá sér átta breiðskífur sem margar hverjar hafa notið mikilla vinsælda.

## Miss Kittin Á laugardeginum

Hin franska Miss Kittin er fjölhæf mjög. Hún er plötusnúður, söngkona og lagasmiður. Hún sló fyrst í gegn árið 1998 og hefur unnið með mjög þekktum tónlistarmönnum á sviði raftónlistar. Lögin hennar Rippin Kittin og Silver Screen Show Case hafa notið athygli víða um heim. Hún hefur gefið út sex breiðskífur og fjölda smáskífa.



## The Wailers Á sunnudeginum

Sveitin The Wailers er auðvitað þekktust fyrir tengsl sín við Bob Marley fram til 1981. Marley var einn af stofnendum sveitarinnar og hélt hún áfram að starfa eftir fráfall hans. Meðlimir sveitarinnar hafa komið og farið í gegnum árin, en hún er enn virk og hefur farið í nokkur stór tónleikaferðalög á undanfögnu árum. Í fyrra ferðadist sveitin heimshorna á milli til að fagna því að 30 ár voru frá því að platan Legend kom út. Sveitin endurgerði plötuna og flutti hana á tónleikum.

The Wailers er ein þekktasta reggí-hljómsveit heims. Sveitin hefur sent frá sér fjölda platna og unnið með fjölda af þekktum tónlistarmönnum. Plötur sveitarinnar hafa selst í tugum milljóna eintaka og eru margar þeirra meðal vinsælustu reggí-platna allra tíma víða um heim.

## Hercules & Love affair Á laugardeginum

Diskósveitin Hercules & Love Affair mun einnig mæta til leiks á Secret Solstice. Sveitin, sem var stofnuð árið 2004, hefur vakið athygli víða um heim og átt lög sem hafa komist á helstu vinsældarlista í Bandaríkjunum, Ítalíu og Bretlandi, svo dæmi séu tekin. Sveitin hefur meðal annars unnið með John Grant sem er þekktur hér á landi.



## LEYNIGESTURINN

### Busta Rhymes Leikur á laugardeginum

Busta Rhymes þarf vart að kynna fyrir rappunndum. Þessi rappari frá Brooklyn í New York hefur verið í forgrunni rapptónlistar síðan 1989. Rapptímaritið The Source valdi hann einn af fimmtíu bestu textahöfundum rappsögunnar. Plötur hans hafa selst í tugum milljóna eintaka og hefur hann unnið mörg af stærstu verðlaunum sem í boði eru fyrir tónlistarmenn. Busta Rhymes verður leynigestur hátíðarinnar.



# GLEÐILEGT ÚTIVISTAR- SUMAR

Þú færð allt fyrir útivistina,  
hlaupin og fótboltann á frábæru  
verði í Intersport!

KOMDU  
OG GERÐU  
FRÁBÆR  
KAUP!

# 20% ÖLLUM VÖRUM\*

\*GILDIR EKKI UM VÖRUR Á ÁÐUR LÆKKUÐU VERÐI.

Gildir  
20.-22.  
júní



INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10-18. LAU. 10-16.  
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10-18. LAU. 10-18. SUN. 13-17.  
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10-18. LAU. 10-16. SUN. 11-15.

SPORT TO THE PEOPLE

 **INTERSPORT®**



FRÁ PEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR

CHICAGO SUN TIMES

VARIETY

THE TELEGRAPH



MÖGNUÐ GRÍNMYND SEM ALLIR VERÐA AÐ SJÁ.

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í FÓTBOLTA VALDI ÞESSA MYND.





FRÁ FRAMLEIÐANDANUM STEVEN SPIELBERG KEIUR EN FLOTASTA MYND SÍMARSINS



SAMBÍÓINN ÁLFABAKKA		SAMBÍÓINN EGILSHÖLL	
INSIDE OUT <b>es.Tal. 2D</b>	kl. 1:30 - 2 - 3:40 - 5:50	INSIDE OUT <b>es.Tal. 2D</b>	kl. 1:20 - 2 - 3:30 - 5:40
INSIDE OUT <b>es.Tal. 3D</b>	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	INSIDE OUT <b>es.Tal. 3D</b>	kl. 1 - 3:10
ENTOURAGE	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	INSIDE OUT <b>Esprt.Tal. 2D</b>	kl. 8
ENTOURAGE VIP	kl. 8 - 10:30	ENTOURAGE	kl. 1 - 3:10 - 5:40 - 8 - 10:20
JURASSIC WORLD 3D	kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	JURASSIC WORLD 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:35
JURASSIC WORLD 2D VIP	kl. 2:30 - 5:20	SAN ANDREAS 2D	kl. 5:30 - 8 - 10:10
SAN ANDREAS 2D	kl. 8 - 10:30	MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 10:30
TOMORROWLAND	kl. 5:20 - 8	<b>SAMBÍÓINN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI</b>	
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 8 - 10:40	INSIDE OUT <b>es.Tal. 2D</b>	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50
AVENGERS 2 2D	kl. 10:40	INSIDE OUT <b>es.Tal. 3D</b>	kl. 1:10 - 3:20
<b>SAMBÍÓINN AKUREYRI</b>		INSIDE OUT <b>Esprt.Tal. 2D</b>	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8
INSIDE OUT <b>es.Tal. 2D</b>	kl. 2	ENTOURAGE	kl. 8 - 10:20
INSIDE OUT <b>es.Tal. 3D</b>	kl. 1 - 3:30	SAN ANDREAS 2D	kl. 5:30 - 8 - 10:30
INSIDE OUT <b>Esprt.Tal. 2D</b>	kl. 5:45	MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 10:10
ENTOURAGE	kl. 8 - 10:30	<b>SAMBÍÓINN KEFLAVÍK</b>	
SAN ANDREAS 2D	kl. 8	INSIDE OUT <b>es.Tal. 2D</b>	kl. 5:30
TOMORROWLAND	kl. 5:30	INSIDE OUT <b>es.Tal. 3D</b>	kl. 3
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 10:30	ENTOURAGE	kl. 8 - 10:20
<b>SPARBÍÓ</b>		ALBATROSS	kl. 8
MERKTAR MEÐ GRÆNI EDA APPELSÍNUGULU OG KR. 1200 Á GRÆNT		JURASSIC WORLD	kl. 2D: 10:10 3D: 5:30
		LOKSINS HEIM <b>es.Tal. 2D</b>	kl. 3

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

## ALBATROSS

STÓRSKEMMILEG NÝ ÍSLENSK GAMANMYND





Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

**miði.is**  
Miðasala og nánari upplýsingar

TILBOÐ KL. 2





POWERSÝNING KL. 10:35

INSIDE OUT

SÝND I 2D OG 3D

TILBOÐ KL. 1:50

TILBOÐ KL. 1:45

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

JURASSIC WORLD 2D	2, 5, 8, 10:35(P)
INSIDE OUT 2D - ISL TAL	1:45, 3:50, 5:55
INSIDE OUT 3D - ISL TAL	1:50
SHE'S FUNNY THAT WAY	8, 10
HRÚTAR	4, 6
SPY	8, 10:30

Góða skemmtun í bíó





**SPARBÍÓ** MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1200 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT





**FJÖLSKYLDUPAKKINN**  
Allir borga barnaverð  
MINNST 4 MÍÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA  
NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

DAGSKRÁ OG MÍÐASALA ER Á EMÍÐI.IS

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**



**FERSKAR** Þær Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Sigríður Elva Vilhjálmstöðttir ætla sér að vera hressar og ferskar í fjórutíu tíma.  
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

# Verða á skjánum í tvo sólarhringa

Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Sigríður Elva Vilhjálmstöðttir stýra beinni útsendingu frá WOW Cyclothon-keppninni sem verður 40 klukkustundir að lengd.

„Þetta verður blanda einhverri hasar-andvöku og táfýlu,“ segir Sigríður Elva Vilhjálmstöðttir sem mun stýra beinni útsendingu frá WOW Cyclothon-keppninni sem hefst í næstu viku. Eins og kom fram á Vísi í gær verður gerð tilraun til lengstu og flóknustu beinu útsendingar í sjónvarpssöggunni á Íslandi. Beina útsendingin verður í um 40 klukkustundir og verða Sigríður Elva og Friðrika Hjördís Geirsdóttir á skjánum nánast allan tímann.

Sigríður segist spennst að vita hvernig þær vinkonurnar verði orðnar undir lokin á þessari maraþonútsendingu „Ég veit nú ekki hvernig þetta verður þarna undir lokin. Líklegast verður ekk-

ert gáfulegt sagt þarna síðustu klukkutímana, sem ætti að vera frábært sjónvarp.“

Sigríður segist ekki kvíða því að segja eitthvað sem ekki á við í beinni útsendingu og útskýrir hlējandi fyrir blaðamanni: „Ég hef litlar áhyggjur af því. Ég hef nú ekki verið þekkt fyrir að segja margt af viti í sjónvarpi undanfarin ár.“

Hún segir varla hægt að undirbúa sig líkamlega fyrir svona törn eins og útsendingin verður. „Kannski að kaupa þrjá pakka af Nescafé og sprauta því beint í æð. En þetta verður heljarinnar þrekvirkir að vaka svona. Vonandi nær maður nú einhverjum blundum þarna inn á milli. Annars er

ég nýkomin frá Bandaríkjunum, þannig að svefninn er nú þegar kominn í svolítið rugl hjá mér.“

Útsending mun hefjast á Stöð 2 Sport klukkan 18.50 þriðjudaginn 23. júní og standa sleitulaust til fimmtudagsins 25. júní þegar fyrstu tíu manna liðin koma í mark.

Teymið mun fylgja eftir 10 manna liðunum frá upphafi og taka þau tali á leiðinni, kanna stemningu í hópnum og heim-sækja fylgdarbíla liðanna. Um er að ræða lengstu og flóknustu beinu útsendingu sem farið hefur verið í frá upphafi hérlendis, þar sem öll nýjasta tækni verður notuð til þess að koma útsendingunni í skjái landsmanna.

kjarntanli@365.is

ERÍKUR  
HAUKSSON

BJÖRGVIN  
HALDÓRSSON

MATTHÍAS  
MATTHÍASSON

STEFÁN  
JAKOBSSON

& ROKKABILLÝBANDIÐ

HEIÐURSTÓNLEIKAR

THE  
BEATLES

HÁSKÓLABÍÓ 15. ÁGÚST 2015



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIDÍ.IS

*midi.is* PROMO

## Úrslitin ráðast um helgina

**GOLF** Úrslitin á Íslandsmóttinu í holukeppni ráðast um helgina en leikið er á Jaðarsvelli á Akureyri. Mótið er fjórða mót tímabilsins í Eimskípmótariðinni.

Riðlakeppninni lýkur fyrir hádegi í dag. Í karlaflokkki eru átta fjögurra manna riðlar en sigurvegari hvers riðils kemst í átta-manna úrslit. Í kvennaflokkki er leikið í sex riðlum. Efstu kylfingarnir í 1. og 2. riðli fara beint í undanúrslitin en sigurvegari 3.-6. riðils leika í 4. umferð um tvö laus sæti í undanúrslitunum. Undanúrslitin og úrslitin fara svo fram á sunnudaginn.

Kristján Þór Einarsson og Tinna Jóhannsdóttir hafa titil að verja í holukeppninni en þau eru bæði í góðri stöðu í sínum riðlum.



- ips

## Risar mætast í sextán liða úrslitunum á HM kvenna í Kanada

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Heimsmeistaramóts kvenna hefjast í dag og þau byrja á rosalegum leik milli tveggja af fimm bestu kvennalandsliða heims samkvæmt styrkleikalista FIFA. Þetta eru lið Þýskalands (1. Sæti á FIFA-listanum) og Svíþjóðar (5. sæti). Svífar gerðu þrjú jafntefli í riðlinum og rétt skrifuðu upp úr riðlakeppninni sem eitt liðunum með bestan árangur í 3. sæti.

Spútniklið Kamerún mætir Kína í öðrum leiknum og þrjár leikir fara síðan fram á morgun en þar á meðal er viðureign heima-stúlkna í Kanada á móti Sviss. Þær

svissnesku skildu einmitt íslensku stelpurnar eftir í undankeppninni. María Þórisdóttir og félagar hennar í norska landsliðinu mæta Englandi á mánudagskvöldið í einum af athyglisverðari leikjum fystu umferðar útsláttarkeppinnar.

### LEIKIRNIR Í 16 LIÐA ÚRSLITUNUM:

Laugardagur klukkan 20.00	Þýskaland-Svíþjóð
Laugardagur klukkan 23.30	Kína-Kamerún
Sunnudagur klukkan 17.00	Brasilía-Ástralía
Sunnudagur klukkan 20.00	Frakkland-Kórea
Sunnudagur klukkan 23.30	Kanada-Sviss
Mánudagur klukkan 21.00	Noregur-England
Mánudagur klukkan 24.00	Bandaríkin-Kólumbía
Þriðjudagur klukkan 02.00	Japan-Holland



**SPILA Á MÁNUDAGINN** María Þórisdóttir og félagar í norska landsliðinu mæta Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**STÁL Í STÁL** Hér horfast þeir í augu, Kassim Doumbia og Grétar Sigfinnur Sigurðarson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Enn á ný fær KR heimaleik á móti FH

**FÓTBOLTI** KR og FH mætast í stórleik átta liða úrslita Borgunarbikars karla en dregið var í hádeginu í gær.

Þetta er í þriðja sinn á síðustu fimm árum sem KR-ingar fá heimaleik á móti FH í bikarnum en KR-liðið hefur unnið báða leikina og farið síðan alla leið og fagnað sigri í bikarnum um haustið.

KR og FH hafa alls mæst fimm sinnum í bikarnum á síðustu tólf árum og enginn leikjanna hefur farið fram í Hafnarfirði því þrjár hafa verið á KR-velli og tveir á Laugardalsvelli, þar á meðal úrslitaleikur liðanna 2010 þegar FH vann bikarinn síðast. KR hefur unnið þrisvar síðan þá.

Allir leikir átta liða úrslitanna fara fram sunnudaginn 5. júlí en leikurinn á KR-velli hefst klukkan 19.15. Fyrstu deildarliðið KA fær spútniklið Fjölnis í heimsókn klukkan 16.00 á sama sunnudegi en í hinum Pepsi-deildarviðureignunum taka Víkingar á móti Val (klukkan 19.15) og Fylkis-menn spila við ÍBV í Eyjum (klukkan 17.00).

- 66j

# Hjálpar okkur fyrir næsta ár

Íslenska frjálsíþróttalandsliðið hefur keppni í 2. deild Evrópumóts landsliða í Stara Zagora í Búlgaríu í dag. Ísland getur ekki fallið þannig að það fær dýrmæta reynslu í keppni á móti virkilega sterkum andstæðingum.

**FRJÁLSAR** „Ferðalagið var langt þannig að við vorum ansi þreytt þegar við mættum hálf tvö í nótt [fyrrinótt],“ segir Hafdís Sigurðardóttir, frjálsíþróttadrottning frá Akureyri, í samtali við Fréttablaðið um ferðalag íslenska landsliðsins til Stara Zagora í Búlgaríu.

Þar hefur landsliðið keppni í 2. deild Evrópumóts landsliða í dag, en Ísland komst upp úr 3. deildinni í fyrra eftir glæsilegan árangur í Georgíu. Hafdís var lykilmáður í því liði og raðaði inn stigum í stökkum sem hlaupum. Hún keppir í boðhlaupum, langstökki og þrístökki fyrir Ísland um helgina.

„Veðrið er rosalega gott og allt lítur bara vel út hérna. Hitastigið er flott og svo er sól á köflum. Það fer mjög vel um okkur,“ segir Hafdís um aðstæðurnar, en í fyrra voru þær vart boðlegar í Georgíu.

### Var svolítið stressuð

Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri Frjálsíþróttasambands Íslands, sá til þess að Ísland getur ekki fallið úr 2. deildinni í ár, en tillaga hans um fjölgun var samþykkt á síðasta þingi evrópska sambandsins. Það var þó löngu kominn tími til enda tólf lið bæði í úrvalsdeildinni og 1. deildinni.

„Það er rosalega þægileg tilfinning að vita að við getum ekki fallið niður, jafnt fyrir nýliða sem okkur gamla fólkið,“ segir Hafdís og hlær við.

„Ég verð að viðurkenna að ég var frekar stressuð fyrir keppninni þegar ég sá hversu sterkir keppendur eru hérna, en það er líka gott að vera með smá stress í sér. Við erum samt öll orðin rólegri.“

Hafdís segir það gera mikið fyrir liðið að geta ekki fallið og keppnin í ár sé góður undirbúningur fyrir 2. deildina að ári.

„Vonandi náum við bara að vera með sterkara lið á næsta ári,“

segir Hafdís sem getur látið sig dreyma um að komast á pall í langstökkinu. Hún þarf þó kannski að bæta Íslandsmetið sitt til þess.

„Það er bara flott. Maður gerir bara sitt besta með smá pressu á bakinu. Árið byrjar vel hjá mér og vonandi heldur það bara áfram,“ segir Hafdís.

### Ögrun að taka þátt

Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri FRÍ, veit vel hversu erfitt verkefnið er fyrir íslenska liðið enda að keppa á móti stórbjóðum í frjálsíþróttum á borð við Króatíu, Ungverjaland og sterkt lið Dana.

„Það er ögrun fyrir okkar fólk að taka þátt í þessu móti. Það eru fáar veikar greinar hjá öðrum þjóðum og okkar veikleikar koma verulega í ljós,“ segir Jónas við Fréttablaðið, en í sumum greinum eins og stangarstökki og hástökki er Ísland mun aftur heldur en keppinautarnir um helgina.

„Spjótkastríð og 800 metrar kvenna eru okkar sterkustu greinar,“ bætir Jónas við.

Guðmundur Sværissón og Ásdís Hjálmsdóttir „eiga“ bæði að vinna spjótkastríð keppnina en þau eiga besta árangurinn af þeim sem keppa. Aníta Hinriksdóttir á langbesta árangurinn í 800 metra hlaupi kvenna og næstbesta árangurinn í 1.500 metra hlaupi kvenna.

Jónas lítur einnig á keppnina í ár sem góðan undirbúning fyrir næsta ár þar sem íslenska liðið getur ekki fallið.

„Þetta verður, að ég tel, næst haldið í Danmörku. Það verður mun betra fyrir okkur; styttra ferðalag og vinalegra umhverfi. Krakkarnir fá þarna mjög gott tækifæri til að miða sig við suma af þeim bestu í heiminum,“ segir Jónas, en á meðal keppenda er Ólympíu- og Evrópumeistarinn í sleggjukasti, Kriztían Pars frá Ungverjalandi.

tomas@365.is



**GOTT ÁR** Hafdís hefur byrjað árið 2015 vel og vonast eftir góðu gengi á Evrópumóti landsliða í Stara Zagora í Búlgaríu. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNLAUGUR JÚLIUSSON

## Tíu milljóna króna niðurgreiddur pakki

„Þetta er um 120 þúsund krónur á manninn,“ segir Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri FRÍ, um kostnaðinn við að senda frjálsíþróttalandsliðið til Stara Zagora þessa helgina. „Bara flugið er um þrjár og hálf milljón á keppendur og aðra aðstoðarmenn. Í heildina eru keppendurnir 26 og starfslið telur níu manns.“

Í heildina er þetta svona fjórar og hálf milljón en gistingin er greidd af evrópska frjálsíþróttasambandinu. Fyrir okkur eru þetta búningar og fleira. Ef við þyrftum að borga allt væri kostnaðurinn svona tíu milljónir króna en endurgreiðslurnar sjá um stóran hluta af þessu sem er gott því þetta er mikilvægt verkefni fyrir krakkana,“ segir Jónas Egilsson.

## Fáum besta lið heims í milliriðli

Landsliðsþjálfarinn mjög ánægður með riðil Íslands á EM 2016 í handbolta.

**HANDBOLTI** „Við erum nokkuð ánægðir með þennan riðil,“ segir Aron Kristjánsson um B-riðilinn á EM 2016 í handbolta þar sem Ísland spilar á móti Króatíu, Hvíta-Rússlandi og Noregi í janúar á næsta ári. Strákarnir okkar voru nokkuð heppnir með riðil verður að segjast og landsliðsþjálfarinn því í fínu skapi þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Við fáum Hvíta-Rússland sem er auðvitað betra en að mæta Þjóðverjum úr 3. styrkleikaflokkki, en Noregur var nú eitt af betri liðunum í þeim fjórða. Þetta er samt bara ágætt en verður auðvitað erfitt eins og öll Evrópumót. Við tökum þetta bara skref fyrir skref,“ sagði Aron sem var að fylgjast með yngsta syni sínum spila á Norðurálmóttinu þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Fari Íslendingar upp úr riðlin-

um mæta þeir Evrópu- og Ólympíumeisturum Frakka í milliriðli sem og gestgjöfunum Pólverjum.

„Það er það eina neikvæða við þetta. Frakkarnir eru auðvitað bestir í heimi og Pólverjar með gríðarlega sterkt lið,“ segir Aron sem fagnar því að milliriðillinn sé spilaður í Kraká. „Það er flottasta borgin í Póllandi,“ segir hann.

Íslenska landsliðið er komið í sumarfrí en það hittist næst í október þegar tímabilið er hafið.

„Það er æfingaleikjavika þarna og svo förum við á æfingamót í Noregi þar sem við spilum við Norðmenn, Dani og Frakka. Svo fara allir núna á fullt í að finna leiki fyrir janúar áður en EM byrjar,“ segir Aron.

Ísland spilaði fimm leiki fyrir HM í Katar og það finnst Aroni of mikið. Stefnit verður að því að fækka þeim allavega um einn.



**ENN OG AFTUR** Ísland mætir Noregi á fjórða EM í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Æfingamótið fyrir EM 2014 kom vel út. Þá spiludum við þrjá leiki. Fyrir HM í Katar tókum við tvo æfingaleiki við Þjóðverja áður en við förum á fjögurra landa mót. Undirbúningurinn var því ekki nógu góður. Þrjár leikir eru betri, alveg hámark fjórir,“ segir Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari í handbolta.

- tom

pepsi delicín

SUNNUD. KL. 19:30

**FH – BREIÐABLIK**

Það verður sannkallaður risaslagur þegar tvö efstu liðin í Pepsi deildinni mætast á sunnudag í Klaplakra. Tekst FH-ingum að auka forskot sitt í deildinni eða tylla Blikarnir sér á toppinn?

**HLEÐSLA**  
ÍPRÓTTADRYKKUR

100%  
HÁGÆÐA  
PRÓTEIN



# KOLVETNASKERT LAKTÓSAFRÍ



Þú þarft líkamlega orku, úthald og einbeitingu til að ná árangri í lífinu. Kolvjetnaskert, laktósafrí Hleðsla, með súkkulaðibragði, er gerð úr náttúrulegu íslensku hágæðapróteini. Búið er að kljúfa allan mjólkursykur og nýja Hleðslan hentar því öllum sem eru með mjólkursykurþol. Láttu ekkert stöðva þig. Fáðu þér laktósafría Hleðslu.

# Bikarþreyta Blika ræður úrslitunum

Tvö efstu lið Pepsi-deildar karla eigast við þegar FH tekur á móti Breiðabliki á sunnudagskvöld. Breiðablik, eina taplausa lið deildarinnar, féll úr leik í bikarnum í vikunni.

Eiríkur Stefán  
Ásgeirsson  
eirikur@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Það eru tveir stórslagir í næstu umferð Pepsi-deildar karla. Topplið FH, sem á flesta sigra (6) allra liða á tímabilinu, tekur á móti Breiðabliki – eina taplausa liði deildarinnar – á Kaplakrikavelli annað kvöld. Á mánudagskvöld mætast svo Íslandsmeistarar Stjörnunnar og bikarmeistarar KR.

Við beinum sjónum okkar nú að fyrrnefnda leiknum en Hjörvar Hafliðason, einn sérfræðinga Pepsi-markanna, segir að þrátt fyrir mikinn styrkleika liðanna séu vankantar á þeim báðum.

„FH-ingar hafa verið að leka inn mörkum,“ segir hann og bendir á að aðeins einu sinni [gegn Víkingi] hefur FH haldið hreinu síðan liðið vann Val, 2-0, í annarri umferð þann 10. maí.

„Það hefur verið áhyggjuefni fyrir Heimi Guðjónsson [þjálfara FH]. En hann ætti nú, loksins, að geta stillt upp sínu besta miðvarðapari,“ segir Hjörvar, sem reiknar með því að Guðmann Þórisson, sem spilaði í 90 mínútur þegar FH vann Grindavík í bikarnum á fimmtudag, sé orðinn góður af meiðslum sínum og spili með Kassim Doumbia í hjarta varnar FH.

## Byrjunarliðið eins og jólasería

Arnar Grétarsson hefur ekki haft ríka ástæðu til að breyta byrjunarliði Breiðabliks. Liðið hefur unnið fimm deildarleiki í röð.

„Við sáum það í bikarleiknum

Því svo Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf...

gegn KA að þeir ráða ekki við breytingar,“ segir Hjörvar en Arnar tefldi fram breyttu byrjunarliði gegn KA í bikarnum á fimmtudag og laut þá í lægra haldi í framlengdum leik.

„Byrjunarlið Breiðabliks er eins og jólasería. Ef það vantar eina peru þá er allt saman ónýtt,“ segir Hjörvar og bætir við að úrslit leiksins muni líklega ráðast af því hversu þreyttir Blikarnir verða eftir að margir þeirra spiluðu 120 mínútur í bikarnum á fimmtudag.

